INGA MARÍA LEIFSDÓTTIR
*Keypti gervipels hjá Hjálpræðishernum*
• tíska • heimili
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




DAGVAKTIN GEFUR AF SÉR
*Hótel Bjarkalundur blómstrar*
Morðvopnið vinsælt myndefni
FÓLK 42



SIGURÐUR KAISER
*Sækir um embætti þjóðleikhússtjóra*
Vill leikhúsið til fólksins í landinu.
FÓLK 42



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júní 2009 — 143. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

**FIMMTUDAGUR**



**Skarar fram úr**
Fyrirtækið 66° Norður hlýtur Apex-verðlaunin frá Polartec fyrir framúrskarandi hönnun þriðja árið í röð.
TÍMAMÓT 22

**Eiga eftir að finna styttunum stað**



Hjónakornin Sigurður Pálsson og Kristín Jóhannesdóttir eiga tvær Grímur í Mávahlíðinni.
FÓLK 34

**Úr Eurovision í bíó**
Baldvin Z leikstýrir sinni fyrstu kvikmynd.
FÓLK 42

**Hvað gerir Tiger?**



Opna bandaríska meistaramótið í golfi hefst í dag og allra augu eru á Tiger Woods.
ÍÞRÓTTIR 38

**VEÐRIÐ Í DAG**




**LÉTTIR TIL V-LANDS** Í dag verða norðan 5-10 m/s en 8-13 NA-til síðdegis. Dálítil rigning NA-lands fram eftir degi en léttir til á vesturhelmingi landsins eftir hádegi. Hiti víðast 6-15 stig, svalast nyrðra.
VEÐUR 4

# Ráðherra segir fráleitt að eignir ríkisins séu að veði

**Fjármálaráðherra telur að Íslendingar lendi tæpast í vanskilum með Icesave-lánið enda sé endurupptökuákvæði í samningunum. Prófessor í lögum segir fullveldisrétt kunna að fara yfir í aðra lögsögu.**

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaráðherra segir alvanalegt að nota enskan rétt í milliríkjasamningum. „Það er alveg fráleit túlkun að eignir ríkisins almennt eða auðlindir séu að veði. Þetta er bara hefðbundið ákvæði,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Greint var frá því í fréttum RÚV að deilur við Hollendinga vegna Icesave-samningsins yrðu leystar fyrir breskum dómstólum, nema Hollendingar færu fram á annað.

Þá myndu Hollendingar geta gengið að eignum íslenska ríkisins að því leyti sem stjórnarskráin leyfði, gæti ríkið ekki staðið við samninginn. Aðrir fyrirvarar munu ekki vera um rétt Hollendinga til íslenskra eigna.

Lagaprófessorar sem blaðið talaði við í gær sögðu að við fyrstu sýn gæfi fréttin til kynna að með samningunum yrði talsvert afsal á rétti ríkisins til að hafa yfirráð yfir sínum eignum og dómsvald í eigin málum.

Stefán Már Stefánsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, segist setja spurningarmerki við þetta. „Mér finnst þessi aðför á hendur ríki svolítið sérkennileg. Ég kannast ekki við að hægt sé að kyrrsetja eða gera fjárnám í einstökum eignum ríkja,“ segir Stefán.

Steingrímur minnir á að í samningnum sé „endurupptökuákvæði, ef greiðslubyrðin reynist um megn. Það er alls ekki gert ráð fyrir að til vanefna komi fyrr en að undangengnum slíkum hlutum“.

Indriði H. Þorláksson, nefndarmaður í Icesave-nefndinni, segir að Íslendingar hafi farið fram á að íslenskur dómstóll skæri úr um deilumál, en venjan sé í slíkum samningum að lánveitendaríkið hafi lögsögu um ágreiningsmál.

Þetta segir Stefán Már að sé „sjálfsagt ekki fjarri lagi [þegar um eðlilegar fjárhæðir er að ræða].

„En ég er ekki alveg jafn sannfærður þegar um er að ræða lán sem eru kannski margföld fjárlög ríkisins. Þá er um leið verið að semja um hluta fullveldisréttarins yfir í aðra lögsögu. Það hljómar svolítið skringilega.“ Um milliríkjadeilur kunni að gilda aðrar reglur.

Steingrímur hvetur fólk til að anda rólega og hlaupa ekki á sig. Samningurinn verði vonandi aðgengilegur í heild sinni innan skamms. **- kóþ**



**ANDA BLÁSIÐ Í BRJÓST** Um fimmtíu þúsund manns voru við hátíðarhöldin í miðbæ Reykjavíkur í gær sem voru að mörgu leyti litrík eins og þessi mynd ber með sér. Fjórmenningarnir blésu af krafti í hljóðfæri sín og ekki var amalegt að hafa fánann fyrir aftan sig til að blása sér anda í brjóst. **Sjá síðu 2 og 12** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SAMEINAÐIR STÖNDUM VÉR** Íslensku strákarnir sýndu glansleik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ísland lagði Makedóníu:

## Landsliðið á leið á EM

**HANDBOLTI Íslenska landsliðið vann öruggan sigur á Makedóníu, 34-26, í troðfullri Laugardalshöll í gær.**

**Landsliðið hefur þar með tryggt sér farseðilinn í lokakeppni Evrópumótsins sem fram fer í Austurríki í janúar á næsta ári. Þetta er magnaður árangur hjá liðinu, sem hefur orðið fyrir miklum forföllum alla undankeppnina en Guðmundi Guðmundssyni, hefur alltaf tekist að púsla saman frábæru liði.** - hbg / nánar á síðu 36

Ríkisstjórnin mun stefna á að kynna niðurskurð í ríkisfjármálum í dag:

# Hrikalega erfiðar ákvarðanir

**EFNAHAGSMÁL** „Ég ætla ekki að fara að nota gleðimælikvarðann á þetta. Það eru hrikalega erfiðar ákvarðanir fram undan sem eru íþyngjandi fyrir fólk að mörgu leyti,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands.

Hann hafði verið spurður hvort hann væri ánægður með þær tillögur sem forystumenn ríkisstjórnarinnar kynntu aðilum vinnumarkaðarins í gær.

„150 milljarða breyting á afkomu ríkissjóðs kemur auðvitað við okkur öll,“ segir hann.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Nú þegar ríkisstjórnin sé að ná ríkisfjármálunum fyrir horn minnir Gylfi á áherslur ASÍ um að verja hag þeirra verst stöddu og að ýmis ákvæði um greiðsluaðlögun verði endurskoðuð.

Hann nefnir sérstaklega að tekið skuli á greiðsluaðlögunarvanda ungs fólks, sem keypti sína fyrstu íbúð dýru verði, þegar bólan var sem stærst. **- kóþ**




**Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið**



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



## SPURNING DAGSINS



*Þórður, er þetta hluti af aðgerðapakka stjórnvalda?*

„Já, þessar aðgerðir eru það, það liggur alveg í augum uppi og sérstaklega sett fram til að skapa nýja sýn á málin.“

Fréttablaðið sagði frá því í gær að útlendingar flykktust til landsins til að gangast undir laser-aðgerðir á augum. Þórður Sverrisson er augnlæknir hjá Lasersjón.



**ARNARHREIÐRIÐ Í GÆR** Það kann að vera langdregið að horfa á örn á eggi en um tólf hundruð manns líta á það daglega á vefnum reykholar.is.

MYND/REYKHOLAR.IS

Vinsælt myndefni:

# Örninn sem verpir í beinni

**DÝRALÍF** Um tólf hundruð manns fara daglega inn á vefinn Reykhólar.is til að fylgjast með gangi mála þar sem örn liggur á eggi sínu á eyju einni á Breiðafirði. Vefmyndavél hefur verið komið fyrir svo hægt er að fylgjast með hreiðrinu í beinni útsendingu.

„Þetta er svolítið eins og að horfa á málningu þorna en það er gríðarlegur áhugi fyrir þessu,“ segir Signý Magnfríður Jónsdóttir, bóndi á Gróustöðum í Gilsfirði, en hún og maður hennar Bergsveinn G. Reynisson standa að verkefninu í samvinnu við Náttúrufræðistofu. En þó að þetta sé langdregið sjónvarpsefni segir Signý Magnfríður að vonandi fari að draga til tíðinda. - jse

Takmarkað hundahald í Kína:

# Aðeins einn hund á heimili

**GUANGZHOU, AP Frá og með 1. júlí næstkomandi verður íbúum Guangzhou í Kína gert að takmarka hundaeign við eitt dýr á hvert heimili. Þeir sem þegar eiga fleiri hunda verða að velja á milli gæludýra sinna. Víða í landinu, þar á meðal í Peking, eru slíkar reglur þegar í gildi.**

**Gæludýraeign hefur stóraukist í Kína síðustu ár en lausaganga fyrrverandi heimilishunda hefur valdið vandræðum. Árið 2006 voru 29 þúsund hundar fangaðir í Peking á einum mánuði í herferð gegn hundaæði og öðrum sjúkdómum. Asíuleikarnir verða haldnir í Guangzhou á næsta ári og vilja yfirvöld grípa til aðgerða svo hundaplága setji ekki mark sitt á leikana.** - mt

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Slasaðist í Reykjadal

Kona slasaðist á göngu í Reykjadal ofan við Hveragerði síðdegis í gær. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti hana og var hún flutt á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss til skoðunar og aðhlynningar. Konan, sem var á göngu með fleira fólki, datt og fékk höfuðhögg, Vegna þess hve löng ganga var að bíl hennar þótti ráðlegt að sækja hana með þyrlu og flytja á sjúkrahús.

Forsætisráðherra talaði um græðgi og óhóf í þjóðhátíðarávarpi sínu:

# Stjórnvöld voru andvaralaus

**STJÓRNMÁL** Íslensk stjórnvöld og eftirlitsstofnanir sýndu of mikið andvaraleysi í góðærinu og aðdraganda bankahrunsins. Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í þjóðhátíðarávarpi sínu í gær.

„Íslenskir útrásarvíkingar höfðu farið víða um í miklum græðgi- og óhófsham og skilið eftir sig rústir, ekki einungis hér á landi heldur einnig í öðrum löndum,“ sagði Jóhanna. „Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir okkar sýndu við þessar aðstæður of mikið andvaraleysi.“

Jóhanna fjallaði um Icesave-samkomulagið við Breta og Hollendinga sem mikill styr hefur staðið um. Sagði hún ákvörðunina um að ganga til samninga hafa verið erfiða en óhjákvæmilega.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra.

Það væri samdóma álit allra ríkja að íslenska ríkið bæri ábyrgð á skuldbindingunum.

Lögfræðilegar álitsgerðir segðu að ef Íslendingar höfnuðu samkomulaginu yrði „raunveruleg hætta [...] á því að Ísland einangraðist á alþjóðavettvangi, markaðir myndu lokast og lánamöguleikar yrðu að engu.“

Þá fjallaði Jóhanna um samvinnu Íslendinga við aðrar þjóðir og sagði sjálfstæði Íslands ekki síst byggjast á því hvernig við treystum og þróuðum samstarf okkar við önnur ríki heimsins. - sh

Rússar og Kínverjar uggandi:

# N-Kórea hótar grimmri hefnd

**MOSKVA, AP** Rússar og Kínverjar lýstu í gær yfir miklum áhyggjum af vaxandi spennu á Kóreuskaga og hvöttu Norður-Kóreumenn til að setjast aftur að samningaborðinu vegna kjarnorkutilrauna sinna. Yfirlýsingin vekur athygli, enda hafa þjóðirnar tvær einna helst staðið í vegi fyrir tillögum í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um hertar refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu.

Yfirlýsingin kom í kjölfar yfirlýsingar Norður-Kóreumanna þess efnis að þeir myndu hefna þúsundfalt með miskunnarlausum hernaðaraðgerðum yrði þeim ógrað á nokkurn hátt. - sh

# Hátekjuskatturinn miðast við árstekjur

**Hátekjuskattur verður innheimtur mánaðarlega af tekjum umfram 700 þúsund krónur en síðan reiknaður af meðaltekjum í lok árs og endurgreiddur ef þarf. Skattur verður ekki innheimtur af fjármagnstekjum upp að 250 þúsundum.**

**EFNAHAGSMÁL** Átta prósenta hátekjuskattur, sem byrjað verður að innheimta um mánaðamótin, leggst á allar launatekjur umfram 700 þúsund krónur, samkvæmt frumvarpi sem lagt verður fyrir þingið á næstu dögum.

Skatturinn verður innheimtur mánaðarlega en endurskoðaður í lok árs og þá reiknaður af meðalmánaðartekjum, eða heildartekjum umfram 4,2 milljónir á þessum sex mánuðum. Hafi tekjur fólks verið breytilegar eftir mánuðum, og það farið undir 700 þúsunda markið einhverja mánuði, á það þannig rétt á endurgreiðslu á næsta ári enda hafi það verið ofrukkað um hátekjuskatt. Þetta segir Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra og fyrrverandi ríkisskattstjóri og ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu.

Ekki er miðað við meðaltekjur hjóna í þessu tilliti. Breytingarnar sem kveðið verður á um í frumvarpinu gilda aðeins til loka þessa árs.

Þá verða gerðar breytingar á fjármagnstekjuskatti. Hann verður hækkaður úr tíu prósentum í fimmtán prósent af árlegum fjármagnstekjum, sem eru vaxtatekjur, arður af hlutabréfum, söluhagnaður og leigutekjur. Frítekjumark fjármagnstekna verður hins vegar hækkað í 250 þúsund krónur, úr engu. Fjármagnstekjum hjóna er dreift jafnt á þau.

Einnig stendur til að hækka tryggingagjald, sem atvinnuveitendur greiða í atvinnutryggingasjóð, í því skyni að styrkja sjóðinn vegna aukins atvinnuleysis. Þá á að leggja sérstakan skatt á sætindi og gosdrykki.

Með skattahækkununum hyggjast stjórnvöld reyna að brúa 20 til 25 milljarða fjárlagagat þessa árs. Áætlað er að hátekjuskatturinn skili um 2,5 milljörðum á þessu ári og um fjórum milljörðum á ársgrundvelli. Þá á breytingin á fjármagnstekjuskattinum að skila um sex milljörðum í ríkiskassann og hækkun tryggingagjaldsins um tólf milljörðum á ársgrundvelli.

stigur@frettabladid.is

## NOKKUR DÆMI UM ÁHRIFIN

**Dæmi 1**

- Maður er með fastar tekjur sem nema milljón á mánuði.
- Hann þarf nú að greiða um 330 þúsund á mánuði í skatt. (37,2% tekjuskattur af milljón krónum er 372 þúsund, og frá dregst um 42 þúsund króna persónuafsláttur.)
- Eftir breytinguna greiðir hann áfram 372 þúsund krónur af milljón, auk átta prósenta af því sem er umfram 700 þúsund - í þessu tilviki 300 þúsundum.
- Hátekjuskatturinn er því 24 þúsund, og leggst við hinn skattinn.
- Eftir breytingu greiðir maðurinn samtals 354 þúsund í skatt (372+24-42=354).

**Dæmi 2**

- Kona er með misjafnar tekjur milli mánaða, stundum yfir 700 þúsund króna markinu og stundum undir því.
- Þá mánuði sem hún fær yfir 700 þúsund greiðir hún hátekjuskatt af umframupphæðinni.
- Þegar hún er undir 700 þúsunda markinu greiðir hún eðli málsins samkvæmt engan hátekjuskatt.
- Í lok árs eru heildartekjur hennar yfir sex mánaða tímabilið teknar saman og hátekjuskattur reiknaður af þeirri upphæð sem er umfram 4,2 milljóna heildartekjur. Hún fær síðan endurgreiddan oftekinn hátekjuskatt.



**Dæmi 3**

- Ríkur maður er með sex milljónir á ári í fjármagnstekjur.
- Nú greiðir hann tíu prósenta skatt af upphæðinni, eða 600 þúsund á ári.
- Eftir breytingu greiðir hann ekkert af fyrstu 250 þúsund krónunum, en fimmtán prósent af afganginum.
- Hann þarf því að greiða 862.500 krónur í fjármagnstekjuskatt (15 prósent af 5.750.000).



**ÍSLENDINGAR Í ÍSLENDINGI** Einar Bárðarson segir Íslending loks nú kominn til heimahafnar eftir níu ár.

Víkingaheimar vígðir:

# Íslendingur lok í heimahöfn

**MENNING Víkingaheimar voru formlega vígðir fyrir fullu húsi í gær í Reykjanesbæ en þar er víkingaskipið Víkingur til sýnis auk fjölda muna frá Smithsonian-safninu. Það var einmitt 17. júní fyrir níu árum sem Gunnar [Marel Eggertsson] hélt úr höfn á víkingi til vestur heims en það er fyrst nú sem hann er kominn fyrir fullt í heimahöfn,“ segir Einar Bárðarson, einn af aðstandendum sýningarinnar.**

**Meðal muna segir Einar vera um þúsund ára gamla muni, eins og sverð, spjót leggsteina og axir sem allt hefur verið grafið upp í Skandinavíu. Munirnir verða til sýnis í Víkingaheimum næstu tvö árin.** - jse



**LEITAÐ AÐ BRAKI** Brasilískir sjóliðar draga upp brak úr flugvél Air France sem fórst í byrjun mánaðarins.

Leitin að flugvél Air France:

# Splundraðist líklega á flugi

**BRASILÍA, AP** Talið er að farþegaflugvél Air France sem fórst í byrjun mánaðarins á leið frá Rio de Janeiro til Parísar hafi splundrast á flugi. Sú ályktun er dregin af niðurstöðum krufningar á um fimmtíu líkum, sem flest voru í heilu lagi en með brotna útlimi.

Enn er leitað á um tuttugu þúsund ferkílómetra svæði og reynt að finna tvo svarta kassa flugvélarinnar, sem innihalda upplýsingar um hvað gerðist við slysið. Næstu tvær vikur eða svo munu kassarnir gefa frá sér merki, en eftir það munu merkin dofna. Aðstæður til leitar eru sagðar betri en fyrstu dagana eftir slysið. - mt

Fimmtugur maður handtekinn á Álftanesi eftir mikil eignaspjöll:

# Missti húsið sitt og rústaði því

**LÖGREGLUMÁL** Fimmtugur maður sem nýverið missti hús sitt á Álftanesi vegna fjárhagsörðugleika var handtekinn í gær eftir að hafa gjöreyðilagt húsið með gröfu. Manninum var sleppt að lokinni skýrslutöku í gær. Hann gæti átt yfir höfði sér ákæru vegna eignaspjalla.

Húsið er nýlegt einingahús úr timbri, reist árið 2003, og er í eigu Frjálsa fjárfestingarbankans eftir að maðurinn missti það til hans. Það er 180 fermetrar og brunabótamatið er fimmtíu milljónir.

Húsið er talið gjörónýtt. Ekkert stendur eftir af því nema bílskúrinn.

Maðurinn tók gröfuna á leigu og kom henni fyrir við húsið í fyrrakvöld. Í gær rústaði hann síðan húsinu með gröfunni, ýtti bíl sínum hálfum ofan í nýtekna gryfju og mokaði yfir. Lögregla handtók hann síðan þar sem ók burt frá húsinu.

Myndatökumaður var á staðnum og tók athæfið upp á myndband að beiðni mannsins. Ekki er vitað hvað hann hyggst fyrir með myndbandið. - sh



**HREINSAÐ TIL** Hafist var handa við að hreinsa brakið þegar í gærkvöldi svo það skapaði ekki hættu, til dæmis fyrir þessa áhugasömu pilta.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


GARÐ-
PARTÝ
20%
AFSLÁTTUR
ÖLL
GRILLÁHÖLD
15%
AFSLÁTTUR
ÖLL
GRILL FRÁ
weber
10
STJÚPUR
799
20
STJÚPUR
1499
Tráplöntu-
tilboð
Gljámispill 499kr
Birkikvistur 799kr
Blátoppur 999kr
Fjallarós 999kr
TAX FREE
TAX FREE
AF ÖLLUM
TRJÁKLIPPUM
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 16.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,93 | 127,53 |
| Sterlingspund | 208,73 | 209,75 |
| Evra | 176,23 | 177,21 |
| Dönsk króna | 23,666 | 23,804 |
| Norsk króna | 19,754 | 19,87 |
| Sænsk króna | 16,235 | 16,331 |
| Japanskt jen | 1,3111 | 1,3187 |
| SDR | 195,37 | 196,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,8944

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sérstakur saksóknari segir Evu Joly hafa verið réttu megin við strikið hingað til:

# Ákæruvaldið taki þátt í umræðunni

**BANKAHRUNIÐ** Það er stór spurning hvort ákæruvaldið eigi ekki að taka meiri þátt í umræðu um refsimál, segir sérstakur saksóknari, Ólafur Þór Hauksson: „Það er allavega á hreinu að lögmannastéttin dregur ekkert af sér þar,“ segir hann.

„Það er eilítil slagsíða á þessu. Þegar verið er að tala við lögmenn sem hafa verjendastörf á hendi þá fara þeir aldrei úr hlutverki verjandans. Það hlutverk er bara eitt og það er að draga allt það fram sem er skjólstæðingnum til hagsbóta,“ segir hann. Því þurfi að líta það gagnrýnum augum sem þeir segi.


EVA JOLY


ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

Rætt hefur verið um að ýmis ummæli Evu Joly hafi gert það að verkum að hún sé ekki trúverðug sem ráðgjafi í bankahruninu.

„Eva er ráðgjafi en ekki þátttakandi í einstökum rannsóknum og er þar af leiðandi ekki eins bundin og aðrir af því sem hún segir, en auðvitað er þetta fín lína,“ segir hann.

> Eva er ráðgjafi en ekki þátttakandi í einstökum rannsóknum og er þar af leiðandi ekki eins bundin og aðrir af því sem hún segir, en auðvitað er þetta fín lína.
>
> ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI

Svo lengi sem Eva tjái sig ekki um einstök mál, þannig að óhlutdrægni embættisins megi draga í efa, sé hún réttu megin við strikið.

„Hún skilur skoðanir sínar alveg eftir þegar hún er að vinna með okkur og miðlar til okkar af reynslu sinni. Vissulega má segja að þetta sé óhefðbundin nálgun og verklag, en við erum kannski í svolítið óhefðbundnu ástandi,“ segir Ólafur. „Þó að hún sé hvöss og brött, þá er hún ekki úr fasa.“

Eva hafi tekið upp margt „markvert og stórfróðlegt“, sem megi ræða betur.

- kóþ

Hagsmunaskráning þings:

## Árni hefur ekkert að fela

**STJÓRNMÁL** Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segist ekkert hafa að fela. Ástæða þess að hann hafi ekki skráð fjárhagslega hagsmuni sína á vef Alþingis sé sú að hann hafi „bara enga hagsmuni að skrá og aldrei haft“.


ÁRNI JOHNSEN

Margir þingmenn eru einmitt skráðir þannig að þeir hafi enga hagsmuni sem reglurnar nái til. Spurður hvort Árni ætli ekki að láta Alþingi vita að eins gildi um hann, segist hann ekki vita „hvernig þetta er nákvæmlega“.

Árni og Bjarni Benediktsson eru einu þingmennirnir sem eru að störfum, sem ekki hafa skráð sína hagsmuni. Ekki náðist í Bjarna í gær.

- kóþ

Bjargaði konu úr Tvíburaturnum:

## Afrekshundur klónaður

**LOS ANGELES, AP** **Bandarískir vísindamenn hafa klónað hund sem hjálpaði við björgunaraðgerðir eftir hryðjuverkaárásina á New York 11. september árið 2001. Eigandi hundsins, kanadískur fyrrverandi lögreglumaður, hafði unnið keppni á vegum kaliforníska fyrirtækisins BioArts um að klóna heimilishund að kostnaðarlausu.**

**Hundurinn Trakr, sem var af þýsku fjárhundakyni, aðstoðaði á sínum tíma við leit í rústum World Trade Center og fann þar konu sem var enn á lífi. Trakr drapst í apríl síðastliðnum en nú eru fimm lifandi eftirmyndir komnar í hans stað.**

- mt

# Upplýsingum leynt í þágu sérhagsmuna

**Forstöðumaður hjá Ríkisskattstjóra segir dæmi um að eignir hafi verið færðar á hærri verði en innstæða hafi verið fyrir. Endurskoðendur gáfu eftir til að vera viðskiptavinum þóknanlegir og firrtu sig ábyrgð með vísun í alþjóðlega staðla.**

**VIÐSKIPTI** Dæmi eru um að á undanförnum árum hafi eignir verið færðar inn á ársreikninga fyrirtækja á hærra verði en innstæða hafi verið fyrir. Þannig hafi verið reynt að leyna upplýsingum í þágu sérhagsmuna og í þágu stjórnenda fyrirtækjanna. Þetta segir Aðalsteinn Hákonarson, forstöðumaður eftirlitssviðs Ríkisskattstjóra og endurskoðandi.

„Eignir voru oft tilgreindar mun hærra en fengist hefði fyrir þær í sölu,“ segir Aðalsteinn. Óttast Aðalsteinn að hagsmunir viðskiptavina endurskoðenda hafi verið svo miklir að endurskoðendur hafið gefið eftir til að vera viðskiptavinum sínum þóknanlegir.

Einnig segir hann að endurskoðendur hafi líklega ekki staðið nógu fast á bremsunni.

„Viðskiptavinurinn getur alltaf sagt þeim upp ef hann er óánægður með niðurstöðu ársreikninganna,“ segir Aðalsteinn.

Þóknanir til endurskoðunarfyrirtækja voru á undanförnum árum um fimmtán milljarðar króna á ári, að sögn Aðalsteins. Þriðjungur hafi verið þóknun fyrir eiginleg endurskoðendastörf en tveir þriðju annars konar þjónusta eins og skattaráðgjöf og skipting fyrirtækja upp í önnur minni fyrirtæki.

„Það er viss tvískinnungur í því að vera með eftirlitið og vera einnig að ráðleggja viðskiptavininum,“ segir Aðalsteinn.

Endurskoðendur firrtu sig oft ábyrgð í viðtölum eftir bankahrunið með því að vísa í alþjóðlega staðla, að mati Aðalsteins. Hann segir þessa staðla hins vegar vera túlkaða rúmt og kalla þar af leiðandi á skynsamlegt mat og rökvísi af hálfu þeirra sem beiti þeim.


**EIGNIR OFMETNAR** Aðalsteinn Hákonarson óttast að hagsmunir viðskiptavina endurskoðenda hafi verið svo miklir að þeir hafi gefið eftir til að vera viðskiptavinum sínum þóknanlegir.
MYND/HARI

> Viðskiptavinurinn getur alltaf sagt þeim upp ef hann er óánægður með niðurstöðu ársreikninganna.
>
> AÐALSTEINN HÁKONARSON FORSTÖÐUMAÐUR

„Ég óttast að menn hafi gleymt ákveðnum boðorðum í þessum alþjóðlegu stöðlum við gerð ársreikninganna,“ segir Aðalsteinn.

Vegna þeirra miklu hagsmuna sem endurskoðendur hafa af því að halda í viðskiptavini sína hefur Aðalsteinn lagt til að sett verði í lög að endurskoðendur verði skiptaðir til fimm ára í senn og ekki sé hægt að víkja þeim úr starfi nema þeir hafi brotið af sér.

Framkvæmdastjóri Félags löggiltra endurskoðenda vildi ekki tjá sig um málið.

vidirp@frettabladid.is


**ÖRNINN Í HÖNDUM RÓBERTS ARNAR** Ekki er þess langt að bíða að þessi örn breiði úr vængjum sínum aftur.
MYND/RANNVEIG MAGNÚSDÓTTIR

Örn hætt kominn í Nátthaga:

## Grútarblautum erni bjargað

**DÝRALÍF** Ársgömlum erni var bjargað í Nátthaga við Berserkjahraun á Snæfellsnesi síðastliðið föstudagskvöld en hann var ataður grút og greinilega aðframkominn. „Hann sat þarna rétt hjá tjaldi ferðafólks sem síðan tilkynnti lögreglu um málið,“ segir Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, en hann fór á vettvang, handsamaði örninn og kom honum í búr. Síðar var hann hreinsaður í Húsdýragarðinum í Reykjavík.

Vænghafið er um tveir og hálfur metri og segir Róbert Arnar að hann geti svifið vængjum þöndum innan skamms þar sem hann sé óðum að jafna sig. Hann telur að örninn hefði ekki lifað af án aðstoðar eins og komið var fyrir honum. Örninn er afar taugastrekktur og er ekki til sýnis í Húsdýragarðinum.

- jse

**VESTMANNAEYJAR**

### Fæða uppi á landi

Barnshafandi konum í Vestmannaeyjum er ráðlagt að fara upp á land til að fæða. Skurðdeild Heilbrigðisstofnunar Vestamannaeyja hefur verið lokað tímabundið í sparnaðarskyni. Konur í Eyjum munu ósáttar við þessa tilhögun. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.




www.ellingsen.is
Verð 52.900 kr.
4.408 kr. léttgr. í 12 mán.
DAXARA 107
Sturtubúnaður
Innanmál 106x85x32 cm
Burðargeta 295 kg
Léttgreiðslur 4.408 kr. í 12 mán.
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA


## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**NORÐANÁTT**
Upp úr hádegi léttir til sunnan- og vestanlands og verður líklega víða bjart með köflum síðdegis í dag og áfram á morgun. Norðaustanlands verður svöl norðanátt með rigningu í dag, en á morgun verða skúraleiðingar með góðum sólarköflum.



**Á MORGUN**
Víðast 3-8 m/s, en stífari á annesjum NA-lands.

**LAUGARDAGUR**
Stíf SA-átt SV-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 18° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 18° |
| Mallorca | 35° |
| New York | 19° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 18° |
| París | 22° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# TAX FREE DAGAR

## Fatnaður og skór á alla fjölskylduna

Dagana 18.-21. júní afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur og skó án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 21. júní 2009.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Sérðu eftir Gunnari Birgissyni sem bæjarstjóra í Kópavogi?*

| | |
|---|---|
| Já | 24,4 |
| Nei | 75,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er rétt af Árna Johnsen og Bjarna Benediktssyni að skrá ekki fjárhagslega hagsmuni sína á vef Alþingis?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is vísir

Sérstakur saksóknari segir rannsókn málsins hafa verið löngu hafna í maí:

# Kaupþingsgögnin skiptu litlu

**BANKAHRUNIÐ** Umræða vegna tafa á afhendingu svokallaðra Kaupþingsgagna, frá ríkissaksóknara til embættis sérstaks saksóknara, er smámál sem slík, segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins. Engir rannsóknarhagsmunir hafi spillst. Gögnin sem um ræðir fjalla um niðurfellingu á persónulegum ábyrgðum lykilstarfsmanna Kaupþings.

„Könnun á þessu starfsmannamáli var löngu hafin áður en þessi kæra kom í maí. Hún breytti engu um það,“ segir hann.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari sagði hér í blaðinu 13. júní að sérstakur saksóknari hefði sótt gögnin í vetur. „Eitt af fyrstu verkum sérstaks saksóknara var að sækja bankamálin til mín og þar á meðal þetta mál,“ sagði hann.



**KAUPÞING** Kaupþingsgögnin bættu ekki miklu við þau gögn sem voru til skoðunar, segir sérstakur saksóknari.

Ólafur Þór kannast ekki við þetta. „Við áttum fund með ríkissaksóknara þann 10. febrúar og tókum það sem okkur var afhent en þetta var ekki í því,“ segir hann. Spurður hverju þetta kunni að sæta segist Ólafur ekki vita það. „Ég held að það hafi hreinlega orðið mannleg mistök,“ segir Ólafur Þór.

Annars sé þessi umræða óheppileg „því hún gefur til kynna að einhverjir brestir séu í réttarvörslukerfinu, einmitt þegar við þurfum að sýna styrk“. **- kóþ**

Bæjarráð í Vestmannaeyjum:

# Enn óvissa um lundaveiðina

**NÁTTÚRA Bæjarráð Vestmannaeyja frestaði í gær ákvarðanatöku um lundaveiði í sumar uns fengist hefðu frekari upplýsingar um varpstöðu lundans.**

**Lundavarpið er óvenju seint á ferðinni í ár en í venjulegu árferði er lundinn fullorpinn um síðari hluta maímánaðar. Fyrir um viku taldi Náttúrustofan að einungis um tuttugu prósent lundans hefðu orpið en einhver aukning hefur verið síðan.**

**Það var að beiðni Náttúrustofu Suðurlands og Bjargveiðimannafélags Vestmannaeyja sem ákvarðanatökunni var frestað.** **- jse**

# Landlæknir varar við fíkniefnastríði

**Landlæknir segir að frjálslyndari stefna um kannabisefni þurfi ekki að leiða til verra ástands. Hann varar við „fíkniefnastríði“ og vísar í kannanir sem sýni að kannabisreykingar séu minna ávanabindandi en tóbaks- og áfengisneysla.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknir segir að ýmis rök megi færa fyrir því að frjálslyndari stefna um notkun kannabisefna þurfi ekki að leiða til versnandi ástands. Hann vísar í rannsóknir sem bendi til að efnið sé lítt ávanabindandi, miðað við önnur vímuefni.

Landlæknir minnist á „þær ógöngur“ sem fylgt hafi hinu bandaríska „stríði gegn fíkniefnum“, þar sem fangelsin séu yfirfull af fólki sem hafi hlotið dóma vegna vímuefna. Einnig bendir hann á jákvæða reynslu Portúgala af frjálslyndi.



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON**

„Nauðsynlegt er að dæmi sem þessi séu tekin til fordómalausrar umræðu,“ segir Matthías Halldórsson landlæknir.

Þetta kemur fram í svarbréfi hans við umkvörtunum Ólafs Skorrdal, sem er áhugamaður um lögleiðingu kannabisefna. Ólafur hafði gert athugasemdir við ummæli á heimasíðu SÁÁ og við ýmsar staðhæfingar formanns SÁÁ, Þórarins Tyrfingssonar læknis. Þórarinn hefur talað um tengsl kannabisefna og harðari efna og um „kannabisbullurnar“, sem berjist fyrir lögleiðingu efnanna.

Landlæknir hvetur Þórarin til að vera málefnalegan; hann sé í þeirri óvenjulegu aðstöðu að vera yfirlæknir og um leið formaður samtaka í fjárþörf. Stundum heyrist sú gagnrýni að málflutningur hans sé áróðurskenndur.

Landlæknir vísar í nokkrar rannsóknir sem segja kannabisefni lítið ávanabindandi miðað við önnur vímuefni, svo sem áfengi og tóbak. Institute of Medicine í Bandaríkjunum segir til að mynda að 32 prósent tóbaksneytenda verða háð tóbaki og 23 prósent heróínneytenda verði háð heróíni. Sautján prósent neytenda kókaíns verði háð því og fimmtán prósent alkóhólneytenda verði háð áfengi. Níu prósent kannabisneytenda verði hins vegar háð kannabisefnum. Svipuð tala sé nefnd í riti sænsku heilbrigðisstjórnarinnar. Efnið mælist lítt ávanabindandi víðar.

Þrátt fyrir þetta sé víst að kannabisneytendur leiðist stundum út í neyslu harðari efna, hvort sem þar sé um orsakasamband að ræða eða ekki, eins og rannsókn úr Science-tímaritinu bendi til.

Landlæknir vísar í framhaldinu í skýrslu SÁÁ, þar sem segir að þegar neytandinn kaupi efnið „læri [hann] lögmál vímuefnamarkaðarins“ og kynnist sölumönnum sem seinna selji honum önnur efni.

Landlæknir vekur að lokum athygli á því að ástæða sé til að fara með gát, enda bendi rannsóknir til að lítið brot kannabisneytenda sé líklegt til að þróa með sér geðsjúkdóma. **klemens@frettabladid.is**



**KANNABISLAUF** Landlæknir hvetur til fordómalausrar umræðu um kannabisefni. Rannsóknir sýni að þau séu minna ávanabindandi en tóbak og áfengi. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON**



**ÓLAFUR SKORRDAL**

### AFBROTAFRÆÐINGUR SAMMÁLA

Orð landlæknis ríma við skoðanir Helga Gunnlaugssonar, prófessors í afbrotafræði við Háskóla Íslands. Helgi sagði hér í blaðinu hinn 4. apríl að stjórnvöld þyrftu að íhuga stefnu sína í vímuefnamálum hverju sinni, og fordómalaust. Margt neikvætt fylgdi kannabisbanninu, sem minnti um margt á áfengisbannið á sínum tíma. Helgi telur heillavænlegra að reyna að draga úr áhættuhegðun ungmenna en að lýsa yfir stríði á hendur þeim. Góð reynsla sé af „afglæpun“ erlendra ríkja, en áframhaldandi bann geti klofið samfélagið.



**HELGI GUNNLAUGSSON**

Menntamálaráðherra segir leitt að sjá á eftir bókabúð Máls og menningar:

# Miðpunktur bókmenntalífs hverfur

**MENNING** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að sér þyki mjög leitt að heyra að samningaviðræður Pennans og Kaupangs um húsaleigu Bókabúðar Máls og menningar hafi runnið út í sandinn og að „þessi miðpunktur bókmenntalífs Íslendinga í áratugi eigi í ágúst að heyra sögunni til“.

Eins og fram hefur komið í blaðinu skal bókabúðin hverfa af Laugavegi 18 fyrir 1. ágúst. Heyrst hefur að þar verði hótelrekstur, en það er óstaðfest.

Katrín segir að ekki sé á valdi hennar ráðuneytis hvernig verslunarhúsnæði í miðborg Reykjavíkur er fyrirkomið.

En þetta „vekur mann til umhugsunar um menningararfinn almennt og að hann leynist víðar en margur hyggur,“ segir hún.

Bókabúð Máls og menningar sé eitt helsta menningarkennileitið við Laugaveginn. „Ég á eftir að sakna Máls og menningar mjög ef af þessu verður en ég vona enn að hægt sé að koma í veg fyrir þennan flutning,“ segir Katrín. Hún á þó ekki við að ríkið, eigandi búðarinnar, komi þar að málum.

Þess má geta að á Fésbók hefur verið stofnaður hópurinn Hlekkjum okkur við Mál og menningu, hópur sem segist vilja standa undir nafni þegar að því komi að rýma húsið.

Fyrirtækið Kaupangur hyggst í vikunni tilkynna áform sín um Laugaveg 18. Þar hefur verið bókabúð frá árinu 1961. **- kóþ**



**ÞINGMENN Í MÁLI OG MENNINGU Á DEGI BÓKARINNAR** Getgátur eru uppi um að í stað Máls og menningar komi hótel, skemmtistaður, eða jafnvel önnur bókabúð. En þeir í Kaupangi vilja ekkert segja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Ný lausn í heimabanka Byrs

Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

**- það er fjárhagsleg heilsa!**






**Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi **11 milljón króna verðtryggt íbúðalán** sem tekið var í september 2007. Með því að greiða **10.000 krónur aukalega** á mánuði, sparast **10.671.376 krónur á lánstímanum.** Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast **milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.**

**Það er einfaldara en þú heldur!**

- **Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu**
- **Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur**
- **Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr**

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**




**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

BYR SPARISJÓÐUR

# FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM



30% AFSLÁTTUR!

## HÁGÆÐA AMERÍSK FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM Á 30% AFSLÆTTI

Í Rekkjunni færðu hágæða amerísk fjölstillanleg rúm við þitt hæfi, allt frá einföldustu rúmum upp í rúm sem standast væntingar hinna kröfuhörðustu, t.d. með færanlegum sleða í botninum (sem gerir þér kleift að nýta ljósið frá náttlampanum í öllum stillingum), þráðlausri upplýstri fjarstýringu, nuddi með minni, straumrofi við mótor, minni á uppáhaldsstillingu o.fl.

Þegar velja skal rétta dýnu í stillanlega rúmið finnurðu hana í Rekkjunni. Úrvalið er mikið; þrýsitijöfnunarsvampsdýnur, pokagormadýnur og hágæða dýnur úr Talalay-Latexi með áklæði úr lífrænt ræktuðum bómul o.fl. Sjón er sögu ríkari.

**S-Cape**

- S-Cape er einn öflugasti fáanlegi stillanlegi botninn í dag.
- Botninn er á sleða svo þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Allt í grindinni, sem ekki er úr stáli, svo sem festingar, fóðringar og liðamót, er úr næloni.
- Hljóðlátir og öflugir mótorar.
- 3 mm tvíhert stálgrind undir botninum.
- Tveir mótorar, einn fyrir fætur og annar fyrir bak - mikill kraftur og styrkur.
- Ljós er í fjarstýringunni svo hægt sé að nota hana í myrkri, einnig er fjarstýringinn þráðlaus.
- Nudd er í botninum sem örvar blóðrásina og minnkar bjúgmyndun á líkamanum.
- 10 ára ábyrgð á mótor og 12 ára ábyrgð á grindinni.
- Hægt er að vista sína uppáhaldsstöðu á rúminu og eru 3 vinsælar stöður þegar vistaðar.
- Lítill sem enginn straumur er á mótornum þegar ekki er verið að ýta á takka á fjarstýringu.
- Ef rafmagn skildi fara af heimilinu þegar þú ert í uppréttri stöðu fer rúmið sjálfkrafa niður í svefnstöðu.



**S-CAPE**
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 821.114 kr.
**Verð nú frá 574.480 kr.**

**WALLHUGGER**
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 676.114 kr.
**Verð nú frá 473.279 kr.**

## ÞRÝSTIJÖFNUNARSVAMPSRÚM

# 30% AFSLÁTTUR



**ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð frá 165.500 kr.
**Verð nú frá 115.850 kr.**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

ARGH! 0609

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hver hlaut heiðursverðlaun Grímunnar í fyrrakvöld?*

2 *Hver er leikmaður 7. umferðar Pepsi-deildarinnar að mati Fréttablaðsins?*

3 *Hvað heitir nýstofnað gallerí nema við Listaháskóla Íslands?*

SVÖR Á SÍÐU 42

Gæsluvarðhald yfir meintum árásarmanni framlengt:

# Kona lemstruð eftir nauðgun

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem grunaður er um að hafa nauðgað konu og lemstrað illa hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 10. júlí.

Konan sem um ræðir var að skemmta sér ásamt vinnufélögum sínum í miðborginni í síðasta mánuði. Á skemmtistað hitti hún mann sem var dökkur á hörund og klæddur í Adidas-galla. Hann reyndi við hana en hún hafði ekki áhuga.

Um fjögurleytið vildi konan fara heim og reyndi að hringja í mann sinn og dóttur, sem ekki svöruðu. Hún hitti þá manninn aftur fyrir utan skemmtistaðinn og hann bauð henni far, sem hún þáði.

Þegar konan fór út úr bílnum skipti engum togum að maðurinn réðst á hana, veitti henni ýmsa áverka á höfði og líkama og nauðgaði henni, að því er fram kemur í gögnum málsins.

Konan var mjög ölvuð þegar árásin átti sér stað. Hún sat grátandi í sundi milli húsa, með mörg sár á báðum fótum og nærbuxnalaus, þegar lögreglan kom á vettvang.

Maðurinn hefur neitað allri sök, en sagt samræðið hafa verið með fullum vilja konunnar. Sæði fannst bæði á klæðnaði hans og konunnar sem nothæft er til DNA-rannsóknar. **- jss**



**MIÐBÆRINN** Árásin átti sér stað í miðbæ Reykjavíkur.

Formaður Framsóknarflokksins:

# Icesave tryggir stöðuga óvissu

**ALÞINGI Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir að samkomulagið um Icesave-skuldirnar tryggi stöðuga óvissu um efnahag og lánshæfismat ríkisins næstu fimmtán ár. Ástæðan sé sú að mat manna á eignum Landsbankans kunni að sveiflast um hundruð milljarða frá degi til dags.**

**Sigmundur gerði þetta að umtalsefni á þingfundi í fyrradag þegar hann spurði Álfheiði Ingadóttur VG út í fyrri yfirlýsingar hennar um að alþjóðleg matsfyrirtæki hefðu tekið tillit til Icesave-skuldbindinganna áður en samið var um þær. - bþs**

Skemmtisigling á enda:

# Skipi snúið við vegna farþega með svínaflensu

**MADRÍD, AP Spænsku skemmtiferðaskipi hefur verið snúið burt frá tveimur Karíbahafsríkjum vegna svínaflensu um borð. Samkvæmt siglingafyrirtækinu Pullmantur hafa þrír úr áhöfn skipsins Ocean Dream greinst með svínaflensu og aðrir ellefu eru með einkenni veikinnar. Enginn er þó talinn alvarlega veikur.**

**Eftir að yfirvöld á Barbados og Grenada beindu skipinu á brott hefur Pullmantur unnið að því að finna leiðir til að koma farþegum aftur til síns heima. Ferðin sem hófst fyrir níu dögum á Aruba, skammt undan strönd Venesúela, er því á enda. - mt**

Mótmælt var á götum Teheran fimmta daginn í röð og enn slær í brýnu á milli Írana og Bandaríkjamanna:

# Íranar átelja afskipti Bandaríkjamanna

**TEHERAN, AP** Stjórnvöld í Íran sökuðu Bandaríkjamenn í gær um ólíðandi afskiptasemi af innanríkismálum þeirra. Þau gáfu í skyn að deilan um lögmæti nýafstaðinna kosninga þar í landi hefði verið mögnuð upp af Bandaríkjamönnum. Í yfirlýsingu frá Hvíta húsinu er ásökuninni hafnað.

Eftir að Mahmoud Ahmadinejad var endurkjörinn forseti Írans í síðustu viku blossuðu upp mikil mótmæli, þau mestu þar í áratugi, og sögur kviknuðu um kosningasvindl. Barack Obama Bandaríkjaforseti tjáði sig í kjölfarið. Hann sagðist deila þungum áhyggjum heimsbyggðarinnar af ástandinu og styddi rétt allra til friðsamlegra mótmæla. Hins vegar væri ekki vænlegt til árangurs, í ljósi fyrri samskipta þjóðanna, að skipta sér of mikið af. Þessa afstöðu ítrekaði talsmaður Hvíta hússins í gær.



**HVAR ER ATKVÆÐIÐ MITT?** Gríðarmikill fjöldi mótmælti á götum Teheran í gær og gagnrýnti meint kosningasvindl. NORDICPHOTOS/AFP

Þýsk stjórnvöld sögðu í gær ýmislegt benda til þess að um kosningasvindl hefði verið að ræða. Því kæmi ekki á óvart að Ali Khamenei, æðsti klerkur Írans, hefði fyrirskipað opinbera rannsókn á kosningunum.

Bæði Ahmadinejad og mótframbjóðandi hans Mir-Hossein Mousavi lýstu yfir sigri að loknum kosningunum. Opinberar tölur sýna hins vegar sigur Ahmadinejads.

Fylgismenn Mousavis fjölmenntu á götur höfuðborgarinnar Teheran í gær, fimmta daginn í röð, og létu óánægju sína í ljós. Yfirvöld hafa látið handtaka hundruð mótmælenda og tilkynnt að íranskir vefsíðuhöldar skuli fjarlægja allt efni sem geti „valdið spennu“, eða eiga ella á hættu málsókn.

Þá léku sjö leikmenn íranska landsliðsins í knattspyrnu með grænan borða á handleggnum gegn heimamönnum í Álfukeppninni í knattspyrnu í Suður-Kóreu í gær. Grænn er einkennislitur Mousavis. **- sh**






# LAGERHREINSUN





## Í 4 DAGA 18.-21. JÚNÍ

Allt að

**80%**

afsláttur





Dýnur og rúm

Barnahúsgögn frá Cilek

Sængur og rúmteppi

Ljós og lampar

Hillur og skápar

Borðdúkar og mottur

Skrifborð

Smávara

og fleira





Takmarkað
magn af öllu





Nýtt kortatímabil

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Kletthálsi 13
fim.-fös. 12-18,
lau.-sun 12-16
Sími 660 0030




Svefn & heilsa
★★★★★



**INNILEG FAÐMLÖG** New York-búi virðir fyrir sér auglýsingu frá Calvin Klein. Auglýsingin, sem skartar fáklæddum fyrirsætum sem láta vel hver að annarri, þykir ögrandi og hefur vakið umtal í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**Neytendur:** Ódýrara bensín á landsbyggðinni?

# *Virk samkeppni á álagsblettum*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is



**ÓDÝRARA ÚTI Á LANDI** Bensín á jaðarsvæðum í Reykjavík er oft ódýrara.

Jónína skrifar: „Við hjónin keyrðum norður til Akureyrar fyrir síðustu helgi. Okkur fannst skrýtið að sjá að bensínverðið á Akureyri var mun lægra en hér í Reykjavík, munaði um fimm krónum á lítra yfir línuna. Ég var svo að ræða við konu nokkra sem hafði farið í bíltúr til Hveragerðis sömu helgi og hún hafði líka verið að furða sig á því hvers vegna bensínverðið í Hveragerði hefði verið um fimm krónum ódýrara þar. Svo ég myndi vilja fá að vita hvort þetta sé málið – erum við í Reykjavík að niðurgreiða bensínið út á land?“

Hugi Hreiðarsson hjá Atlantsolíu staðfestir að bensínverð á jaðarsvæðum í Reykjavík sé oft lægra og eins úti á landi, til dæmis á Akureyri, í Borgarnesi og á Selfossi. „Ástæðu þess tel ég vera að þarna eru okkar nýjustu stöðvar, sem og að á þessum stöðum er meiri lausatraffík en annars staðar. Fólk er á ferðalagi og í bústöðum og er því ekki eins trútt sínu aðalviðskiptafyrirtæki. Það eru kannski þrjár stöðvar á sama blettinum, eins og til dæmis á Selfossi, og þar hafa reglulega myndast spíraláhrif þannig að verð lækkar. Kúnnarnir eiga auðvelt með að bera saman verðið og því eðlileg krafa að við reynum að bjóða sem allra best.“

Hugi segir að bensínverð sé síbreytilegt og breytist jafnvel oft á dag. „Hér áður fyrr voru níu til tólf verðbreytingar á ári, nú eru þær líklega um 70-80 bæði til hækkunar og lækkunar.“

Gsmbensin.is er frábær síða þar sem bera má saman bensínverðið í landinu. Klukkan fjögur í gær var ódýrasta bensínið hjá Orkunni í Grundarfirði, 168,20 kr. lítrinn af 95 okt, en það dýrasta var hjá Shell á Bíldudal, 180,80 kr. lítrinn.




## Ég vil að íbúar Íslands kjósi ráðamenn landsins

„Íslendingar fengju úthlutað 6 þingsætum af 751 á Evrópuþinginu og færu því með minna en 1% atkvæða þar.“

Það er ljóst að Ísland hefði lítil áhrif innan Evrópuþingsins en þar að auki hefði Ísland lítið að segja um stefnumörkun og ákvarðanir í öðrum stofnunum Evrópusambandsins. Með Ísland svo til valdalaust innan Evrópusambandsins hefðu atkvæði íbúa Íslands mun minna vægi en þau hafa nú, þar sem sigurvegarar kosninga á Íslandi hefðu lítið að segja um hvaða lög og reglur gilda hér á landi.

*Máni Atlason, laganemi við Háskólann í Reykjavík*

**Ertu sammála? Skráðu þig á www.heimssyn.is**

Heimssýn – Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum


# Mikilvægt fyrir Ísland að vera í NATO

**Yfirmaður Menntunarstofnunar NATO segir þjóðir vinna betur saman en hver í sínu lagi. Mikilvægt sé fyrir Ísland að vera í NATO. Bandalagið sé ört stækkandi. Hann mun eiga fund með yfirmönnum hjá Varnarmálastofnun Íslands.**

**VARNARMÁL** Lawrence Chalmer er yfirmaður Menntunarstofnunar NATO og er á Íslandi í þessari viku til að eiga fund með þingmönnum og yfirmönnum hjá Varnarmálastofnun Íslands. Þetta er í þriðja sinn sem hann kemur til Íslands. Fréttablaðið tók viðtal við hann um stöðu Íslands innan Atlantshafsbandalagsins og um störf hans í þágu bandalagsins.

Chalmer segir NATO hafa vaxið mikið á undanförnum árum og áratugum. Upphaflega hafi þjóðirnar verið 12 árið 1949, en í dag eru þær 28. Verkefni NATO hafa verið að þróast og hefur NATO meðal annars hjálpað til við ástandið í Afganistan og gefið peninga til þróunaraðstoðar eftir flóðbylgjuna í Suðaustur-Asíu. Nýlega vann NATO með Afríkuráðinu vegna ástandsins í Súdan.

„Ýmis verkefni sem NATO hefur verið að vinna að eru einhver sem fólk hefði ekki getað ímyndað sér fyrir nokkrum árum að NATO væri að vinna að,“ segir Chalmer. Hann segir að jafnvel eftir tuttugu ár muni NATO vera að vinna að verkefnum sem við gætum ekki séð fyrir í dag hver væru. Bandalagið sé ört stækkandi og verkefnin fjölbreytt.

Mikilvægt er fyrir Ísland að vera í NATO, að mati Chalmers. „Hver þjóð kemur með eitthvað til starfsemi NATO, hvort sem það er læknisfræðilegt, varnarmálatengt eða annað því um líkt,“ segir Chalmer. Hver og ein þjóð innan bandalagsins er mikilvæg á sinn hátt að mati Chalmers. Þjóðirnar vinni betur saman en hver í sínu lagi.



**LAWRENCE CHALMER** Er á Íslandi í þriðja sinn og segir mikilvægt fyrir Ísland að vera hluti af NATO. Hver þjóð sé mikilvæg á sinn hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„NATO er ekki yfirþjóðlegt bandalag sem fer inn á valdsvið aðildarríkjanna. Hver þjóð getur valið um hvort hún er hluti af bandalaginu,“ segir Chalmer.

Chalmer vinnur fyrir Menntunarstofnun NATO í Washington. Þar fer meðal annars fram undirbúningur fyrir þá sem munu starfa fyrir NATO.

„Við kynnum fólkið fyrir þeim áskorunum sem þau geta staðið frammi fyrir,“ segir Chalmer um hlutverk menntunarstofnunarinnar. Hann rifjar upp að fyrir nokkrum árum hafi hann fengið íslenskan fyrirlesara til að tala við nemendur sína. Nemendunum hafi fundist gott og mikilvægt að heyra sjónarmið Íslands. **vidirp@frettabladid.is**






Fjármálaráðuneytið um fyrirspurn um ráðherrabíla:

# Bíllinn kostaði fimm og hálfa milljón

**STJÓRNMÁL** Starf fjármálaráðherra, starfsskipulag og umfang er það mikið og þess eðlis að nauðsynlegt er talið að hann hafi bílstjóra og ráðherrabifreið til afnota í þágu embættis síns, segir í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um ráðherrabíla.

Þá er einnig litið til öryggismála varðandi æðstu stjórn ríkisins. Í svarinu er þess jafnframt getið að samkvæmt skilyrðum lögregluyfirvalda eru allar bifreiðar ráðherra búnar sérstöku öryggis- og fjarskiptakerfi.

Þá segir í svari ráðuneytisins að í ljósi núverandi efnahagsástands verði ekki séð á þessu stigi að eðli starfa ráðherra breytist, nema þá helst að ráð megi gera fyrir auknu álagi á næstu misserum.



**BÍLL FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Allir ráðherrabílar eru með sérstakt öryggis- og fjarskiptakerfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ráðherrabíll fjármálaráðherra er af tegundinni BMW 530, árgerð 2005, svartur að lit. Kaupverð bifreiðarinnar var 5.453.000 krónur, að því er segir í svari fjármálaráðuneytisins. **- kh**

Carter sækir Hamas heim:

## Neita að viðurkenna Ísrael

**GASA, AP Háttsettur fulltrúi Hamas segir samtökin ekki geta fallist á kröfur alþjóðasamfélagsins um að viðurkenna Ísraelsríki. Þetta kom fram eftir fund ráðamanna Hamas með Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseta.**

**„Þeir kostir sem Hamas eru settir eru óviðunandi,“ sagði Ahmed Youssef, aðstoðarutanríkisráðherra samtakanna. Fundurinn með Carter var í sjálfu sér óvenjulegur, þar sem Bandaríkin, Evrópusambandið og Ísrael skilgreina Hamas sem hryðjuverkasamtök og neita að eiga við þau bein samskipti.** - mt

Úrslit ráðin í hugmyndasamkeppni um kirkju og menningarhús í Mosfellsbæ:

# Andrúmsloftið gæti orðið töfrandi

**HÖNNUN** Arkitektastofan arkitektur.is varð hlutskörpust í hugmyndasamkeppni um kirkju og menningarhús í miðbæ Mosfellsbæjar.

„Kirkjuskipið er sérlega áhugavert, þar sem samspil forms og birtu geta skapað töfrandi andrúmsloft, og tenging þess við safnaðarheimili og skrifstofur safnaðarins um ofanlýsta umgjörð undirstrikar hina sérstæðu lögun þess. Byggingin er nánast öll á einni hæð og samanstendur af þremur einingum; kirkju og tónlistarsal, bókasafni og myndlistarsal, sem tengdar eru saman um innri götu,“ segir í umsögn dómnefndar um verðlaunatillöguna.

Höfundar tillögunnar frá arkitektur.is eru Carlton Hlynur Keyser, Gunnlaugur Magnússon, Haraldur Örn Jónsson, Hjörtur Hannesson, Kristján Garðarsson, Magnea Harðardóttir og Michael Blikdal Erichsen.

Í samkeppninni, sem Mosfellsbær og sóknarnefnd Lágafellssóknar stóðu fyrir, hlutu ASK arkitektar önnur verðlaun en Arkþing og PK arkitektar deildu þriðja og fjórða sæti.

Alls bárust 32 tillögur í keppnina, þar sem óskað var eftir tillögu að einni byggingu fyrir menningarhús á vegum Mosfellsbæjar og kirkju og safnaðarheimili á vegum safnaðarins. „Hér er því um einstakt og nútímalegt samstarf kirkju og sveitarfélags að ræða,“ segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ. - gar


MYND/ARKITEKTUR.IS

**VERÐLAUNATILLAGAN** „Athyglisvert að sjá hvernig til tókst í mörgum tillögum að virða sérstöðu Urðanna og láta bygginguna falla vel að umhverfi sínu,“ segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

VG um þjónustu Strætós:

## Gjöldin hækki ekki næsta árið

**SAMGÖNGUR** Borgarfulltrúar Vinstri grænna vilja ekki að gjaldskrá Strætós verði hækkuð næsta árið og að haldið verði sérstakt íbúaþing um málefni fyrirtækisins, áður en yfirstandandi stefnumótun um framtíð þess verði kláruð.


**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

Þetta er meðal átta markmiða VG, sem bókuð voru á borgarstjórnarfundi á þriðjudag.

VG vill einnig að minnihlutinn í Reykjavík fái aðkomu að stjórn Strætós, og að Innri endurskoðun Reykjavíkur fari með innri endurskoðun Strætós.

Þá eigi sveitarfélögum að vera frjálst, hverju fyrir sig, að nýta það fé sem kunni að koma frá ríkinu til almenningssamgangna. - kóþ

Forseti Pakistans og ESB:

## Öryggismálin sett á oddinn

**BRUSSEL, AP Evrópusambandið (ESB) hyggst styrkja tengslin við Pakistan og leggja aukna áherslu á öryggismál í samskiptum við landið. Þetta kom fram á fundi Asif Ali Zardari, forseta Pakistans, og fulltrúa ESB í Brussel.**


**JOSE MANUEL BARROSO**

**Á fundinum, sem báðir aðilar lýstu sem sögulegum, buðu erindrekar ESB forsetanum hernaðaraðstoð við að sigrast á skæruliðum talibana og öðrum vopnuðum íslömskum stjórnarandstæðingum. Þá lýsti Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, ánægju sinni með viðleitni Zardaris til að festa lýðræði í sessi í Pakistan.** - mt

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Með stolið greiðslukort**

Lögreglan handtók fjóra karla á þrítugsaldri aðfaranótt miðvikudags en þeir eru grunaðir um að hafa svikið út vörur í nokkrum búðum með stolnu greiðslukorti. Mennirnir voru handsamaðir í 10/11 í Hafnarfirði.

### HÚSAVÍK

**Varar vegfarendur við**

Lögreglan á Húsavík varar vegfarendur við sem fara um Hólssand. Vegurinn frá Grímsstöðum á Fjöllum að Dettifossi er í það slæmu ástandi að ökumönnum með tjaldvagna eða fellihýsi í eftirdragi er ráðið frá því að aka veginn. Nýverið valt bíll á veginum og eru tildrög slyssins rakin til ástands vegarins.



## Hátíðarhöld í miðbæ Reykjavíkur á 17. júní



**LÚÐRASVEIT REYKJAVÍKUR LEIKUR Á ÞAKINU** Enginn fiðlari var á þaki Hljómskálans í gær heldur heil lúðrasveit. Ef ljósastaurarnir væru úr tré eins og áður fyrr hefðu þeir örugglega orðið grænir aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Sólin skein á fagnandi landann

Hátíðarhöld fóru fram víða um land í gær. Daníel Rúnarsson ljósmyndari brá sér í miðbæ Reykjavíkur til að virða stemninguna fyrir sér. Veðrið var ekki að letja fólk til bæjarferðar en sólin skein á um fimmtíu þúsund manns sem fóru um bæinn með fána og blöðrur í hendi og gleði í hjarta.



**FÁNAR OG FJÖLMENNI** Fánar blöktu fagurbláir með sinn tvílita kross við Tjörnina þar sem fjöldi fólks var á ferð. Eins og sjá má fóru aðrir út á tjörn.



**FÉKK ÞAÐ ÓÞVEGIÐ** Þótt flestir fari í bæinn í góðum tilgangi fá sumir að vökna en verða þó engu verri.



**HVÍLD Á TRÖPPUNUM** Sá hópur sem heldur 17. júní hátíðlegan er ekki eins einsleitur og áður fyrr. Í það minnsta er þessi hópur ekki allur ættaður úr íslenskri sveit.



**FRELSIÐ ER YNDISLEGT** 17. júní snýst jú um frelsi og börnin fengu að kynnast því í þessu undurmjúka leiktæki.




# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## GRILL & GARÐVÖRUR

LÁGVÖRUVERSLUN
**Við Fellsmúla** - Reykjavík

9995
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR
MAX 110 BAR

3495
SLÁTTUORF, RAFMAGNS 200W

6995
SLÁTTUORF, RAFMAGNS 500W

15.595
SLÁTTUORF, BENSÍN

13.895
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS

## Sumar TILBOÐ!

12.959
LAUFSUGA - BLÁSARI

2594
GAFFALL

2594
STUNGUSKÓFLA

999
GREINAKLIPPUR

732
GREINAKLIPPUR

233
GARÐKLÓRA

233
GARÐSKÓFLA

2495
GARÐSLANGA MEÐ
STÚT OG TENGJUM

7794
ÚÐABRÚSI 15L

ÚÐABRÚSAR
FRÁ KR.1168

12.474
SJÁLFVIRKT SLÖNGUKEFLI 20M

466
GRILLSPAÐI

466
GRILLTÖNG

2995
FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT
MEÐ 4 TENGLUM

SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN
ÝMSAR GERÐIR

16.995
GASGRILL 2JA BRENNARA

4995
KOLAGRILL

310
GRILLSETT

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

## „ORÐRÉTT“

### Kviknaktir í Peningagjá

**„Þeir voru reknir upp úr en létu sér ekki segjast. Þegar landvörðurinn fór stungu þeir sér strax út í aftur.“**

JÓNA GUNNARSDÓTTIR LANDVÖRÐUR Á ÞINGVÖLLUM UM DANSKA VÍKINGA SEM KÖSTUÐU AF SÉR ÖLLUM HERKLÆÐUM OG STUNGU SÉR KVIKNAKTIR TIL SUNDS.

**Vísir.is 17. júní 2009**

### Mjög undrandi

**„Ég er mjög undrandi á þessu og finnst þetta mjög skrítin lánveiting.“**

GYLFI MAGNÚSSON VIÐSKIPTARÁÐHERRA UM SJÖTÍU MILLJÓNA KÚLULÁN TIL SIGURJÓNS Þ. ÁRNASONAR Í GEGNUM NÝJA LANDSBANKANN.

**Fréttablaðið 17. júní 2009**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGURVEIG JÓNSDÓTTIR FJÖLMIÐLAKONA

## *Gamla Stöðvar 2 gengið hittist reglulega*



Eflaust muna margir eftir Sigurveigu Jónsdóttur en hún var fréttamaður hjá Sjónvarpinu en gekk síðar til liðs við Stöð tvö þegar stöðin hóf göngu sína árið 1986 og var fréttastjóri þar um skeið. En hvað er að frétta af Sigurveigu nú?

„Ég hef það nú bara nokkuð gott og nýt þess að vera í sumarfríi þessa stundina,“ segir hún. „Ég hef verið síðustu sex eða sjö árin að skrifa sögur fyrirtækja í samstarfi við Helgu Guðrúnu Johnson. Við höfum líka gefið út bæklinga, skrifað texta á vefsíður og svona eitt og annað.“ Þeir sem komnir eru vel á þrítugsaldurinn muna eflaust einnig eftir Helgu Guðrúnu sem var kollegi Sigurveigar á Stöð 2. „Við höfum skrifað sögu fyrirtækja eins og Flugleiða, Símans og Lýsis svo dæmi séu tekin en eins höfum við skrifað um byggingu álversins á Reyðarfirði og áhrif hennar á samfélagið á Austurlandi.“

Auðvitað verður ekki hjá því komist að spyrja hvort hún sakni ekki erilsins á fréttastofu Stöðvar 2. „Þetta voru vissulega mjög skemmtilegir tímar en venjulega þykir mér það skemmtilegast sem ég er að gera þá stundina, það er til dæmis mjög gefandi og skemmtilegt að sjá sögu þjóðarinnar í gegnum auga eins fyrirtækisins. En ég fer heldur ekkert á mis við gamla fjörið því við höldum ennþá hópinn og hittumst reglulega, svona einu sinni í mánuði, gömlu kollegarnir og makar.“

## AUSTRINN:
### KOMMÚNÍSKUR VESTRI

Á tímum kalda stríðsins var framleiddur handan járntjaldsins fjöldi kvikmynda í anda amerísku vestranna. Svokallaðir„Rauðrófusúpuvestrar“ gerðust í Ameríku, svo sem rúmenska myndin Olían, barnið og Transsylvaníubúarnir, sem lýsti hlutskipti austur-evrópskra landnema. „Austri“ var tegundarheiti mynda sem gerðar voru undir áhrifum af vestrum en gerðust á gresjum Asíu og fjölluðu um hræringar kringum rússnesku byltinguna og borgarastyrjöldina sem fylgdi.







Grillfólkið

Endurfundir við grillið

Njóttu góðrar máltíðar með vinum og vandamönnum með SS grillkjöti.

Ljúffengur krydd-lögurinn dregur fram það besta í kjötinu og vel grillað kjöt laðar fram brosið á fólkinu þínu.

Grillkjötið frá SS – fyrir sérstakar stundir.

SS fremstir fyrir bragðið

www.ss.is




**HLAUPIÐ Í TUTTUGU SKIPTI** Margrét hefur ekki misst úr Kvennahlaup frá byrjun. Hún hleypur yfirleitt níu kílómetra, fyrir utan þegar barnabörnin koma með, þá lætur hún góða skemmtigöngu nægja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þetta á fyrst og fremst að vera skemmtilegt

**Kvennahlaup ÍSÍ verður haldið í tuttugasta sinn á laugardag. Margrét Jónsdóttir lætur sig ekki vanta frekar en endranær, en hún hefur hlaupið á hverju ári frá upphafi og lætur engan bilbug á sér finna þótt hún sé komin á sjötugsaldur.**

Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ er útbreiddasti og fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi ár hvert. Um 15-20 þúsund taka þátt á um 84 stöðum hérlendis og á sextán stöðum erlendis. Fjölmennasta hlaupið er í Garðabæ, en þar ætlar Margrét einmitt að hlaupa. Hún man hins vegar vel eftir fyrsta Kvennahlaupinu fyrir réttum tuttugu árum, en þá var þátttaka öllu minni en síðar varð. „Ég hef lengi haft áhuga á útivist og íþróttum, hef stundað hlaup lengi. Það var mjög nýstárlegt að fara út að skokka þegar ég var að byrja, maður þótti hálfskrítinn svona í fyrstu,“ segir hún og hlær.

Skokkinu óx fiskur um hrygg á níunda áratugnum, ekki síst fyrir tilstuðlan fólks eins og Margrétar, sem stofnaði skokkklúbb á Seltjarnarnesi, þar sem hún bjó þá. Þegar Margrét frétti af fyrsta Kvennahlaupinu 1990 var hún fljót að skrá sig til leiks. „Við vorum ekki mjög margar sem hlupum fyrsta árið, en á hverju ári fjölgaði þátttakendum í hlaupinu og nú eru þetta á bilinu fimmtán til tuttugu þúsund konur sem hlaupa á hverju ári.“

Margrét kveðst yfirleitt reyna að hlaupa níu kílómetra, nema þegar hún hefur tekið barnabörnin með sér, þá láti hún sér nægja skemmtigöngu. Hún hefur aldrei lagt kapp á að ná ákveðnum tíma. „Ég gæti mín á því að fara ekki hraðar en ég ræð við. Ég hef verið lánsöm upp á það að gera að ég hef alltaf verið heilsuhraust og aldrei orðið fyrir alvarlegum meiðslum. Þeir sem vilja geta auðvitað sett sér ákveðin markmið en þetta á fyrst og fremst að vera skemmtilegt.“ Það á ekki síst við um þær sem ætla að hlaupa í Kvennahlaupinu í fyrsta sinn í ár. „Þeim ráðlegg ég að reyna ekki meira á sig en þær ráða við og hlaupa ánægjunnar vegna; lykillinn að góðri hreyfingu og útivist er að láta sér líða vel.“

Íþrótta- og ólympíusamband Íslands leitar eftir fleiri konum eins og Margréti, sem hafa tekið þátt í kvennahlaupinu í tuttugu ár. Vinsamlegast sendið ábendingar á Jónu Hildi Bjarnadóttur, framkvæmdastjóra Kvennahlaupsins, á netfangið jona@isi.is. Nánari upplýsingar um Kvennahlaupið má finna á heimasíðunni kvennahlaup.is.

**bergsteinn@frettabladid.is**

Búnaðarsamband Vestfjarða skorar á forsætisráðuneytið:

# Vilja aftur búskap á Hrafnseyri

Búnaðarsamband Vestfjarða mun senda forsætisráðuneytinu á næstu dögum áskorun um að stuðla að því að búskapur verði hafinn á nýjan leik á Hrafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.

Stjórn Búnaðarfélags Auðkúluhrepps á frumkvæði að málinu en í því sitja bæði Hallgrímur Sveinsson, sem síðast var þar með búskap eða til ársins 2005, og hjónin Hreinn Þórðarson og Hildigunnur Guðmundsdóttir frá Auðkúlu sem er næsti bær við Hrafnseyri.

„Það er áríðandi fyrir okkur að fá tengingu við þetta svæði hérna, þá kemst sveitin okkar aftur í byggð,“ segir Hildigunnur sem vonast til þess að ef ungt og drífandi fólk hæfi þar búskap myndi krafan um samgöngubætur við svæðið fá byr undir báða vængi.

Árni Brynjólfsson, formaður Búnaðarsambands Vestfjarða, segir hugmyndina að fá stjórnvöld til að athuga hvort áhugi sé til staðar hjá ungu fólki til að hefja þar búskap og ef svo sé að greiða götu nýrra ábúenda svo líf komist aftur í mannvirkin á staðnum. Aðeins einn starfsmaður hefur verið á Hrafnseyri yfir sumartímann frá því að búskap var hætt. Hildigunnur segir að flokkur sveitunga þynnist óðum en þau sjálf hafa hætt búskap og búa yfir háveturinn á Þingeyri. „Við erum svo alveg eins og kálfar á vori þegar við komum hingað í apríl,“ segir hún og hlær við.

**- jse**



**HJÓNIN Á AUÐKÚLU** Hreinn og Hildigunnur vonast til þess að meira líf færist í nágrannabæinn á Hrafnseyri. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR


NOVARTIS




Drepur fótsveppinn

- þarf aðeins að bera á einu sinni

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbínafíni (sem hýdróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fótsvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbínafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvortis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húðmeðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir eyðingu sveppsins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

# Sportbúðin er ódýrari

## og í leiðinni úr bænum

### Besta verðið í bænum



**Ron Thompson alklæðnaður í veiðina.**
Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.

### Bæjarins besta verð



**Lítið dæmi um gott verð.**
Bæjarins langbesta verð. 299 kall stykkið.

### Við erum ódýrari



**Okuma Airframe fluguhjól.**
Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum.
Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.

### Á sjó



**DAM Power Pirate sjóhjól.**
Vönduð og sterk sjóhjól frá þessum þekkta þýska framleiðanda.
Sumartilboð aðeins 7.995.

### Sportbúðin býður betur



Letingjar, beitubox, flotholt, sökkur, önglar, tökuvarar og allt sem þú þarft í veiðina á góðu verði

### Fyrir sægreifana



**Ron Thompson fiskihörpur.**
Þú þarft engan kvóta. Bara Ron Thompson fiskihörpu með línu, sökku og krókum.
Allt þetta aðeins frá 1.395.

### við erum í leiðinni úr bænum



Beitan í veiðina.
Makríllinn og ormarnir í veiðitúrinn.

### Góð kaup

5 ókeypis spúnar í kaupbæti



**Ron Thompson Carbostick kaststöng.**
Vönduð og sterk þriggja hluta veiðistöng.
Sterkur hlífðarhólkur fylgir.
Fullt verð 18.995. Sumartilboð aðeins 13.980.

### Hálfvirði



**Okuma og DAM veiðihjól.**
50% afsláttur af völdum hjólum.
Gott úrval og frábært verð.

### Stál og hnífar



**Hnífasett á frábæru tilboði.**
Vandaðir hnífar, skurðarbretti og stál.
Sumartilboð aðeins 4.995

**SPORTBÚÐIN**

## Í leiðinni úr bænum

## Sportbúðin
## Ódýra veiðibúðin

**Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is**

**Útgjöldin**
Lausasöluverð helgarblaðs DV í maí.




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** LILJA NÓTT ÞÓRARINSDÓTTIR LEIKKONA

## *Keypti kókdós í sekknum*

„Mín bestu kaup hljóta að hafa verið íbúðin mín,“ segir Lilja Nótt Þórarinsdóttir, nýútskrifuð leikkona, spurð um bestu og verstu kaupin í gegnum tíðina. Lilja keypti íbúðina árið 2005, skömmu áður en fasteignamarkaðurinn skellti sér á fullt skeið og prísar sig sæla yfir því í dag. „Hún var vissulega ekki ókeypis, en hækkaði um fimm milljónir á hálfu öðru ári, þannig að maður má sjálfsagt teljast heppinn miðað við það sem á eftir fylgdi.“

Verstu kaupin segir Lilja Nótt hafa verið kókdós, sem hún var prettuð til að kaupa á suðrænni sólarströnd. „Það kom upp að mér kona með fötu og bauð mér að kaupa kók. Þegar ég ætlaði að gera það kom í ljós að hún var ekki með neitt kók í fötunni, heldur hljóp bara upp á strandbarinn og keypti kókdós þar og seldi mér hana svo á fimmföldu verði!“



**LILJA NÓTT ÞÓRARINSDÓTTIR** Prísar sig sæla yfir að hafa keypt íbúð rétt fyrir fasteignabóluna. Íbúðin hækkaði um fimm milljónir á hálfu öðru ári.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### FRÍSKANDI SÍTRÓNUR

■ *Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Ungra jafnaðarmanna, notar sítrónur í ýmislegt og lumar á ýmsum húsráðum.*



„Sítrónur eru snilld. Ég sker þær í helminga langsum og nudda á baðherbergisflísar til að ná kalki og brúnu ógeði af. Svo má nota safann í ljóst hár og ég set hann líka stundum framan í mig því það er svo frískandi. Við vondri lykt í þvottavél má skella ediki í þvottaefnishólfið og þvo einn suðuþvott með tómri vél – eða illa lyktandi þvotti. Svo er hugmyndaauðgi í eldhúsinu til að spara: Það er ótrúlegt hvað má gera góðan mat úr því sem er til ef maður festir sig ekki í að elda eftir uppskriftum.“






**Í SUNDI** Að njóta lífsins í sundi er ein vinsælasta afþreying Íslendinga, sérstaklega á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ódýrast að fara í sund í Garðabæ

**ÚTIVIST** Íslendingar hafa löngum verið þekktir fyrir hveri og aðra náttúrulega baðstaði en í seinni tíð hafa glæsilegar sundlaugar risið um allt land. Sundlaugarnar eru mikið aðdráttarafl og á sumrin sækja þær stór hópur erlendra og íslenskra ferðamanna.

Aðgangseyrir í sundlaugarnar er mjög mismunandi en samkvæmt úttekt Fréttablaðsins er ódýrast fyrir fullorðinn að fara í sund í Garðabæjarlaug en dýrast í Dalvíkurlaug. Verð fyrir börn á skólaaldri er frá 100 krónum til 150 krónur en margar sundlaugar bjóða upp á frían aðgangseyri fyrir börn. Þá er frítt fyrir börn undir sex ára aldri í öllum sundlaugum.

Verð á leigu á sundfötum og handklæði er frá 250 krónum til 350 krónur og er sú þjónusta í boði hjá öllum stærri sundlaugum en þar er einnig hægt að nálgast veitingar.

Síðari ár hefur áhersla verið lögð á að gera sundlaugarnar öruggari. Börn eru oft í fyrirrúmi og reynt að gera laugarnar sem mest spennandi. Stórar vatnsrennibrautir eru mjög vinsælar og þær er nú að finna hjá mörgum sundlaugum alls staðar á landinu.

| Sundlaugar | fullorðnir | börn |
|---|---|---|
| Álftaneslaug | 360 | 120 |
| Ásvallalaug | 300 | 100 |
| Borgarneslaug | 360 | 177 |
| Bláa lónið | 3.200 | frítt |
| Djúpavogslaug | 350 | 150 |
| Egilsstaðalaug | 300 | 150 |
| Garðabæjarlaug | 230 | 110 |
| Grindavík | 300 | frítt |
| Hólmavíkurlaug | 370 | 150 |
| Laugardalslaug | 360 | 110 |
| Laugarskarð | 270 | 100 |
| Lágafellslaug | 360 | 110 |
| Patreksfjarðarlaug | 300 | 150 |
| Salalaug | 280 | 120 |
| Stykkishólmslaug | 310 | 140 |
| Sundhöllin Selfossi | 370 | frítt |
| Sundlaug Akureyrar | 410 | 100 |
| Sundlaug Dalvíkur | 450 | frítt |
| Vatnaveröld Keflavík | 250 | frítt |

Vatnsleikjagarðurinn Vatnaveröld í Keflavík býður upp á alls konar afþreyingu fyrir yngstu börnin og svo var Álftaneslaug að opna fyrstu öldulaug á Íslandi, ásamt því að hafa lengstu vatnsrennibraut landsins. Síðasta haust var svo opnuð ein stærsta sundmiðstöð landsins með fimmtíu metra innilaug að Ásvöllum í Hafnarfirði.

Þá getur líka verið skemmtilegt að brjóta út af vananum og prófa heitar laugar eins og Pollinn á Tálknafirði en þar er ókeypis fyrir alla.

Bláa lónið er hins vegar langdýrasti baðstaður Íslands enda í algerri sérstöðu. Þar kostar 3.200 krónur fyrir fullorðinn og 1.200 krónur fyrir unglinga en frítt er fyrir börn.

Hægt er að nálgast fleiri upplýsingar um staðsetningar sundlauga og hvera, afgreiðslutíma og fleira á www.sundlaugar.is.

**heidur@frettabladid**






# EINFALDAÐU LÍFIÐ

© Inter IKEA Systems B.V. 2009



**FAKTUM/SOLÄR eldhús**

10 m²

**455.990,-**

**FAKTUM eldhús með SOLÄR hvítum hurðum/SOLÄR beykihurðum og skúffuframhliðum.** SOLÄR hvítar hurðir með filmu, SOLÄR beykihurðir og skúffuframhliðar í glærlökkuðum beykispón með ígreyptum höldum. Heimilistæki, vaskur, blöndunartæki og borðplata seld sér.



**RATIONELL skúffuskilrúm 2.390,-** Fyrir 60cm breiða, skúffu. Ál



**895,-/stk.**
**RATIONELL kryddrekkar** B10×L49cm. Grátt/drapplitað



**RATIONELL VARIERA kassi 2.690,-** B48×D24, H15cm. Krossviður/birki



**RATIONELL VARIERA grænmetiskassi 1.990,-** B24×D24, H15cm.



**RATIONELL útdraganleg grind 12.950,-** B30×D54, H119cm. Silfurlitað



**750,-**
**RATIONELL ruslafata með loki** 11L. B26×D21, H30cm. Dökkgrátt

Eldhús sem er hannað fyrir þínar þarfir, þínar venjur og fjölskylduhagi. Vinnuvistvænt eldhús skiptir mjög miklu máli í þínu daglega lífi. Geymdu þunga hluti í skúffunum til að auðvelda þér að nálgast þá, ofninn í sömu hæð og borðplötuna til að einfalda alla matargerð og hafðu síðan öll eldhúsáhöldin innan seilingar.

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Núll-núll:

## Íran/Ísland

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Hálfa leið um hnöttinn reis fólk úr rekkju í morgun eftir órólega nótt. Gærdaginn var mótmælt á götum. Lögregla hefur farið um götur og hús, leitað nafntogaða menn uppi og fangelsað með hörkulegum hætti: blaðamenn, sem reynst hafa iðnir síðustu viku að greina frá massífum mótmælum, eru horfnir bak við lás og slá. Skeinuhættum stjórnvöldum hefur tekist að koma helstu gagnrýnendum sínum í bann. Útvarpssendingar frá erlendum stöðvum eru djammaðar, vefsetrum lokað, SMS-sendingar læstar, fjölmiðlar lúta valdi stjórnvalda. Klerkaveldið nötrar og sjálfskipuð stjórn sem situr eftir spilltar kosningar situr magnþrota með ónýtt umboð. Um göturnar fer ungt fólk og konur eru í framlínunni. Næstu dagar verða örlagaríkir: munu mótmæli almennings hrinda valdhöfum sem eru kennistéttunum þóknanlegar, lýtur valdastéttin í lægra haldi fyrir „skrílnum“?

Það á ekki af Íran að ganga: þetta forna stórveldi með sinni gjöfulu og ríku menningu hefur mátt þola leppstjóra stórveldanna, harðstjórn kennivalds og nú vill hin unga þjóð rjúfa bönd fortíðarinnar og grípur til vopna sem víða hafa dugað: lýðræðis í kosningum eftir svo kvika og almenna umræðu og þátttöku að undrum sætti víða um heim. Hvert sem menn vilja leita upphafsins má finna kjarnann í hugsuninni: Víst getum við.

Og varðar okkur um þá eitthvað í Langtbortistan? Ekki er þeirra barátta okkar? Ekki situr hér slíkt kenniveldi, gæslumenn gamalla hugmynda, stirðnaðra hagsmuna? Ekki þurfum við að gá hvort Facebook virkar, Netið sé tengt, pressan standi sig? Við trúum að Netið haldi, lífið líði áfram, peningafárið í kringum okkar nái brátt mörkum, endileysunni ljúki, en sjáum engin merki þess í bráð. Og yfir okkur kusum við ríkisstjórn sem grípur ryðguð vopn, skattahækkanir og álögur, henni er um megn að stytta böndin þegar þarf, skera niður og endurskipuleggja í ríkisrekstrinum. Hún er magnþrota um miðjan morgun.

Og þá fellur krafan um aðgerðir á okkur: heima við, í fyrirtækjunum, í hinni virku umræðu á torgum og túnum, hvar sem við komum saman. Flokkaböndin skulu sundur, málefnin lifna í samtali um hvað sameinar og hvað skilur að. Nýr sáttmáli lagður, gömul gildi fægð svo skíni: við skulum jöfn. Lýðræðið verður virkt á ný. Og karl sem flytur milli hreppa leggur fram hina sanngjörnu kröfu sem nú skal enn brýnd: einn maður, eitt atkvæði. Kosningarétturinn verður að byggja á jafnræði. Annars eru kosningar ekki lýðræðislegar, kosninganiðurstöður falsaðar því reglurnar byggjast á rangindum. Þegar þeim rangindum verður eytt getum við kosið á ný fulltrúa sem sannanlega eru kjörnir af jöfnum rétti atkvæða.

Daginn fyrir baráttudag verkalýðsins í vor lýsti leiðarahöfundur eins íhaldssamasta blaðs Bandaríkjanna áhyggjum yfir hinu heita sumri sem fram undan væri í gömlu álfunni, Evrópu. Því til sanninda voru nefnd ólæti almennings í Reykjavík og víðar. Sumarið er komið: Íran er nær en við sjáum á kortinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Margar skúffur í henni Jóhönnu

Eflaust halda útlendingar að fá önnur nöfn en nafnið Jóhanna séu til hér á landi, þar sem það kemur fyrir í öllum helstu tíðindum héðan. Jóhanna Sigurðardóttir fékk mikla athygli þegar hún varð forsætisráðherra og er annað slagið enn í heimspressunni. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir vinnur hug og hjörtu allra á Eurovision og síðan fer Jóhanna um Faxaflóann og kemur með hrefnur í Kópavoginn, sem vekur mikla athygli ytra. Það er greinilega satt sem Þórarinn Eldjárn orti og Jón Kr. Ólafsson, söngvari frá Bíldudal, söng: „Það eru margar skúffur í henni Jóhönnu.“



### Pólitískur grikkur úti í garði

Íbúa í Starrahólum var ekki skemmt þegar sovéski fáninn blakti við hún hjá þingkonunni Lilju Mósesdóttur sem býr þar í götunni. Hvílík svívirða á sjálfan þjóðhátíðardaginn. Síðar kom í ljós að sonur þingkonunnar hafði brugðið á leik og gert móður sinni þennan grikk enda væri hún stundum kölluð „kommi“ og lægi því vel við höggi. Það er greinilega ekkert frí hjá þingmönnum; þeir verða meira að segja að bregðast við pólitískum brögðum á heimili sínu. En síðan er einni spurningu ósvarað; hvað er sovéski fáninn að gera á heimilinu ef ekki má brúka hann?



### Fjallkonuna, takk!

Ólíkt hafast menn að á þjóðhátíðardaginn. Í höfuðborginni talar Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um það að sjálfstæði Íslands byggist á góðum samskiptum við alþjóðasamfélagið og þátttöku á þeim vettvangi. Á sama tíma segir Sturla Böðvarsson á Hrafnseyri að öllu sé fórnað til að koma Íslandi í ESB. Segir hann á myndrænan hátt að stjórnvöld vinni að því að draga niður íslenska fánann og hífa upp þann evrópska. Það fer að verða freistandi að hlusta bara á fjallkonuna sem talar um sjóinn, fossana og fuglasönginn í dalnum heima.

jse@frettabladid.is

# Fjórar bækur um hrun



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Bókaflóð

Íslenzkir kvikmyndagerðarmenn munu vonandi búa til góðar bíómyndir um hrunið líkt og ítalskir kvikmyndamenn hafa gert mynd eftir mynd um spillinguna á Ítalíu. Sumt fólk kýs að horfa heldur á bíómyndir og fara í leikhús en lesa blöð og bækur. Bíó, bækur, háskólar og leikhús eiga að hjálpast að við að upplýsa almenning um ástandið í samfélaginu. Pólitískt leikhús er varla til á Íslandi, ekki enn. Nýleg undantekning er sýningin Þú ert hér eftir Mindgroup í Borgarleikhúsinu. Þar var fjallað um hrunið. Eitt fyndnasta og áhrifamesta atriði sýningarinnar var löng og mærðarmikil lofræða manns í blindfullum embættisskrúða um Ísland og Íslendinga, á meðan tveir aðrir hámuðu í sig pylsur hinum megin á sviðinu, ca þúsund pylsur. Ræðan var höfð orðrétt eftir biskupi og forseta Íslands.

Fjórar bækur hafa nú birzt um hrunið. Ein þeirra er Sofandi að feigðarósi eftir Ólaf Arnarson, fyrrum framkvæmdastjóra þingflokks sjálfstæðismanna og aðstoðarmann ráðherra. Samantekt Ólafs vitnar um glöggan skilning á aðdraganda og eftirköstum hrunsins og lýsir rás atburðanna vel, en bætir þó ekki við miklu af nýjum upplýsingum. Höfundurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að hrunið stafi ekki fyrst og fremst af „glannaskap útrásarvíkinga“, heldur aðallega af „sjúklegu ástandi“ Sjálfstæðisflokksins (bls. 212). Þetta er rauði þráðurinn í bókinni. Má af því ráða nauðsyn þess, að óháðir erlendir menn rannsaki tildrög hrunsins. Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur, einn þriggja í rannsóknarnefnd Alþingis, sat í stjórn Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna, 1973-75.

### Litlu skárra?

Bók Guðna Th. Jóhannessonar, Hrunið, er lengri en bók Ólafs. Hún er eins og langt símtal, og þau eru misjöfn að gæðum: bók Guðna rekur atburðarásina og ýmis ummæli um hana í belg og biðu, án þess að séð verði, að höfundurinn hafi myndað sér skýra skoðun á viðfangsefninu eða hafi löngun til að draga lærdóma af því. Í bókinni örlar varla á greiningu á orsökum og afleiðingum hrunsins og ekki heldur á sögulegri sýn á innviði og umhverfi bankanna, og er höfundurinn þó mikils metinn sagnfræðingur, rithöfundur og háskólakennari. Sums staðar í textanum er engu líkara en höfundurinn blandi saman innstæðum og skuldum, þegar hann fjallar um skuldbindingar bankanna (bls. 131). Þessum greinarmun verður þó ávallt að halda til haga, því að íslenzkir skattgreiðendur bera ábyrgð að lögum á innstæðum í gömlu bönkunum heima og erlendis upp að ákveðnu marki, en ekki á erlendum skuldum bankanna, enda voru þeir einkabankar. Guðni segir: „Háskólasamfélagið á Íslandi reyndist litlu skárra en mestu oflátungar útrásarinnar“ (bls. 99) án þess að víkja í því viðfangi að þeim háskólamönnum, sem árum saman vöruðu við ofvexti bankanna og líklegum afleiðingum hans.

Bók Þorkels Sigurlaugssonar, Ný framtíðarsýn, er af öðrum toga af kápunni að dæma. Þar fjallar eitt hvellasta gjallarhorn útrásarinnar um endurreisn efnahagslífsins og bætt viðskiptasiðferði. Ég hef ekki lesið bókina og hef því ekkert meira um hana að segja. Rektor Háskólans í Reykjavík, þar sem þeir Guðni og Þorkell starfa báðir, hefur lýst því á starfsmannafundum í skólanum, hvernig henni tókst að forða sjóðum skólans í skjól í tæka tíð, áður en hún hvarf úr bankaráði Landsbankans eftir hrunið.

### Friður til sölu?

Bók Jóns F. Thoroddsen, Íslenska efnahagsundrið, rekur hagsögu síðustu ára í samhengi við liðna tíð. Bókin lýsir hlutverki fjölmargra, sem koma við sögu bankanna, og nefnir nöfn. Fróðleg er lýsingin á samskiptum bankanna við stjórnendur lífeyrissjóða, sem héldu áfram að kaupa bréf í FL Group löngu eftir að ljóst mátti vera, að þau voru lítils virði. Höfundurinn lýsir starfsemi verðbréfafyrirtækisins Burnham International á Íslandi, þar sem Hannes Smárason (þá hjá Íslenskri erfðagreiningu, síðar hjá FL Group) og Bjarni Benediktsson, nú formaður Sjálfstæðisflokksins, sátu hlið við hlið í stjórn. Félagið sýslaði með netbólufyrirtæki og missti starfsleyfið 2001. Lífeyrissjóður Austurlands tapaði miklu fé á viðskiptum við Burnham og þurfti að skerða lífeyrisgreiðslur til sjóðsfélaga. Víkingarnir röðuðu stjórnmálamönnum í stjórnir fyrirtækja sinna eins og til að kaupa sér frið. Bók Jóns lýkur á þessum orðum: „… á Íslandi viku hagsmunir heildarinnar fyrir hagsmunum fárra. Það er ein meginástæðan fyrir því hvernig fór og hvernig nú er ástatt fyrir Íslendingum. Sérhagsmunir íslenskra útrásarvíkinga, viðskiptablokka og jafnvel ráðamanna gengu þvert á þjóðarhagsmuni. Og … öllum virtist standa á sama.“ Ég hef talað um þetta í tuttugu ár. Fyrsta bókin mín hét einmitt Almannahagur (1990).

# Nokkrar spurningar til SÍ

**UMRÆÐAN**

Kjartan Broddi Bragason skrifar um greiðslubyrði heimilanna



**KJARTAN BRODDI BRAGASON**

Á síðustu mánuðum hefur Seðlabanki Íslands unnið áhugaverðar upplýsingar um skuldastöðu heimilanna. Í þessum gögnum eru nokkrir þættir sem ég held að vanmeti greiðslubyrði íslenskra heimila. Þessir þættir eru:

1. Svo virðist sem yfirdráttarlán séu ekki greidd niður heldur standi höfuðstóll þeirra í stað en vaxtagreiðslur eru greiddar. Hve mikið hækkar greiðslubyrði heimilanna ef yfirdráttarlánin eru greidd niður á t.d. 5-10 árum?
2. Á síðustu mánuðum hefur fjöldi heimila fengið ýmis konar greiðsluaðlögun. Er horft fram hjá því í þessum útreikningum og raungreiðslubyrði miðað við skilmála upprunalegra lána því vanmetin?
3. Fjöldi heimila hefur notfært sér greiðslukort til að auka skammtímafyrirgreiðslu sína og skuldar því í raun meira en fram kemur á hefðbundnum bankayfirlitum. Er tekið tillit til þess við úrvinnslu gagnanna?
4. Eru skuldir heimilanna við LÍN teknar með við úrvinnslu gagnanna?

Gott væri að SÍ gerði grein fyrir hvort og þá hvaða áhrif þetta hefði á heildarskuldastöðu innlendra heimila.

Þá má lesa (gróflega) úr gögnum SÍ að skuldir heimilanna eru um fjórfaldar ráðstöfunartekjur og meðalgreiðslubyrði liggur á bilinu 30-35% af ráðstöfunartekjum. Báðar þessar grundvallartölur eru stjarnfræðilega háar í alþjóðlegu samhengi. Gera má þá kröfu að SÍ birti raunstöðu innlendra heimila í alþjóðlegu samhengi.

Myndin verður enn svartari sé litið til vaxtastigs hér á landi, sem er með því hæsta sem þekkist. Ef vextir eru mjög háir er eignamyndun lítil – þeir sem verst standa fá þá á tilfinninguna að puðið sé til lítils og gefast ef til vill upp.

Þessi samantekt og úrvinnsla SÍ virðist undirstrika að verði ekki gerðar mjög róttækar breytingar á skuldastöðu innlendra heimila stefni hér í fjöldagjaldþrot þúsunda heimila með tilheyrandi mannlegum harmleik.

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Úrval, gæði og gott verð

KORTHAFATILBOÐ
**43.911**
Fullt verð: 54.890

Partner
Vnr. 53323076
## Sláttuvél
Partner sláttuvél með fjórgengis BRIGGS & STRATTON CLASSIC Q40 mótor, 4 hestöfl, 66 l safnkassi, stór hjól að aftan.



**20%** afsláttur fyrir korthafa
Sértilboð fyrir handhafa BYKO kortsins

Flymo
Vnr. 53323051
## Sláttuvél
FLYMO TURBO LITE sláttuvél, 330 SVIF. 1150W sláttubreidd 33 cm sláttuhæð 10-30 mm, þyngd 6,5 kg, 12 m löng rafmagnssnúra.

**28.900**





## Úrval af sláttuvélum

| | |
|---|---|
| Handsláttuvélar | Verð frá 16.900 |
| Rafmagnssláttvélar | Verð frá 24.900 |
| Bensínssláttuvélar | Verð frá 32.900 |
| Rafmagnssláttuorf | Verð frá 4.990 |
| Bensínsláttuorf | Verð frá 17.990 |

ÓDÝRT

**32.900**

Vnr. 53323164
## Sláttuvél
Warrior sláttuvél með fjórgengis loftkældum mótor. Vélin er 3,75 hestöfl, stillanleg sláttuhæð 15-70 mm, sláttubreidd 45 cm.



ÓDÝRT

Flymo
Vnr. 53323079
## Sláttuorf
FLYMO MINI, 230W, sláttubreidd 21 cm, léttur og handhægt sláttuorf.

**4.990**



Vnr. 41622106
## Sólbekkur
Sólbekkur, plast/bast, svartur.

**9.990**



Vnr. 41622113
## Garðstóll
Ál garðstóll, stillanlegur svartur

**12.900**

Vnr. 41622111
## Garðborð
Ál garðborð, granite plata, svört, stærð 70x150 cm.

**49.900**

RÁS 2
## Sumarleikur
BYKO og Rásar 2

Allir sem versla í BYKO geta tekið þátt í sumarleik með því að setja nafn sitt í pott.
Dregið út alla föstudaga.

**til 3. júlí**



Aðalvinningur að verðmæti 136.900 kr. ásamt 100.000 kr. inneign hjá BYKO.

í beinni á Rás 2



**32.900**

Vnr. 41621529-30
## Markísa
Markísa 3,5x2,5 m, græn eða beige.

BYKO

EXPO · www.expo.is

# Vörður staðinn um Strætó

**UMRÆÐAN**
Jórunn Frímannsdóttir skrifar um nýja stefnumótun Strætó bs.


JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Stjórn og stjórnendur Strætó bs. hafa undanfarna mánuði unnið að mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir fyrirtækið ásamt því að endurskilgreina hlutverk þess sem þjónustufyrirtækis. Stefnumótunin hefur, eðli máls samkvæmt, verið undir áhrifum af þeim efnahagslegu þrengingum sem við búum við um þessar mundir. Fjármagn er af skornum skammti og sterk krafa er um það í samfélaginu að vel sé farið með almannafé um leið og leitast er við að veita góða og styrka þjónustu.

### Markmið Strætó

Höfuðmarkmið Strætó bs. er að strætósamgöngur á höfuðborgarsvæðinu séu góður og öruggur kostur í samanburði við aðra ferðamáta og stuðli að því að draga úr aukningu bílaumferðar og þeim vandamálum sem henni fylgja. Framtíðarsýn stjórnar Strætó bs. er að í árslok 2014 verði Strætó þekkt sem fyrirmyndarfyrirtæki á sviði umhverfisvænna og skilvirkra strætósamgangna. Þjónusta fyrirtækisins verði framúrskarandi og svari þörfum mikilvægustu markhópa þess.

Leiðakerfið verði skilvirkt og hagkvæmt og starfsfólk ánægt og stolt af sínum störfum. Ímynd fyrirtækisins skal einkennast af virðingu, þjónustulund og vingjarnlegu viðmóti gagnvart notendum. Þá er stefnt að því að nýting fjármagns sem bundið er í rekstrinum verði með því besta sem þekkist og eigendur þess verði ánægðir með samfélagslegt virði þjónustunnar.

### Þjónustustefna til framtíðar

Stjórn Strætó bs. hefur skilgreint ítarlega þjónustustefnu í þeirri viðleitni að gera framtíðarsýn sína að veruleika. Hana má nálgast í heild sinni á www.straeto.is.

Meðal helstu lykilmarkmiða er að leiðakerfið skuli vera auðskilið og taki mið af almennum ferðaþörfum. Áhersla verður lögð á þjónustu á annatíma og hún efld eftir þörfum þannig að vagnar á stofnleiðum og öðrum helstu leiðum aki með að minnsta kosti 15 mínútna tíðni. Á öðrum tímum sé þjónustan löguð að eftirspurn og haldið innan eðlilegra kostnaðarmarka. Á minna notuðum leiðum getur tíðnin verið breytileg og í samræmi við notkun. Almennt er stefnt að því að lækka meðalkostnað hverrar ferðar í leiðakerfinu í heild.

Mikilvægt er að hafa í huga að akstursleiðir geta breyst samfara fjölgun eða fækkun farþega. Til grundvallar verða þá hafðar nákvæmar reglubundnar talningar ásamt kostnaðarmati.

Í þjónustustefnunni er mikil áhersla á áreiðanleika, stundvísi og þægindi og í því sambandi verður unnið að því með sveitarfélögunum að strætisvagnar fái aukinn forgang í umferðinni og þeir losaðir eftir megni við umferðartafir.

Lögð verður aukin áhersla á innkaup og notkun umhverfisvænna vagna og nýtingu á umverfisvænum og innlendum orkugjöfum. Þá verða gerðar auknar kröfur til gæða og útbúnaðar í vögnum til að auka þægindi og öryggi.

Almenna markmiðið er að hlutfall þeirra sem nota strætókerfið verði aukið innan næstu fimm ára. Í því sambandi verða markaðs- og kynningarmál efld og m.a. leitast við að kynna almenningssamgöngur sérstaklega í skólum.

Almenningssamgöngur hafa sjaldan verið mikilvægari en einmitt nú. Með stefnumótun Strætó bs. sýna stjórn samlagsins og aðildarsveitarfélög einbeittan vilja sinn til að standa vörð um þjónustuna þannig að hún nýtist sem flestum á eins hagkvæman hátt og kostur er.

*Höfundur er stjórnarformður Strætó bs.*






# Tökum skref í átt til jafnréttis

**UMRÆÐAN**
Steinunn Rögnvaldsdóttir skrifar um jafnréttismál


STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

Þann 19. júní 1915 fengu íslenskar konur fjörutíu ára og eldri kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Við minnumst þess í dag og fögnum þeim skrefum sem hafa verið tekin áfram á veginum til samfélags þar sem konur standa jafnfætis körlum. Sú spurning kemur eðlilega upp í hugann hvað séu brýnustu verkefnin sem þarf að leysa nú á krepputímum til að jafnrétti megi ríkja í samfélaginu.

Þegar kreppan skall á varð samdráttur í mörgum greinum þar sem karlar eru í meirihluta, svo sem byggingariðnaði. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að ríkið ætli að forgangsraða verkefnum í þágu mannaflsfrekra framkvæmda til að sporna við atvinnuleysi. Í yfirlýsingunni stendur enn fremur að standa eigi vörð um opinber störf, „ekki síst í velferðarþjónustu og menntastofnunum“. Konur eru stór hluti þeirra sem gegna opinberum störfum, sér í lagi störfum í velferðarþjónustu og menntakerfinu. Það á sem sé að forgangsraða þannig að fjölga störfum þar sem karlar eru í meirihluta, en standa vörð um störf þar sem konur eru fjölmennari.

Enn eru fleiri karlar án atvinnu en konur, atvinnuleysi er 9,7% meðal karla og 7,4% meðal kvenna. Það er þó mikilvægt að sjá hvert við stefnum og þróunin er uggvænleg því að í maískýrslu Vinnumálastofnunar um stöðu á vinnumarkaði segir að atvinnuleysi minnki um 3,8% meðal karla en aukist um 2,9% á meðal kvenna. Það virðist því ganga ágætlega að fjölga karlastörfum en verr að standa vörð um kvennastörfin. Þetta er ekki síst alvarlegt þegar litið er til þess að konur hafa almennt minni tekjur en karlar og kynbundinn launamunur er viðvarandi vandamál hérlendis.

Jafnréttisnefnd BSRB hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem lögð er áhersla á að stjórnvöld grípi til atvinnuskapandi aðgerða sem gagnast báðum kynjum og án þess að slík atvinnusköpun verði á kostnað mikilvægrar starfsemi velferðarkerfisins. Í yfirlýsingunni segir m.a.: „Atburðarásin má hins vegar ekki verða sú að kvennastéttum sé ýtt út af vinnumarkaði við fjármögnun verkefna til að skapa ný störf fyrir karla. Reynslan kennir að allt of oft hefur raunin orðið sú á samdráttartímum. Þannig hefur beinlínis verið ráðist í atvinnusköpun á kostnað kvenna“.

Til þess eru vítin að varast þau. Nú er stórhættulegt að sofna á verðinum, því ef það gerist þá getum við endað með að ganga aftur á bak í stað þess að fara áfram á veginum til jafnréttis. Það er skref áfram að verja velferðarkerfið og störf þeirra sem sinna grunnvelferðarþjónustu fyrir þjóðina, og það er skref áfram að leggja áherslu á atvinnusköpun fyrir bæði kynin. Tökum þetta skref. Til hamingju með daginn.

*Höfundur er formaður Ungra vinstri grænna.*

# Dulbúin skólagjöld?

**UMRÆÐAN**
Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir skrifar um gjaldskyld bílastæði við HÍ


AÐALBJÖRG ÓSK GUNNARSDÓTTIR

Nokkur umræða hefur skapast að undanförnu um þá ákvörðun háskólaráðs að taka upp gjaldskyld bílastæði við Háskóla Íslands. Hefur umræðan gjarnan farið fram á röngum forsendum og jafnvel farið út í ærumeiðingar og persónulegar árásir af hálfu þeirra sem hlynntir eru gjaldskyldunni.

Mikilvægt er að skoða nokkrar staðreyndir málsins. Í fyrsta lagi liggur það fyrir með skýrum hætti af hálfu Stúdentaráðs HÍ að allir fulltrúar þess eru mótfallnir því að taka upp gjaldskyldu í bílastæði við skólann. Oddviti minnihlutans í Röskvu ítrekaði þessi sjónarmið í grein sinni í Fréttablaðinu á dögunum, þótt hún tæki í leiðinni fram að minnihlutinn teldi að þetta tiltekna baráttumál ætti ekki að njóta forgangs á vettvangi ráðsins. Í öðru lagi liggur fyrir að töluverður kostnaður leggst á stúdenta við Háskóla Íslands í kjölfar þess að bílastæðagjöld verða tekin upp, skoðum það nánar.

Sé miðað við að gjaldskyldan falli undir það sem skilgreint er sem „gjaldsvæði 4“ þá kostar klukkutíminn 80 krónur. Þetta gerir það að verkum að heill vinnudagur frá kl. 8.00-16.00 kostar 640 krónur. Fimm daga vinnuvika mun því kosta stúdent 3.200 krónur, sé miðað við fulla nýtingu. Ef allt er talið með, þ.e. allar kennsluvikur auk tæplega þriggja vikna prófatarna mun gjaldskyldan kosta 51.200 krónur á önn, sem gera 102.400 krónur á ári! Þess ber þó að geta að bílastæðasjóður býður upp á mánaðarkort, sem kostar um 4.000 krónur samkvæmt www.rvk.is. Fjárfesti stúdent í slíku korti alla níu skólamánuði ársins gera það 36.000 kr. Það skal tekið fram að innritunargjöldin við HÍ nema um 45.000 þúsund krónum á ári svo samanlagður kostnaður við bílastæði og innritun í skólann væri 81.000 þúsund krónur árlega. Nú þegar stúdentar tilheyra í mörgum tilfellum tekjulægsta hópi samfélagsins er alveg ljóst að gjöld sem þessi eru þeim afar þungbær.

Nýlega kom í ljós að um 50% af ágóða gjaldskyldunnar færu í vasa Háskólans en hinn helmingurinn til Bílastæðasjóðs. Þessi ágóði mun þó ekki renna til viðhalds á bílastæðum skólans. Það er því eðlilegt að hinn almenni stúdent spyrji sig hvort háskólaráð sé hér í raun að leggja dulbúin skólagjöld á nemendur? Með gjaldskyldum bílastæðum hyggst Háskóli Íslands annars vegar auðvelda aðgengi þeirra fjölmörgu gesta sem koma á háskólasvæðið á degi hverjum en hins vegar framfylgja umhverfisstefnu skólans. Þessi rök vega ekki nægilega þungt til að réttlæta gjaldtökuna þar sem gestir og viðskiptavinir Háskólans ættu ekki að fá forgang í bílastæði á kostnað nemenda, enda er Háskóli Íslands fyrst og fremst menntastofnun en ekki verslunarmiðstöð. Því má bæta við að óeðlilegt er að umhverfisstefna Háskóla Íslands skuli bitna fjárhagslega á nemendum skólans.

Þegar öllu er á botninn hvolft hefur Vaka, sem stýrir nú starfi Stúdentaráðs, þá skýru afstöðu að berjast gegn fyrirhuguðum gjaldskyldum bílastæðum við HÍ. Það er ljóst að stúdentar geta einfaldlega ekki staðið straum af þessum kostnaði, sérstaklega í því árferði sem nú hrekur landann. Meirihluti Stúdentaráðs Háskóla Íslands skorar því hér með á háskólaráð að afturkalla ákvörðun sína um gjaldskyld bílastæði við Háskóla Íslands.

*Höfundur situr í Stúdentaráði fyrir hönd Vöku.*

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Hver á sér fegra föðurland?

**Níels Einarsson skrifar:**

*Hver á sér fegra föðurland*
*með fjöll og dal og bláan sand,*
*með norðurljósa bjarmaband*
*og björk og lind í hlíð.*
*Með friðsæl býli, ljós og ljóð.*
*Svo langt frá heimsins vígaslóð?*
*Geym Drottinn, okkar dýra land,*
*er duna jarðarstríð.*

Er þetta ekki umhugsunarefni á þeim tímum hörmunga sem nú ganga yfir íslensku þjóðina, 50 til 60 ára mistök stjórnmálamanna gætu jafnvel verið bjargarvon úr þeim háska sem nú er að sundra þjóðinni.

Hvaða mistök? Mistökin eru innheimta á skatti af lífeyri.

Ef tekinn væri skattur af lífeyri til launþega þá mætti áætla að u.þ.b. 3 til 4,7 milljarðar króna kæmu í kassa ríkisins á hverjum mánuði, þessi upphæð gæti verið til staðar fyrir ríkissjóð án þess að auka þurfi álag á þegna landsins, auk þess eru til 616,4 milljarðar króna í eigu ríkisins í vörslu lífeyrissjóðanna.

Því er ekki nokkur þörf á því að leggja aukaskatt á okkur borgarana út af bankahruninu.

Lífeyrissjóðseign landsmanna er u.þ.b. 1.657 milljarðar króna. Ógreiddur skattur miðað við 37,2% er því um 616,4 milljarðar króna. Látnir (dánir Íslendingar ) væntanlegir lífeyrisþegar greiða ekki skatt af þeim lífeyri sem þeir ættu að fá hefðu þeir lifað til að njóta lífeyrisgreiðslna. Þessi (margra ára) skattur liggur því ónotaður í vörslu lífeyrissjóðanna.

Miðað við mánaðarlegan ógreiddan skatt af lífeyri má ætla að sú upphæð sé frá 3 til 4,7 milljarðar króna á mánuði.

Eins og áður er sagt þá má ætla að við andlát lífeyrisþega skili skattgreiðslur sér ekki í ríkissjóð. Nokkrir milljarðar á hverjum mánuði, frá þeim tíma þegar greiðslur hófust úr sjóðunum.



Martinelli hvíttuð eik og 30x60cm Champion flísar

# Gólfefnaúrval í Múrbúðinni

Nú borgar sig að gera gæða- og verðsamanburð!

Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm
**3.790** kr. pr. m²

Martinelli, 3 stafa Eik hvíttuð, olíuborin 2200x189x14mm
**3.990** kr. pr. m²

Steirer, Austurískt, 3 stafa Hnota 2200x182x14x4mm
**7.290** kr. pr. m²

Steirer, Austurískt, 3 stafa Eik 2200x182x14x4mm
**4.290** kr. pr. m²

New plastparket, Eik, rakavarið 1214x193x8,3mm
**1.795** kr. pr. m²

New plastparket, Beiki, rakavarið 1214x193x8,3mm
**1.795** kr. pr. m²

Vegg, Princess, hvít, 20x45cm
**2.790** kr. pr. m²

Vegg, Princess, svört, 20x45cm
**2.350** kr. pr. m²



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Steinskífa Mustang 30x60
**3.990** kr. pr. m²

Gólf, Sunrise Beige, 33x66cm
**3.590** kr. pr. m²

Gólfflís, brún og beige 33x33cm
**2.490** kr. pr. m²

**Reykjavík, Klettháls 7:** Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
**Suðurnes, Fuglavík 18:** Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Akureyri, Furuvellir 15:** Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

# NÝTT KORTATÍMABIL

**TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR ÞJÓÐLEIKHÚSSTJÓRI ER 55 ÁRA.**

*„Orðin og viljinn góði eru ekki nóg, verkin þurfa einnig að tala.“*

***Tinna Gunnlaugsdóttir er flestum kunn sem leikkona og þjóðleikhússtjóri. Hún lét fyrrnefnd orð falla á norrænni ráðstefnu listabandalaga þegar hún tíundaði mikilvægi samstarfs listamanna á Norðurlöndum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. JÚNÍ 1777

## *Kauptún skipað í Flatey*

Fyrir 232 árum var skipað kauptún í Flatey á Breiðafirði og hófst þar verslun sama ár. Verslunarsvæðið náði yfir Vestureyjarnar og sveitirnar á Barðaströnd. Í byrjun tuttugustu aldar gekk síðan vélbátur milli Flateyjar og hreppanna í Barðastrandar- og Dalasýslu.



Kaupfélagi Flateyjar var komið á laggirnar árið 1920. Var það smátt í sniðum til að byrja með en stækkaði til muna þegar verslun Guðmundar Bergsteinssonar lagðist af. Stunduð voru þar verslun og viðskipti fram yfir árið 1950 en á árunum 1940 til 1950 voru stofnuð útgerðar- og hraðfrystifélög. Frystihúsið á Tröllenda var byggt sem og bryggjan en atvinnureksturinn lognaðist þó fljótt út af.

Byggð í Flatey á rætur sínar að rekja allt aftur á landnámsöld þegar Þrándur mjóbeinn nam eyjarnar vestan Bjarneyjarflóa og bjó hann í Flatey. Eyjan er stærri en aðrar Vestureyjar og stutt er á fiskimið og í aðrar eyjar. Höfnin, sem er skeifulaga eyja á móts við Þýskuvör, var sjálfgerð frá náttúrunnar hendi og veitir hún var í flestum áttum. Flateyjar er getið í Sturlungu og var Flateyjarbók geymd í eynni fram til 15. september 1647 þegar Brynjólfur biskup fékk hana að gjöf og færði konungi. Þá var bókin orðin 250 ára, enda skrifuð á 14. öld.

### MERKISATBURÐIR

**1000** Gissur hvíti Teitsson og Hjalti Skeggjason koma að landi í Vestmannaeyjum með kirkjuvið frá Ólafi konungi Tryggvasyni. Þaðan halda þeir til Alþingis á Þingvöllum til að boða kristni.

**1900** Íslendingar eiga þess í fyrsta skipti kost að setjast upp í vagn sem flytur þá landleiðis milli staða. Voru það póstvagnar.

**1936** Kristján 10., konungur Íslands og Danmerkur, kemur til landsins og ferðast norður í land og víðar.

**1972** Mannbjörg verður þegar togarinn Hamranes ferst úti af Snæfellsnesi. Mikil réttarhöld urðu vegna slyssins.

### AFMÆLI



**VIÐAR EGGERTSSON,** leikari og leikstjóri, er 55 ára.



**VILBORG HALLDÓRSDÓTTIR** leikkona er 52 ára.



**LÁRA SVEINSDÓTTIR** leikkona er 35 ára.



**STEFÁN BALDURSSON,** leikstjóri og fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, er 65 ára.



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON** borgarfulltrúi er 58 ára.



**KRISTBJÖRG KJELD** leikkona er 74 ára.



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingibjörg Ögmundsdóttir**

Hrafnistu, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 19. júní kl. 13.00.

**Kristín Björg Pétursdóttir**
**Halldór Stefán Pétursson** **Ólöf Sigurðardóttir**
**Ingibjörg Soffía Pétursdóttir Sik** **Leif Sik**
**Ragna Brynjarsdóttir**
**ömmubörn, langömmu- og langalangömmubörn.**



†

*Frændi okkar,*

**Eiríkur Björgvinsson**

múrari, Kleppsvegi 128, Reykjavík,

er látinn. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu, föstudaginn 19. júní kl. 11.00.

**Frændfólk hins látna.**



†

*Elskuleg systir okkar, frænka og mágkona,*

**Sigurveig Valdimarsdóttir**

Kirkjusandi 1, Reykjavík,

lést 15. júní á líknardeild Landspítala í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 22. júní kl. 11.00.

**Unnur Ósk Valdimarsdóttir**
**Vilhelmína Valdimarsdóttir**
**og aðstandendur.**




**SIGUR ÞRISVAR Í RÖÐ** Fyrirtækið 66° Norður hefur nú í þrjú ár í röð hlotið verðlaun fyrir hönnun sína. Hjördís segir árangurinn vera mikla viðurkenningu sem starfsmenn séu mjög stoltir af. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**66° NORÐUR:** FÆR VERÐLAUN FYRIR FRAMÚRSKARANDI HÖNNUN ÞRIÐJA SINN Í RÖÐ

# ERUM STOLT AF ÁRANGRINUM

Fyrirtækið 66° Norður hlaut nýverið Apex-verðlaunin frá Polartec fyrir framúrskarandi hönnun þriðja árið í röð. „Jakkinn sem við fengum nú verðlaun fyrir heitir Akrafjall. Hann er úr nýju flísefni sem er blandað með átján prósent ull. Flísefnið heldur hita um leið og það andar vel og þornar fljótt,“ segir Hjördís María Ólafsdóttir, verkefnastjóri í markaðsdeild 66° Norður.

Polartec er stærsti framleiðandi flísefna í heiminum og stendur einna fremst á því sviði. „Öll stóru útivistarmerkin nota Polartec-efni í sínar vörur en fyrirtækið fann á sínum tíma upp flísefnið. Þessi hönnunarkeppni er haldin árlega og er fyrirtækjum sem nota efni frá þeim boðið að taka þátt. Þar velja þeir þá sem skara að þeirra mati fram úr í hönnun og notkun efnanna,“ segir Hjördís áhugasöm og útskýrir nánar hönnun verðlaunajakkans: „Blandað er saman nýju flísefni við efni sem heitir PowerStretch og teygist sérstaklega vel. Teygjanlega efnið er sett í hliðar jakkans og innanvert á ermar en restin er úr flísi. Þannig fæst fullkomin hreyfigeta auk hlýju.“

Jakkinn er fyrir fullorðna og nýtist bæði sem tísku- og útivistarfatnaður. „Í útivist er yfirleitt talað um þrjú lög af fatnaði og er þessi jakki hugsaður sem miðlagið sem heldur á manni hita. Hann er hins vegar líka hannaður með það í huga að geta nýst sem daglegur fatnaður, til dæmis við gallabuxur. Hann virkar því hvort sem er uppi á Hvannadalshnúk eða á Laugaveginum og var það ein af ástæðunum fyrir því að við hlutum þessi verðlaun,“ segir Hjördís María ánægð. Bergþóra Guðnadóttir ásamt hönnunardeild 66° Norður á heiðurinn að hönnun jakkans. „Við erum með mjög góða hönnunardeild og er jakkinn í raun samvinnuverkefni.“



Hin eftirsóttu Apex-verðlaun hafa alls níu sinnum fallið 66° Norður í skaut og nú þrisvar í röð. „Við erum gríðarlega stolt af þessum árangri enda engir aukvisar sem við keppum við, má þar nefna North Face og Patagonia,“ segir Hjördís glaðlega. Í fyrra hreppti 66° Norður verðlaunin fyrir barnajakkann Emblu og árið þar á undan fyrir hestafatnaðinn Víkur. „Þá vorum við fyrstu aðilarnir sem gerðu hestafatnað úr Polartec-efni,“ segir hún og bætir við: „Frá því við hófum samstarf við Polartec höfum við alltaf sent inn vörur í keppnina og náð góðum árangri. Dæmi um aðrar vörur sem hlotið hafa verðlaun er Kríu-ungbarnafatnaðurinn sem flestir nýbakaðir foreldrar á Íslandi kannast við og Softshell-jakkinn sem Anita Briem klæddist í kvikmyndinni Leyndardómar Snæfellsjökuls.“

Verðlaunin eru að sögn Hjördísar Maríu fyrst og fremst viðurkenning á góðu starfi fyrirtækisins 66° Norður en þau hafa einnig mikla þýðingu fyrir útflutning. „Við getum sýnt fram á að við erum með gæðavörur sem standast samanburð við mun þekktari vörumerki. Þetta er því ákveðinn gæðastimpill. Margir sækjast eftir umboði fyrir okkar vörur en við veljum eingöngu aðila sem eru með góð tengsl í viðkomandi löndum. Miklu máli skiptir að hafa trausta umboðsaðila. Við erum í samningaviðræðum við nokkra og er það mjög jákvætt. Síðan er verslun ferðamanna hér á landi sífellt að aukast enda mjög ódýrt fyrir útlendinga að versla eftir að krónan hrundi.

Reyndar höfum við alltaf selt mikið til ferðamanna þar sem þeim finnst okkar vörur einkennandi fyrir Ísland þar sem þær sjást víða meðal almennings,“ segir Hjördís María.

**hrefna@frettabladid.is**

# Málþing um rannsóknir á jarðhita

Í tengslum við formlega stofnun alþjóðlegs rannsóknaklasa í jarðhita, GEORG (GEOthermal Research Group), er efnt til opins málþings um jarðhitarannsóknir og nýtingu jarðhita.

Málþingið er haldið í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur í dag frá klukkan 13.30 til 17 og hefst með ávarpi Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra. Þingið mun fara fram á ensku og er öllum opið .

Dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu GEORG, http://georg.hi.is. Þátttakendur geta skráð sig með því að senda tölvupóst á georg@orkugardur.is en markmið rannsóknasamstarfsins er að leiða saman fræðimenn á jarðhitasviði og mynda vettvang sem getur orðið leiðandi í alþjóðlegum jarðhitarannsóknum.



**ÖLLUM OPIÐ** Efnt er til opins málþings um jarðhitarannsóknir og nýtingu jarðhita í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GÖMUL TÚPUSJÓNVÖRP** munu vafalaust brátt verða eftirsóttur antíkvarningur enda hætt að fást víðast hvar. Hendið því ekki sjónvarpinu þegar þið hyggist endurnýja viðtækið. Það er eflaust hægt að selja það, til að mynda á sölusíðum á netinu.



**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447












Inga María Leifsdóttir í gervipelsinum sem hún keypti hjá Hjálpræðishernum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Tveir eftirlætishlutirnir mínir í augnablikinu

**Inga María Leifsdóttir, kynningarstjóri Íslensku óperunnar, heldur mikið upp á Hjálpræðisherinn og keypti þar gervipels fyrir fáeinum árum. Hann er í uppáhaldi ásamt gullkrossi sem hún fékk í skírnargjöf.**

„Hann er nú kannski ekkert sérstaklega sumarlegur en kemur engu að síður að góðum notum á íslenskum sumarkvöldum, sem eru nú ekkert sérstaklega hlý,“ segir Inga María, sem hefur oftsinnis gert góð kaup hjá Hjálpræðishernum. Pelsinn er líklega frá því um 1970, snjáður en mjög klæðilegur.

„Ég held annars mikið upp á notuð föt sem hafa verið í eigu íslenskra kvenna og finnst mun skemmtilegra að kaupa þau á mörkuðum og bösurum en að kaupa þau í þar til gerðum tískubúðum sem kaupa inn notuð föt og selja svo, með fullri virðingu fyrir þeim.“

Um hálsinn er Inga María með gullkross sem nafna hennar og amma, Inga Þorgeirsdóttir, gaf henni í skírnargjöf, en þrátt fyrir að krossinn sé aðeins um sentimetri að lengd er nafn Ingu Maríu grafið í hann.

„Annars er ég mjög dugleg að halda utan um allt sem er í fataskápnum mínum og margar flíkur verða í uppáhaldi í einhvern tíma og geta svo komið sterkar inn seinna. Ef ég þarf að laga föt eða breyta þeim sem ég kaupi notuð nota ég gjarnan saumavélina mína sem ég fékk í stúdentsgjöf frá afa mínum heitnum, Ingólfi Guðbrandssyni,“ segir Inga María og bætir því við að saumavélin sé eitt af hennar eftirlætisheimilistækjum.

*juliam@frettabladid.is*





**ÁHUGAFÓLK UM TÍSKU** getur oft eytt löngum stundum á netinu við að skoða það sem er nýjasta nýtt. Gaman getur verið að skoða hvað Íslendingar eru að spá í en á heimasíðuna www.tiskaogutlit.blogspot.com skrifar ung stelpa sem áhuga hefur á tísku og útliti.

# Með tískuna á tæru

**Mullaevy-systur voru valdar bestu kvenfatahönnuðir ársins annað árið í röð.**

Hin virtu CFDA-tískuverðlaun voru veitt í New York hinn 15. júní síðastliðinn en veitt eru verðlaun í nokkrum flokkum.

Meðal þeirra eftirsóttustu eru verðlaun til handa kvenfatahönnuði ársins en þau féllu í skaut systrunum Kate og Laura Mulleavy, sem hanna undir merkinu Rodarte. Þar með endurtóku þær stöllur leikinn en þær hrepptu sömu verðlaun í fyrra.

Velgengni systranna þykir sæta nokkrum tíðindum en ekki er ýkja langt síðan þær komu fram á sjónarsviðið. Það var árið 2005 og hafa þær frá þeim tíma náð undraverðum árangri. Systurnar þykja hafa ríka tískuvitund en hönnun þeirra ber vott um fágun og sköpunargleði. Hönnunina má kynna sér nánar á www.rodarte.net.

*- ve*



Hönnun systranna þykir bera vott um fágun og sköpunargleði.



NORDICPHOTOS/GETTY

Systurnar, sem hanna undir merkinu Rodarte, komu fyrst fram á sjónarsviðið árið 2005. Að neðan eru skór frá Rodarte.




FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti







allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR





Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - (við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060

Flott í ferðalagið!



Gallakvartbuxur*
Áður 6990
Nú 3990

Síðar gallabuxur*
Áður 6990
Nú 4990

Gallapils*
Áður 5990
Nú 3990

*Stærðir 36-46



FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

ECCO DAGAR Í TOPPSKÓNUM*

Vorum að fá úr ECCO búðunum nýja sendingu
30% afsláttur af öllum ECCO skóm auk frábærra tilboða!

ecco 30753 00101
Verð áður: ~~11.995 kr.-~~
Verð nú: 6.995 kr.-



Stærðir: 36-42

ecco 68404 02001
Verð áður: ~~15.995 kr.-~~
Verð nú: 9.995 kr.-



Stærðir: 40-47

ecco 22464 50130
Verð áður: ~~14.995 kr.-~~
Verð nú: 8.995 kr.-



Stærðir: 41-47

ecco 22484 00101
Verð áður: ~~14.995 kr.-~~
Verð nú: 8.995 kr.-



Stærðir: 41-47

ecco 77212 52588
Verð áður: ~~9.995 kr.-~~
Verð nú: 6.995 kr.-



Stærðir: 27-35

ecco 46923 00101
Verð áður: ~~14.995 kr.-~~
Verð nú: 9.995 kr.-



Stærðir: 36-41

*Frá fimmtudegi 18. til sunnudagsins 21. júní

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Opnunartími
Fimmtudag 11 – 18
Föststudag 11 – 18
Laugardag 11 – 16
Sunnudag 12 – 16



**GAMLIR POSTULÍNSBOLLAR,** mismunandi að gerð, geta myndað fallegt heildarsafn kaffibolla. Þá er hægt að bæta bollum smám saman í safnið. Hjá Þorsteini Bergmann fást fallegir bollar á góðu verði. Einnig má finna bolla í Kolaportinu og í Góða hirðinum.



# Japan og Ísland mætast

**Norræna húsið stendur um þessar mundir fyrir viðamikilli kynningu á Japan samtímans. Dagskráin er fjölbreytt og verður prófessor Nagasawa meðal annars með fyrirlestur um japanska nútímahönnun.**

Hönnunarráðgjafinn og menningarfrömuðurinn prófessor Tadanori Nagasawa frá Musashino-listaháskólanum heldur fyrirlestur um japanska nútímahönnun í Norræna húsinu, laugardaginn 20. júní næstkomandi. Fyrirlesturinn er liður í fjölbreyttri dagskrá 101 Tokyo, sem er viðamikil kynning á Japan samtímans og Norræna húsið stendur fyrir.

„Fókusinn verður líklega á japanska hönnun sem víðtæka hugmynd og þá verður bæði rætt um hönnun og lífsstíl. Það kæmi mér ekki á óvart að Nagasawa myndi tengja þetta Japanesque Modern sem er þriggja ára verkefni sem allur japanski listageirinn, stjórnvöld og japanski iðnaðurinn tóku þátt í og gekk út á að finna kjarnann í japanskri hönnun og skilgreina hvað væri sérstakt við hana,“ segir dr. Kristín Ingvarsdóttir verkefnisstjóri og nefnir að í raun hafi Nagasawa verið gefinn laus taumur um efnisval. „Þetta er hans sérsvið og hann kennir í Bretlandi, Japan og víðar. Því treystum við honum og fær hann frjálsar hendur. Þó verður fyrirlesturinn innan ramma nútímahönnunar sem er að vísu frekar breiður.“

Nagasawa er aðstoðarrektor við Musashino-listaháskólann í Tókýó sem er einn af bestu skólum sinnar tegundar í Japan. „Hann hefur mikið sinnt alþjóðatengslum innan skólans en hefur einnig tengst stórum japönskum hönnunarverkefnum eins og Japanesque Modern,“ útskýrir Kristín. Fyrirlesturinn höfðar að hennar sögn til tveggja hópa sem skarast töluvert. „Þá á ég annars vegar við alla sem hafa áhuga á hönnun í víðum skilningi og hins vegar þá sem hafa áhuga á Japan samtímans.“

Japan var fyrsta iðnvædda ríkið í Asíu og er enn mikið stórveldi í útflutningi. „Þeir eru gríðarlega flinkir í allri vöruhönnun, hvort sem er Sony, Toyota eða eitthvað annað. Upp á síðkastið hefur samkeppnin við lönd eins og Taívan, Kína og Indland aukist gríðarlega þannig að Japanar hafa unnið að því síðustu ár að skilgreina enn betur hvað einkennir japanska hönnun, bæði nýja og gamla,“ segir Kristín og bætir við að Ísland og Japan eigi ýmislegt sameiginlegt. „Upprunalega hugmyndin að þessu verkefni tengist Norræna húsinu, það er byggingunni sjálfri. Alvar Aalto, sem hannaði húsið, var undir sterkum áhrifum frá japanskri byggingarlist og hönnun en auk þess höfðu hann og aðrir norrænir hönnuðir mikil áhrif á þróunina í Japan. Þessi gagnkvæmi áhugi er kveikjan að Japanshátíð Norræna hússins. Við viljum því vekja athygli á því sem er líkt með japanskri og íslenskri menningu. Það er sameiginlegur tónn í fegurðarskyni Norðurlandabúa og Japana og gengur dagskráin svolítið út á að leiða saman íslenskt og japanskt.“

Auk sýninga, tónleika og fyrirlestra er boðið upp á listasmiðjur þar sem læra má japanska tesiði, blekmálun, japanska skrautskrift og sushi-gerð endurgjaldslaust. Hægt er að fræðast nánar um dagskrána og skrá sig í listasmiðjur á www.101tokyo.is.

*hrefna@frettabladid.is*



Kristín segir dagskrá 101 Tokyo tengja saman Japan og Norðurlöndin og þá einkum Ísland og Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Japanskur fótabúnaður þar sem fortíð og nútíð mætast. MYND/JAPANESE MODERN COMMITTEE




Vélmennið ASIMO getur skroppið í göngutúr með manneskjum.













## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655.

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar ☎ 517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Sumartilboð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 49þ. S. 824 6692.

## Húsnæði óskast

2ja herb. íbúð óskast í kópavogi, langtímaleiga. Uppl. í síma 660-0717

Reglusamur helgarpabbi 1 barn óskar eftir einstaklingsíbúð til leigu í Kópavogi Smáranum eða þar í kring. Greiðslugeta 45-50 þús. á mánuði. Áhugasamir sendið SMS í síma 6594265.

## Sumarbústaðir

**Leigumiðlun sumarbústaða**

Viltu leigja bústaðinn þinn? Skráðu hann á www.sumarbustadur.is og sjáðu sjálf/ur um útleiguna.

Til leigu nýtt sumarhús í Grímsnesi. 70 fm, 2 svefnherb, vikuleiga. Uppl s: 699 1604.

## Atvinnuhúsnæði

100m2 verslunarhúsnæði Staðsett í Hlíðasmára, Kópavogi. Mjög ódýrt fermetra verð. Uppl. í síma 695 7045.

Hlíðasmári Kópavogi Aðstaða fyrir nuddara, snyrtifræðinga o.þ.h., mism. stærðir. Mjög hagstætt leiguverð. Uppl. í 695 7045.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

## Atvinna í boði

SIAM TAÍLENSKUR VEITINGASTAÐUR

**Siam Tælenskur veitingastaður**
**Óskum eftir matreiðslumanni á veitingastaðinn Siam í Hafnarfirði. Aðeins reynt fólk kemur til greina.**
**Upplýsingar gefur yfirmatreiðslumaður Siam, Guðni Vignir s. 693 3247 eða á staðnum Dalshrauni 11, Hafnarfirði.**

**Dagvinna - föst + árangurstengd laun. Fjölbreytt starf.**
**Okkur vantar öfluga og skemmtilega sölumanneskju til starfa í sérvöruverslun í 101. Sami aðili þarf að geta tekið að sér símasölu á þekktu vörumerki. Reynsla af sölumennsku æskileg. Þarf að geta hafið störf strax.**
**Uppl í síma 868 0101.**

**Eldhússtörf**
**Viljum ráða til okkar jákvæðan og duglegan aðstoðarmann í eldhús.**
**Þarf helst að hafa reynslu af eldhússtörfum, þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Leitum líka að góðum og metnaðarfullum pízzabakara.**
**Góður vinnustaður og rótgróin rekstur lágmarkaaldur 19 ár.**
**Umsóknir á www.kringlukrain.is eða í síma 893-2323.**

WWW.ATVINNULEIT.IS
Nýr valkostur Atvinnurekandi auglýstu frítt!!

RED CHILI

**Red Chili**
**Óskum eftir starfsfólki í sal í fulla vinnu. Líflegur og skemmtilegur vinnustaður. Einnig lausar stöður í kvöld og helgarvinnu.**
**Uppl. í síma 842 2800 og á redchili@redchili.is eða á staðnum milli kl. 14 og 17.**

WWW.ATVINNULEIT.IS
Við aðstoðum þig í atvinnuleit. Allir geta skráð sig

seafood cellar restaurant sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
**Framreiðslumaður á einum besta veitingastað í Reykjavík? Er þinn einbeitti vilji að skara framúr? Framreiðslunám? Viltu læra fagið hjá þeim bestu og verða þjónn? Vinna sem almennur starfsmaður? Eru framúrskarandi þjónustulund, góð framkoma og mannleg samskipti styrkleikar hjá þér? Getur þú unnið undir álagi?**
**Sæktu um á: http://umsokn.foodco.is**

**Norðurland**
Matráðskona óskast á veitingastað á landsbyggðinni á Norðurlandi sem fyrst. Verður að vera vanur/vön skyndibitamatseld, heimilismatseld og góðri súpugerð, góð laun í boði + fæði og húsnæði. Upplýsingar í s. 861 8610.

SUSHIBARINN óskar eftir vönu fólki í sushigerð eða með áhuga á að læra sushigerð. Uppl. á staðnum, Laugavegi 2.

**Smiður**
Óskum eftir mjög vönum trésmið til starfa í viðhaldsvinnu. Umsóknir sendist á allip@simnet.is

## Atvinna óskast

Óska eftir 50%-100% bókhaldsstarfi til frambúðar. Hef reynslu og meðmæli. Get byrjað strax. Uppl. í s. 692 9354.

## Viðskiptatækifæri




Viltu starfa við útvarp? Dagskrárgerð og láta rödd þína heyrast? Ræða fréttir og þjóðmál? Eða sjá um markaðsmál og auglýsingasölu. Starfa sjálfstætt? Hlutastarf? Kynntu þér möguleikana og sendu umsókn á http://starf.lydvarpid.is

## Tapað - Fundið




## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)



**Chat.is**
Við spjöllum saman og kynnumst nýju fólki á Chat.is. Það kostar ekkert, og vefurinn er í boði á fjölda tungumála.

**Vel vaxin kona**
heit og notaleg, leitar kynna við karlmann, 40 ára eða eldri, með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), augl. nr. 8801.

**Ný upptaka!**
Hún lýsir því í einstökum smáatriðum hvernig þú gælir við hana og þú flýgur ofar og ofar með henni í þessari heitu og nautnafullu (og töluvert háværu) upptöku! Þú heyrir hana hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8396.

Takk fyrir vatnið
✆ 907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Til leigu

# Húsnæði til leigu!

Glæsilegt húsnæði í Verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi, Borgarbraut 58-60, Borgarnesi
48,3 m² húsnæði undir verslunar- eða þjónustustarfsemi (áður skóbúð).

Nánari upplýsingar gefur Guðsteinn Einarsson í síma 660 8240 eða í tölvupósti gein@kb.is

Borgarland ehf. - Egilsholti 1 - 310 Borgarnesi



## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

**Hjarðarland 4 – Mosfellsbær.**




**OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG. frá kl 17:30 til 18:30.**

Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílaplan. **Eignin er laus til afhendingar strax.**

**SELJANDI SKOÐAR SKIPTI Á MINNI EIGN!**
**ÁSETT VERÐ VAR KR. 46.700.000 -**
**EIGNIN FÆST NÚ Á 41.900.000 KR.**

## Fasteignir

# Fasteignir.is

til hamingju með glæsilegar nýjungar.

Fasteignaleitarvefurinn fasteignir.is hefur undanfarna mánuði fengið frábærar viðtökur þeirra sem eru í fasteignaviðskiptum og er í dag langstærsti fasteignaleitarvefur landsins, skipta heimsóknir í viku hverri tugþúsundum.

Í dag 16 júní kl. 12:00 verður opnað fyrir margháttaðar, glæsilegar nýjungar á vefnum. Nú er fasteignir.is ekki eingöngu stærsti fasteignaleitarvefur landsins heldur einnig sá fullkomnasti. Landsmenn geta nú fundið á einum stað allar þær fasteignir sem eru til sölu á landinu.

Meðal skemmtilegra nýjunga á fasteignir.is má nefna að þar er einnig úrval eigna til leigu og að auki fjöldi skipa, báta og fyrirtækja til sölu. Einnig er ný glæsileg leitarvél sem m.a. er með fullkomnum eignavaktara, nýjungar eru í myndaskoðun eigna og uppfærðar þjónustusíður

Fasteignir.is má einnig nálgast inn á visir.is

Ekki missa af draumaeigninni þinni – leitaðu á fasteignir.is



Við óskum fasteignir.is til hamingju með nýtt og glæsilegt útlit.

Ásbyrgi
Ársalir Fasteignasala
Ás Fasteignasala
Ásberg
Berg fasteignasala
Borgir fasteignasala
Byr fasteignasala
Domus fasteignasala
Eignamiðlun Mosfellsbæjar
Eignamiðlun
Eignaborg
Eignatorg
Fannberg Fasteignasala
Fasteignakaup fasteignasala
Fasteignamarkaðurinn
Fasteignamál lögmansstofa
Fasteignamiðlun
Fasteignamiðlun Grafarvogs
Fasteignamiðlun Vesturlands ehf.
Fasteignamiðstöðin
Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar
Fasteignasala G.Ó
Fasteignasala Íslands
Fasteignasala Snæfellsness
Fasteignasala Vestfjarða
Fasteignasalan Garður
Fasteignasalan Hákot
Fasteignasalan Tröð
Fold fasteignasala
Gimli fasteignasala
Húsaleiga/Húsasala
Heimaey fasteignasala
Heimili fasteignasala
Híbýli fasteignasala
Hof fasteignasala
Höfði fasteignamiðlun
Holt fasteignasala
Hraunhamrar fasteignasala
Húsanaust fasteignasala
Húsavík fasteignasala
Húsin í borginni
Húsið fasteignasala
Kjöreign
Miðborg fasteignasala
Neseignir
Nýtt heimili
Regula
RE/MAX Bær
RE/MAX Senter
RE/MAX Torg
Skeifan fasteignamiðlun
Stakfell fasteignasala
Stórborg fasteignasala
Tröð fasteignasala
Valfell fasteignasala
Valhöll fasteignasala
Viðskiptahúsið

# ALLTAF BETRA VERÐ

7 DAGA TILBOÐ 20.000 AFSLÁTTUR




## acer FARTÖLVA

**Acer Aspire 5738ZG-424G25MN**

2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 15.6" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár með 1366x768 punkta uppl. • 512MB DDR2 Geforce G 105M GS skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Talnaborð • 4xUSB2, ExpressCard/54, HDMI(HDCP), VGA, SPDIF • Windows Vista Home Premium

**129.990**



20mm 1,3kg

## ÖRÞUNN msi FARTÖLVA 13"

**MSI Slim X320**

Intel Atom Z530 örgjörvi • 2GB vinnsluminni • 320GB diskur • 13" 16/9 LCD skjár • Bluetooth og N-draft þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Vista Home Premium

**139.990**

## TOSHIBA FARTÖLVA 13.3"



7 DAGA TILBOÐ 20.000 AFSLÁTTUR

**Toshiba Satellite U400-16E**

2.0GHz Intel Core Duo T3200 örgjörvi • 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 250GB harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 13,3" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Windows Vista Home Premium • 1.3MP vefmyndavél í skjá

**139.990**



## acer 22" LCD SKJÁR

**Acer V223WBD LCD**

22" LCD breiðtjaldsskjár, 1680x1050 punkta upplausn, 2500:1 skerpu og 5ms svartíma. Svartur.

**34.990**



## PHILIPS HÁTALARA KERFI

**Philips SPA1302**

20W RMS magmiðlunarhátalarar með Analog Bass Boost. Bassabox og tveir hátalarar.

**7.990**



## ÍSLENSKT LYKLABORÐMÚS

**Logitech Wave**

Þráðlaust lyklaborð með íslenskum stöfum. Mús. Fjöldi flýtihnappa.

**16.990**



## ALHLIÐA FJARSTÝRING

**Logitech Harmony One**

Universal fjarstýring með snertiskjá í lit fyrir sjónvörp, DVD spilara, hljómtæki, flakkara ofl. Kemur í stað 15 fjarstýringa. Hleðslurafhlaða. Uppfæranlegur.

**29.990**



## WD USB FLAKKARI

**Western Digital 320GB USB**

Glæsilegur lítill USB flakkari frá Western Digital með 320GB hörðum disk. Fæst í svörtu, hvítu og bleiku.

**19.990**



## ICY BOX TV FLAKKARI

**ICY BOX MP-304** 720/1080i

3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Composite, USB Uplink og Optical tengi. Spilar alla helstu mynd- og hljóðstaðla.

**19.990**



## ICY BOX TV FLAKKARI

**ICY BOX MP-309**

3.5" H.264 margmiðlunarspilari, HDMI, Composite, Optical, USB Uplink, LAN, 4in1 server, fjarstýring ofl.

**59.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9 S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34 S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

# Hugmyndir um þjóðerni



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Do you know Björk? One of my friends has an uncle who was a waiter in her „ferming“.“ Svona kynntu Íslendingar sig í útlöndum fyrir nokkrum árum, kannski í kringum 1993, þegar Debut, fyrsta sólóplata Bjarkar, kom út. Björk varð á einni nóttu fyrsta útrás Íslands síðan á víkingaöld. Hún varð tákn heillar þjóðar sem Íslendingar mærðu í bak og fyrir og þóttust jafnvel þekkja, eða þekkja til, í samtölum við útlendinga. Ástæðan var einföld; Björk var á forsíðum erlendra og vel þekktra glanstímarita og fátt kitlar hégómagirnd dvergþjóðar meira en þegar útlendingar dást að einum hennar.



En svo hvarf Björk inn í heim hinnar „alþjóðlegu“ frægðar og við tóku alvöru útrásavíkingar sem lögðu útlenska risa að velli með gáfurnar einar að vopni. Og þótt útlendingum væri meinilla við þessa náunga fylltumst við stolti þegar þeir átu gull, keyptu knattspyrnulið. Hlógum jafnvel þegar fyrrverandi nýlenduherrar neyddust til að horfa á eftir hverri verslunarmiðstöðinni og hótelinu í hendurnar á þeim. „We have Thor Bjorgolfsson and Jon Asgeir,“ mátti heyra grobbna Íslendinga segja þegar þeir sötruðu fokdýrt kampavín á einhverjum uppastaðnum í London.

Í dag geta Íslendingar ekki lengur farið til útlanda til að monta sig af landi og þjóð. Þeir sem ná að safna sér fyrir fari til Mallorca reyna eflaust að leyna þjóðerni sínu. En komi til þess að Íslendingar þurfi að segja hvaðan þeir eru er langbest að grípa til þess manns sem enn er í hávegum hafður meðal lærðra úti í heimi og útskýra fyrir útlendingum að Snorri Sturluson, höfundur Snorra-Eddu, sé forfaðir allra Íslendinga.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





74%

34%



# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**TÓNLIST**

**Kvöldvaka**

Hraun

★★★★

Svavar Knútur er bestur í trúbadora-hlutverkinu.




**TÓNLIST**

**Trúbatrix - Taka 1**

Ýmsir

★★★

Sýnir vel gróskuna hjá tónlistarkonum landsins.

# Gæðaefni úr rólegu deildinni

Þær tvær plötur sem eru hér til umfjöllunar eiga það sameiginlegt að innihalda trúbadoratónlist í rólegri og þægilegri kantinum og tengjast beint eða óbeint þeirri senu sem hefur verið að þróast á Café Rosenberg undanfarna mánuði. Kvöldvaka er fyrsta sólóplata Svavars Knúts, en hann hefur áður gefið út tvær plötur sem meðlimur í hljómsveitinni Hrauni. Trúbatrixur eru félagsskapur tónlistarkvenna sem tók á sig mynd þegar þær voru fengnar til að skipuleggja tveggja daga hátíðardagskrá á Café Rosenberg í tengslum við Iceland Airwaves-hátíðina í fyrra. Platan þeirra inniheldur 17 lög flutt af og eftir jafnmargar tónlistarkonur.

Það má margt gott segja um plötur hljómsveitarinnar Hrauns, en Kvöldvaka er að mínu mati sönnun þess að Svavar Knútur er bestur í trúbadorahlutverkinu. Útsetningarnar á plötunni eru einfaldar og lágstemmdar. Stundum er Svavar einn með gítarinn en annars staðar hefur hann slagverksleikara, kontrabassaleikara og sellóleikara sér til fulltingis auk bakraddakórs. Það eru ellefu lög á Kvöldvöku, þ.á m. þrjú sem voru á plötum Hrauns. Platan hefur sterkan heildarsvip og rennur þægilega í gegn. Lögin og textarnir njóta sín í vel í þessum útsetningum og hlý og einlæg stemningin er undirstrikuð með flottu umslaginu.

Eins og áður segir eru 17 lög á Trúbatrix-plötunni. Þau eru ekki öll snilld, en það eru samt mörg góð bæði með þekktum og óþekktum tónlistarkonum. Á meðal þeirra bestu eru Ukelele Song for You með Elízu, At the Bus Stop með Þorskastríðssigurvegaranum Mysterious Marta, With Your Eyes Closed með Fabúlu, Merciful Blues með Elínu Ey, En þú varst ævintýr með Pascal Pinon, I Hope með Þórunni Antóníu og Hægt og rólega með Lydíu. Tónlistin er í rólegri kantinum og útsetningarnar oftast frekar einfaldar. Textarnir eru ýmist á íslensku eða ensku. Einn sá skemmtilegasti er Þynnkublús Heiðu Dóru sem bæði syngur hann og nánast rappar á köflum. Frábært lag. Á heildina litið er þetta kærkomin plata sem sýnir vel þá grósku sem ríkir meðal íslenskra tónlistarkvenna sem semja og syngja sitt eigið efni.

**Trausti Júlíusson**


**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



## Vatnaskógur

**spennandi sumardvöl fyrir hressa stráka og unglinga**

KFUM KFUK

**Nokkur laus pláss seinni part sumars.**

4. flokkur – ævintýraflokkur 22. - 28. júní. Fullbókað / biðlisti
5. flokkur 29. júní - 5. júlí, 7 dagar 9 - 11 ára. Fullbókað / biðlisti
6. flokkur 6. - 12. júlí, 11 - 13 ára Fullbókað / biðlisti
7. flokkur 13. - 19. júlí, 10 - 12 ára. Nokkur laus pláss
8. flokkur 20. - 26. júlí, 10 - 12 ára. Laus pláss
9. flokkur - 4. - 9. ágúst, 14 - 17 ára strákar og stelpur – unglingaflokkur. Laus pláss
10. flokkur 10. - 16. ágúst, 10 - 13 ára. Laus pláss

**Auk þess er boðið uppá í Vatnaskógi:**
Sæludaga 31. júlí - 3. ágúst. - Fyrir alla fjölskylduna
Feðgahelgi 21. - 23. ágúst. *
Feðgahelgi 28. - 30. ágúst *
Feðgahelgi 4. - 6. september *
*Fyrir feður og syni 7 ára og eldri
Heilsudaga karla 11. - 13. september
- Fyrir 17 ára og eldri



Upplýsingar og skráning: KFUM og KFUK - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 88 99 - www.kfum.is






LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS




Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

**MARKVISS STYRKING:**

LGG+ er styrkjandi dagskammtur sem hentar öllu fólki á öllum aldri. Regluleg neysla LGG+ er sjálfsögð forvörn þeirra sem láta sér annt um heilbrigði sitt og styrkir þá gegn innrásum margs konar óæskilegra örvera.

**BYRJAÐU DAGINN MEÐ LGG+**

Það getur tekið LGG+ einn mánuð að byggja upp gerlaflóruna og til að viðhalda hámarksáhrifum er mikilvægt að neyta þess daglega.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 09-0984

**!**

**Ath kl. 20.00**

*Þýski hugmynda- og tengslasmiðurinn og Íslandsvinurinn Christopher Patrick Peterka heldur fyrirlestur í Hafnarhúsinu. Hann fer fram á ensku. Hann er stofnandi hugmyndaversins gannaca sem er með aðsetur í Köln, New York og Shanghai.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Ný skáldsaga kom út í gær

Í gær kom út á forlagi Bjarts ný íslensk skáldsaga eftir Bergsvein Birgisson. Heitir hún Handbók um hugarfar kúa og er önnur skáldsagan sem Bergsveinn sendir frá sér; landslag er aldrei asnalegt kom út 2003 og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna það árið.

Í handbókinni segir af ungum íslenskum menntamanni sem snýr heim með konu og barn eftir nám í menningarfræðum. Fátt er að hafa og ræður hann sig til að skrifa handrit að heimildarmynd um íslensku kúna og dregur söguefnið hann inn í víða heima menningarsögu Evropu, þróunar landbúnaðar og samfélags, rétt eins og sögu kúakynja Vesturlanda.

Ýmis atvik verða til þess að uppruni hans sjálfs veldur honum öng, hjónabandið leysist upp. Duttlungar örlaganna láta ekki að sér hæða.

Bergsveinn er lærður í fornum norrænum bókmenntum og er einn helsti sérfræðingur okkar um heim dróttkvæða. Hann er búsettur í Bergen og kennir þar við háskólann. Sagan hans nýja er aftur skrifuð í Djúpafirði á Ströndum. Rammíslenskara getur það ekki verið.




**HANDBÓK UM HUGARFAR KÚA** Ný skáldsaga eftir Bergsvein Birgisson.

### > Ekki missa af

Kvosin brennur! – Miðbæjarbrunar í máli og myndum – kvöldganga á vegum Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Farið verður um nokkra af helstu brunastöðum miðborgarinnar og byggðaþróun Kvosarinnar skoðuð með hliðsjón af eldsvoðum síðustu 100 ára. Sýndar verða gamlar ljósmyndir úr fórum safnsins sem sýna brunastaðinn fyrir og/eða eftir eldsvoðann. Gönguna leiðir Gísli Helgason sagnfræðingur og lagt upp frá Grófinni kl. 20.

## TMM komið

Annað hefti Tímarits Máls og menningar á þessu ári er komið út. Eins og í fyrra hefti sínu slær ritstjórinn Guðmundur Andri Thorsson ögn pólitískan takt í efnistökum sínum.




Á kápunni er mynd eftir Odd Benediktsson sem sýnir mótmælin í janúar á hápunkti sínum, en hún kallast á við grein bandaríska rithöfundarins Henrys Davids Thoreau um borgaralega óhlýðni sem er birt í þýðingu Elísabetar Gunnarsdóttur. „Ómur þessara hugmynda Thoreau … barst um síðir til Íslands, fyrst í andófi hugrakkra einstaklinga gegn stóriðjustefnu stjórnvalda og síðar í stigvaxandi andófi gegn sitjandi ríkisstjórn“ segir ritstjórinn um þessa tímamótagrein vestrænnar menningar.

Hrun efnahagslífsins, byltingarandi og endurmat gilda óma víða í þess hefti: Auk greinar Thoreaus er hugvekja frá Páli Skúlasyni um hvers konar samfélag við viljum og vangaveltur Gunnars Karlssonar um álitamál varðandi fullveldi og stöðu Íslands með hliðsjón af Uppkastinu frá 1908. Ljóð Eiríks Arnar Norðdahl, Jóns Karls Helgasonar og löng smásaga eftir Steinar Braga leggja með ólíkum hætti út af endurmati og nýju upphafi (eða nýjum heimsenda).

Svo eru þarna líka ljóð eftir góðskáld á borð við Lindu Vilhjálmsdóttur, Anton Helga Jónsson og Þorstein Antonsson, og sígilt TMM-efni: bókmenntafræði, leikhúspistill, rækilegir ritdómar og ádrepur.

# HÁTÍÐ VIÐ DJÚP HEFST Í DAG

**Í dag hefst tónlistarhátíðin Við Djúpið og stendur fram til 23. júní. Hátíðin hefur vaxið hratt frá því að stofnað var til hennar en í fyrra sóttu hátíðina um þúsund gestir.**

Í ár setur það nokkurn svip á hátíðarhaldið að kammersveitin Ísafold verður á Ísafirði þessa daga sem hátíðin varir. Kemur sveitin fram á æfingum og heldur tónleika tvenna. Á öðrum þeirra verður frumflutt verk eftir stjórnandann, Daníel Bjarnason, Bow to String, en hann hlaut fyrir fáum dögum styrk úr Sjóði Kristjáns Eldjárns fyrir framlag sitt til tónlistarstarfs á liðnum misserum og þá ekki síst fyrir stjórn sína á Ísafold. Nýja verkið er samið fyrir selló og hljómsveit og kemur Sæunn Þorsteinsdóttir hingað heim til að spila verkið. Þar verða einnig flutt verk sem samin voru í sérstaklega fyrir hljómsveitina og verða tónskáldin ungu á staðnum og fylgjast með æfingum undir stjórn danska tónskáldsins Bents Sörensen.



**TÓNLIST** Kammersveitin Ísafold verður í stóru hlutverki á hátíðinni Við Djúpið sem hefst í dag á Ísafirði. MYND/ÍSAFOLD

Auk hans verða þeir Pétur Jónasson gítarleikari og Vovka Ashkenazy með námskeið á hátíðinni og halda að auki báðir tónleika. Þangað eru einnig væntanleg að sunnan Tómas Einarsson og Ragnheiður Gröndal og koma fram á tónleikum með Mugison.

Á sunnudag 21. júní verður sólsetursháíð með stórtónleikum þar sem allir listamenn sem koma fram á hátíðinni leggja sitt í púkk og verður þeim tónleikum útvarpað á Rás 1 í beinni og hefjast þeir kl. 16.

Tónlistarhátíðin Við Djúpið er haldin á Ísafirði og nágrenni. Ísafjörður á sér langa og merkilega sögu og allt frá öndverðri síðustu öld hefur tónlist verið samofin sögu kaupstaðarins. Hátíðin er haldin í samvinnu margra aðila. Tónlistarskóli Ísafjarðar og Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar hafa skipað sér í fremstu röð aðstandenda hennar, en TÍ er einmitt aðalvettvangur hátíðarinnar auk þess sem Edinborgarhúsið hýsir marga af lykilviðburðum dagskrárinnar.

Dagskráin á hátíðinni er viðamikil og er þeim hollast sem áhuga hafa á að kynna sér hana á vefsíðu hátíðarinnar: www.viddjupid.is. !

pbb@frettabladid.is

# Danir hrósa Þórarni Eldjárn

Út er komin hjá Poul Kristensens Forlag í Danmörku sagan Brotahöfuð eftir Þórarin Eldjárn í þýðingu Björns Sigurbjörnssonar heitins, fornvinar Þórarins. Eftirmála ritar Erik Skyum-Nielsen. Bókin hefur hlotið afar lofsamlega dóma í Danmörku, en hún hefur áður komið út í Bretlandi, Finnlandi og Frakklandi.

Í Brotahöfði er rakin saga Guðmundar Andréssonar, lærdómsmanns og samviskufanga á 17. öld, sem sat inni fyrir skoðanir sínar í einu rammgerðasta fangelsi Dana, Bláturni.

„Maður heillast af margslunginni persónu hans í þessu játningariti sem skáldsagan læst vera. Þar skiptir einstæð stílgáfa Þórarins mestu og sannfærandi sálfræðileg sýn hans á persónur bókarinnar, en einnig fær þýðandinn lof fyrir að hafa leyst erfitt verkefni með bravúr. Hér er enginn falskur tónn, heldur er tónlistin hrein alla leið,“ segir Lars Bonnevie í Weekendavisen.

„Skáldsaga Þórarins um ferðalag harmkvælamannsins í Bláturn (fimmtán árum áður en Leónóra Kristín lenti þar) kom út árið 1996 á Íslandi og er söguleg frásögn um nýlenduveldið í hjátrúarmyrkri miðalda við vaknandi upplýsingaþrá í frumbarokksins. Líkt og hjá Apulejusi býr sagan auk þess yfir sígildum kjarna: myndinni af einstrengingslegri en jafnframt vonlausri baráttu mannsins fyrir því að stýra eigin örlögum – þrátt fyrir óblíðar aðstæður,“ segir Søren Vinterberg í Politiken.

Brotahöfuð hefur undanfarin ár verið tilnefnd til ýmissa verðlauna, meðal annars Aristeion-verðlaunanna, Bókmenntaverðlauna Evrópu, en hún er eina íslenska bókin sem hlotnast hefur sá heiður. Sama ár var hún lögð fram af Íslands hálfu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, auk þess að vera tilnefnd til hinna alþjóðlegu IMPAC-bókmenntaverðlauna árið 2001. - pbb



**BÓKMENNTIR** Þórarinn Eldjárn fær fína dóma í Danmörku fyrir Brotahöfuð.

ENNEMM / SÍA / NM38315



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 18. júní 2009**

### Tónleikar

**20.00** Á **Kima Kvöldi #4** á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu koma fram **Retro Stefson, Skakkamanage, Klive, Mikael Lind, <3 Svanhvít** og **Reykjavík!**. Húsið verður opnað kl. 20.

**22.00** **KK** heldur tónleika ásamt **Jóni Ólafssyni** og **Þorleifi Guðjónssyni** á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 20.

### Göngur

**20.00** **Gísli Helgason** sagnfræðingur leiðir göngu um nokkra af helstu brunastaði miðborgarinnar og fjallar um byggðaþróun Kvosarinnar með hliðsjón af eldsvoðum síðustu 100 ára. Lagt verður af stað frá Grófinni (sundið milli Tryggvagötu 15 og 17) Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



### Torfhús



Á **Keldum** á Rangárvöllum gefst fólki tækifæri til að skoða **„Gamla bæinn“**, bæjar- og útihús frá fyrri tíð. Bærinn er af elstu gerð torfhúsa og timburgrind hans er með fornu smíðalagi. Opið alla daga kl. 10-17.

### Menningardagskrá

**101 Tokyo**, japönsk menningardagskrá í Norræna húsinu við Sturlugötu 5. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**20.00** Prófessor **Masaaki Mori** frá Zokei-háskólanum flytur erindu um japanskar teiknimyndir (anime) með áherslu á verk nemenda sinna.

### Bækur



**16.00** **Vignir Árnason** les upp úr þekktum skáldverkum á Bókasafni Kópavogs við Hamraborg 6. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### Sýningar

Í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu hafa verið opnaðar þrjár nýjar sýningar. Það eru bókbandssýningarnar **„Norrænt bókband 2009“** og **„Sauðskinn Saffian og shirtingur“** auk þess sem opnuð hefur verið sýning á málverkum eftir **Huldu Vilhjálmsdóttur**. Opið alla daga kl. 11-17.

**Erla Þorleifsdóttir** og **Stefán Bjarnason** hafa opnað sýningu í sal Félagsþjónustunnar að Hæðargarði 31. Opið alla virka daga kl. 14-17. Aðgangur er ókeypis.

### Síðustu forvöð

Á sunnudaginn lýkur sýningum **Jónínu Guðnadóttur** og **Guðnýjar Guðmundsdóttur** í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 11-17, fimmtudaga til kl. 21. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




HERMIGERVILL


SKE

## > Í SPILARANUM

Dinosaur Jr. - Farm
**Ske** - Love For You All
Toddla T - Skanky Skanky
**Hermigervill** - Hermigervill leikur vinsæl íslenzk lög

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Cat fyrirgefur Coldplay

Tónlistarmaðurinn Yusuf Islam, betur þekktur sem Cat Stevens, hefur fyrirgefið hljómsveitinni Coldplay sem hann telur að hafi stolið lagi sínu og notað við smíði hins vinsæla Viva La Vida. Islam segir að sveitin hafi stolið lagi sínu Foreigner Suite sem kom út árið 1973 en ekki gert sér grein fyrir því. „Ég stend við það sem ég sagði. Þeir notuðu lagið mitt en ég held að þeir hafi ekki gert það viljandi. Ég hef meira að segja hermt eftir sjálfum mér án þess að ég áttaði mig á því,“ sagði hann. „Ég vil ekki að þeir haldi að ég sé reiður við þá. Mig langar endilega að setjast niður með þeim yfir tebolla og láta þá vita að allt sé í lagi.“

Gítarleikarinn Joe Satriani ætlar aftur á móti ekkert að gefa eftir. Hann stendur við málshöfðun sína gegn Coldplay sem hann höfðaði vegna líkinda lags hans If I Could Fly og Viva La Vida. Coldplay hefur neitað harðlega öllum ásökunum um lagastuld.


**YUSUF ISLAM** Tónlistarmaðurinn hefur fyrirgefið hljómsveitinni Coldplay.

# D12 með nýja plötu

**Þrátt fyrir að vera nýbúinn að gefa út plötuna Relapse er rapparinn Eminem aftur á leiðinni í hljóðver, núna með félögum sínum í D12. „Ég og strákarnir náum vel saman, við höfum sérstök tengsl. Við ætlum aftur í hljóðverið bráðum,“ sagði Eminem. D12 var stofnuð í Detroit árið 1990 af nokkrum röppurum, þar á Eminem, Bizarre og Proof, sem var skotinn til bana fyrir þremur árum. Fimm ár eru liðin síðan síðasta plata sveitarinnar kom út.**


EMINEM



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Tónlistarhátíð að hætti Frakka*

Næsta sunnudag, 21. júní, verður „Stóri músíkdagurinn“ haldinn í fyrsta sinn á Íslandi. Fyrirmyndin er „La Fête de la musique“, tónlistarhátíð sem haldin hefur verið í Frakklandi 21. júní ár hvert síðan 1982, en undanfarin ár hafa sífellt fleiri þjóðir um allan heim farið að fordæmi Frakka og gert 21. júní að tónlistardegi. Þegar hátíðin var haldin í fyrsta skipti í Frakklandi 1982 voru tónlistarmenn af öllum stærðum og gerðum, áhugamenn jafnt og atvinnuspilarar eru hvattir til að fara út á götur og torg og spila á milli 20.30 og 21.00 um kvöldið. Þátttakan var mjög mikil og næstu ár óx hátíðin og festi sig í sessi. Þegar ég bjó í Frakklandi á árunum 1984-1988 var ævintýri líkast að upplifa hátíðina. Það voru tónlistarmenn í hverju horni og allar götur fullar af fólki sem mætti til að hlusta og stemningin ótrúleg, minnti helst á þjóðhátíð eða sigurgleði, nema með endalausri lifandi tónlist úti um allt.


**SERGE GAINSBOURG** Allir geta tekið þátt í Stóra músíkdeginum, en um kvöldið verður dagskrá helguð Gainsbourg á Café Rósenberg.

Það eru Alliance Française í Reykjavík og franska sendiráðið sem sjá um að skipuleggja Stóra músíkdaginn hér á landi. Tónlistarmenn, lærðir og leikir eru hvattir til að mæta á Austurvöll og Ingólfstorg og troða upp á milli klukkan 13 og 16 á sunnudaginn. Ef áhugi verður mikill má reikna með því að stöðunum fjölgi og tíminn lengdur á næsta ári.

Um kvöldið verða svo sérstakir tónleikar á Café Rósenberg undir yfirskriftinni „Gainsbourg á íslenska vísu“, en þar munu íslenskir tónlistarmenn flytja lög þessa franska snillings. Þar á meðal verða Retro Stefson, Hraun, Sprengjuhöllin og Ólöf Arnalds.

Það er mikið gleðiefni að Stóri músíkdagurinn hafi náð hingað til lands og full ástæða til að hvetja tónlistarmenn og tónlistaráhugamenn til að fjölmenna í bæinn á sunnudaginn. Hátíðin er ætluð öllum tegundum tónlistar, og byrjendur eru jafn velkomnir og hörðustu atvinnumenn.


# PÁLSSTEFNA

**Borgarnesi 20. júní 2009**

**Málþing um hugðarefni Páls Jónssonar frá Örnólfsdal. Þingið er haldið í tilefni af 100 ára afmæli Páls, en hann ánafnaði Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi einstakt bókasafn sitt eftir sinn dag. Auk þess að vera fagurkeri á bækur var Páll ágætur ljósmyndari og mikill unnandi íslenskrar náttúru.**

Þingið stendur yfir frá kl. 13.00–16.00 í Menntaskóla Borgarfjarðar v/Borgarbraut. Að þingi loknu býður Ferðafélag Íslands upp á gönguferð í minningu Páls. Aðgangur er ókeypis en léttar veitingar verða til sölu í hléi.

Pálssafn í Safnahúsi verður af þessu tilefni opið um morguninn á milli kl. 11.00 og 12.00. Þingið verður hins vegar í sal Menntaskólans.
Málþingsstjóri: Kristín Bragadóttir.

***Dagskrá***
**Inngangsorð: Guðrún Jónsdóttir**
**Ólafur Pálmason: Pálssafn**
**Jökull Sævarsson: Leirárgarða- og Beitistaðaprent**
**Rut Berg Guðmundsdóttir og Daniel Friðjónsson** leika á flautu og klarinett

**Þórunn Þórðardóttir: Ritstjóri Árbókar og starf fyrir Ferðafélagið**
**Unnar Ingvarsson: Ljósmyndarinn Páll Jónsson**
**Kristín Bragadóttir: Úr dagbókum Páls**

**Að þingi loknu kl. 16.15 verður farið í gönguferð nálægt Örnólfsdal, á æsku- og uppeldisslóðir Páls.** Gönguferð og rúta er í boði Ferðafélags Íslands. Þórunn Þórðardóttir verður leiðsögumaður ásamt góðu ferðafélagsfólki. Komið til baka í Borgarnes kl. 19.00.

Pálsstefna er styrkt af Menningarráði Vesturlands.

**Allir velkomnir** Safnahús Borgarfjarðar LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS HÁSKÓLABÓKASAFN



**DOOM** Rapparinn Doom hefur hitt rækilega í mark með sinni nýjustu plötu, Born Like This. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dómsdegi fylgir ný byrjun

**Rapparinn Doom hefur fengið prýðilega dóma fyrir plötu sína Born Like This sem kom út á dögunum. Thom Yorke úr Radiohead er meðal aðdáenda.**

Doom heitir réttu nafni Daniel Dumile og fæddist í Bretlandi en flutti fljótlega til New York þar sem hann ólst upp. Ungur að árum stofnaði hann rappsveitina KMD með yngri bróður sínum og öðrum vini. Sveitin skrifaði undir útgáfusamning við Elektra Records og þeim félögum virtust allir vegir færir. Skömmu fyrir útgáfu seinni plötu KMD árið 1993 lést yngri bróðirinn í bílslysi og í kjölfarið var útgáfusamningnum rift. Eftir það hvarf Dumile eins og dögg fyrir sólu og sneri ekki aftur í rappið fyrr en fjórum árum seinna, þá klæddur stálgrímu til heiðurs illmenninu Doctor Doom úr teiknimyndasögum Marvels. Tók hann upp listamannsnafnið MF Doom og hefur allar götur síðan neitað að láta mynda sig án grímunnar.

Eftir að Dumile sneri aftur hefur hann verið óstöðvandi í rappinu og gefið út fjölda platna undir hinum ýmsu nöfnum, ekki bara sem MF Doom heldur Metal Fingers, Viktor Vaughn, King Geedorah, Madvillain og nú síðast einfaldlega Doom.

Fyrsta plata Madvillains, samstarfsverkefnis Dumile og upptökustjórans Madlib, kom MF Doom einmitt á kortið árið 2004. Árið eftir kom út önnur plata sem vakti eftirtekt, The Mouse and the Mask með dúettinum Danger Doom. Þar var um að ræða samstarfsverkefni MF Doom og upptökustjórans DJ Danger Mouse, annars meðlims Gnarls Barkley. Sama ár rappaði MF Doom í laginu November Has Come á annarri plötu Gorillaz, Demon Days.

Undanfarin ár hefur hann einnig unnið töluvert með Gostface Killah, sem er einmitt gestur í laginu Angelz á Born Like This undir nafninu Tony Starks, sem aðdáendur myndarinnar Iron Man ættu að kannast við. Söngvari Radiohead, Thom York, er sömuleiðis aðdáandi MF Doom og endurhljóðblandaði annað lag nýju plötunnar, Gazillion Ear.

Innblásturinn að nafninu Born Like This er fenginn úr ljóði skáldsins Charles Bukowski, Dinosauria, We. Upplestur hins sáluga Bukowski er einmitt hluti af laginu Cellz, þar sem dregin er upp dökk mynd af ástandinu í Bandaríkjunum og dómsdegi spáð. Í viðtali við tímaritið Rolling Stone telur Doom að dómsdagur hafi þegar náð í skottið á þjóðinni en hið dökka ástand feli í sér von um nýtt upphaf og bjartari framtíð. „Ef eitthvað lýkur göngu sinni hlýtur eitthvað annað að byrja í staðinn. Spurningin er: Hvoru megin vilt þú vera? Líður þér eins og heimurinn þinn sé að farast? Eða hugsarðu með þér: „Þessu virðist vera að ljúka og eitthvað nýtt og spennandi er að byrja“.“ Samkvæmt Doom snýst Born Like This einmitt um hvað gerist næst, á eftir dómsdegi.

freyr@frettabladid.is

# Fimmta platan á fimm árum

Prog-rokkararnir í The Mars Volta gefa á mánudag út sína fimmtu plötu á aðeins fimm árum. Gripurinn nefnist Octahedron og er að sögn þeirra félaga Cedrics Bixler-Zavala og Omars Rodríguez-López órafmagnaða og melódíska platan þeirra. Í raun og veru er hún þó langt í frá órafmögnuð. „Við vitum að fólk hugsar hlutina oft á afmarkaðan hátt. Þegar það hlustar á plötuna á það eftir að segja: „Þetta er ekki órafmögnuð plata. Það er fullt af rafmagni í henni. En þetta er okkar útgáfa því þessi hljómsveit gerir alls kyns stökkbreytingum hátt undir höfði,“ sagði Cedric.

The Mars Volta var stofnuð 2001 eftir að rokksveitin At the Drive-In liðaðist í sundur. Sveitin blandar saman rokki, djassbræðingi, fönki og salsatónlist með áhugaverðum hætti. Hún er þekkt sem öflug tónleikasveit en fyrr á árinu vann hún einmitt Grammy-verðlaunin í flokknum „Besta rokk-frammistaðan“ fyrir lagið Wax Simulacra, sem er að finna á The Bedlam in Goliath sem kom út í fyrra. Á síðasta ári var The Mars Volta kjörin besta prog-rokkhljómsveitin af tímaritinu Rolling Stone.

Enginn heimfrægur tónlistarmaður er í gestahlutverki á nýju plötunni en á meðal þeirra sem hafa komið við sögu á plötum The Mars Volta í gegnum árin eru John Frusciante og Flea úr Red Hot Chili Peppers.


**THE MARS VOLTA** Hljómsveitin The Mars Volta gefur á mánudag út sína fimmtu plötu.


Ódýrt
í útileguna
weather report
FLÍSPEYSUR VERÐ FRÁ 2.999.-
TJALDSTÓLL MEÐ HÁU BAKI 2.799.-
Gelert
VANDAÐAR ÚTILEGUVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI
ÚTILEGU BRAUÐRIST 4 SN. 999.-
GÖNGUSTAFIR ASCENT 4.999.-
VATNSFLASKA 1.299.-
VATNSKÚTUR 8 LÍTRA 699.-
TJALD CADIZ 6 MANNA 29.999.-
6 SEK.
TJALD TWISTER 4 MANNA 12.999.-
TJALD ROCKY 4 MANNA 14.999.-
VASALJÓS VATNSHELT 699.-
FÓTPUMPA 499.-
VINDSÆNG EINFÖLD 1.499.-
VINDSÆNG TVÖFÖLD 2.499.-
5 SEK.
TJALD QUICK PITCH 6.999.-
TJALDLUGT 2.499.-
ÚTILEGUBORÐ SAMFELLANLEGT 6.499.-
SVEFNPOKI BARNA 4.299.-
SVEFNPOKI TRYFAN 1.999.-
SÓLTJALD BREEZE 9.999.-
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 21. júní eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> FÓLK

Söngvarinn **Peter Andre,** sem er fyrrverandi eiginmaður kynbombunnar Jordan, hefur ákveðið að leika í nýrri Bollywood-mynd. Peter mun ekki þurfa að undirbúa sig sérstaklega fyrir hlutverkið því hann mun leika söngvara í myndinni.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Veðurguðir seldu lag í auglýsingu

„Maður hefði eflaust haft meira upp úr þessu 2007,“ segir Ingólfur Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó úr Veðurguðunum, um lag sem hljómsveitin seldi í auglýsingu Húsasmiðjunnar. Lagið heitir Nóttin er liðin og hljómar bæði í sjónvarps- og útvarpsauglýsingum fyrirtækisins.

„Þegar við vorum að vinna lagið í stúdíóinu fannst Axel Árnasyni, upptökustjóranum okkar, það rosalega hentugt í auglýsingar. Það er mjög sumarlegt og hann var viss um að það væri fullt af fyrirtækjum sem gætu notað það. Hann kom því svo á auglýsingastofu og ég fékk bara SMS viku seinna um að Húsasmiðjan vildi lagið,“ útskýrir Ingó, en í auglýsingunni má meðal annars sjá krakka leika sér og fólk smíða úti á verönd.

Aðspurður segir Ingó tónlistina vera fullt starf, en auk þess að koma fram við hin ýmsu tækifæri er hann að leggja lokahönd á fyrstu plötu Veðurguðanna, sem er væntanleg í byrjun júlí. „Það er bara verið að skrifa þakkarlistann, annars er allt klárt. Platan heitir Góðar stundir og inniheldur tólf lög, en á henni verða meðal annars þau lög sem hafa verið í spilun og Eurovision-lagið sem ég söng.“

**- ag**



**FYRSTA PLATAN Á LEIÐINNI** Ingó er um það bil að leggja lokahönd á fyrstu plötu Veðurguðanna, sem er væntanleg í byrjun júlí og nefnist Góðar stundir.



**TOVE BUSKAS OG TOMAS WALDEGREN FRÁ SVÍÞJÓÐ** segjast hafa mikinn áhuga á íslensku víkingasögunum og að sá áhugi sé ástæðan fyrir Íslandsheimsókninni. Aðspurð segja þau fátt hafa komið sér á óvart við Ísland, „Reykjavík er þó mun stærri en ég bjóst við. Hún er lágreist en vel dreifð,“ segir Tove. Þau segjast hafa fylgst með fréttum af bankahruninu og að bjartsýni og glaðværð landsmanna komi þeim nokkuð á óvart. „Sænska krónan tekur líka svona dýfur mjög reglulega og ég er fullviss um að Íslendingar munu standast þennan mótbyr,“ segir Thomas um ástandið. Tove og Tomas könnuðust hvorki við Björgólf Thor né forseta landsins, Ólaf Ragnar, en þekktu söngkonuna Björk á augabragði.



**HJÓNIN UDO OG EVA NIEDRICH** komu hingað til lands frá Þýskalandi. Þau segjast lítið þekkja til landsins og því hafi fátt komið þeim á óvart. Þau höfðu þó heyrt af bankahruninu. „Ætli Íslendingar séu ekki sú þjóð sem hefur farið verst út úr þessari heimskreppu, ef marka má fréttirnar,“ segir Udo. Hjónin dvelja aðeins í rúman sólarhring í borginni, en þau komu hingað með skemmtiferðaskipinu Aida. Þegar þau voru spurð út í myndirnar af þjóðþekktu einstaklingunum þekkti Udo aðeins Davíð Oddsson en mundi ekki nafnið.



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**VINIRNIR STEFAN DIENSTAG, SARAH FREYER OG EDWARD PAVONE** ætla að dvelja á Íslandi í þrjár vikur. Þremenningarnir eru öll frá New York og er þetta fyrsta heimsókn þeirra til landsins. Aðspurð segjast þau lítið vita um land og þjóð en að þau hafi búist við að verðlag hér væri lægra en raun ber vitni. „Við bjuggumst við að sjá fleiri ketti á flakki um göturnar og pylsurnar koma skemmtilega á óvart, þær eru mjög góðar,“ segir Edward. Vegglistaverkin sem prýða sum húsin í miðborginni þótti þeim lífga mikið upp á umhverfið. „Þetta eru mjög flott verk, en kannski finnst heimafólkinu þetta ekkert spennandi?“ spyrja þau blaðamann, sem segir mörg þessara verka vera nokkuð umdeild. Þegar kom að því að sýna þremenningunum myndirnar af þjóðþekktu einstaklingunum okkar könnuðust þau ekki við neinn, en sögðust muna eftir að hafa heyrt um svanakjólinn hennar Bjarkar.

# Íslendingasögur og pylsur

**Sumarið hefur í för með sér aukinn straum erlendra ferðamanna hingað til lands. Víða má sjá dúðaða ferðalanga með bakpoka um öxl arka upp og niður Laugaveginn, rýna inn um verslunarglugga og taka myndir. En hvað ætli ferðafólkið viti mikið um land og þjóð? Fréttablaðið ákvað að fara á stúfana og hitti fyrir nokkra ferðamenn á förnum vegi. Meðal þess sem blaðamaður komst að var að það eru ekki aðeins Íslendingar sem kunna að meta íslenskar pylsur.**

**- sm**








**GAZ COOMBES** Gaz og Danny Goffrey hafa stofnað hljómsveit með Nigel Godrich.

# Stofna nýja hljómsveit

**Gaz Coombes og Danny Goffrey úr bresku hljómsveitinni Supergrass hafa stofnað nýja hljómsveit með upptökustjóranum Nigel Godrich, sem hefur unnið náið með Radiohead. Sveitin nefnist The Hot Rats og hyggur á útgáfu sinnar fyrstu plötu í ágúst. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þeir Gaz og Danny stofna hljómsveit því þegar bassaleikarinn Mick Quinn meiddist fyrir tveimur árum stofnuðu þeir dúettinn Diamond Hoo Ha Men sem hélt nokkra tónleika við góðar undirtektir. Supergrass er þó ekki dauð úr öllum æðum því í sumar spilar hún á tónlistarhátíðunum í Glastonbury og Reading.**


Undirfatadagar
Kauptu eina vöru
í undirfatadeild
og fáðu aðra með
50%
afslætti
Þú borgar fullt verð fyrir dýrari vöruna
FLOTT
VARA
Á FLOTTU
VERÐI
Komdu í mátun
Hjá okkur færðu ráðgjöf og mælingu
við val á brjóstahöldurum.
Komdu og nýttu þér frábæra þjónustu
og gott verð.
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir fimmtudag til miðvikudags
Viðskiptavinir Bónus fá afslátt í Debenhams
Viðskiptavinir Bónus fá 20% afslátt í Debenhams (15% af snyrtivöru) dagana 16. til 21. júní ef þeir versla fyrir meira en 5000 kr. í einhverri Bónusverslun og framvísa kassakvittun úr Bónus þegar greitt er í Debenhams. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
BÓNUS
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Fjöldinn kom á óvart

**Hjónin í Mávahlíð, Sigurður Pálsson og Kristín Jóhannesdóttir, voru sigurvegarar Grímunnar, Þau eru ekki búin að finna stað fyrir stytturnar tvær sem þau hlutu fyrir sýninguna Utangátta.**



SIGURVEGARAR KVÖLDSINS Kristín Jóhannesdóttir og Sigurður Pálsson voru sigurvegarar kvöldsins. Kristín var valin leikstjóri ársins en Sigurður fékk Grímuna fyrir leikverk ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Maður er eiginlega bara skýjum ofar og það var dálítið magnað að fylgjast með þessu," sagði Sigurður þegar Fréttablaðið náði tali af honum á sjálfan þjóðhátíðardaginn. „Maður verður bara að viðurkenna að það var ekkert erfitt að koma sér í þjóðhátíðarstemninguna í dag [í gær] og nú fer maður bara niður í bæ og fær sér pylsu og blöðru."

Utangátta fékk sex Grímur. Sýningin náði þeim einstaka árangri að vera valin verk ársins, sýning ársins og leikstjóri ársins, en slík þrenna ku ekki vera algeng. Auk þess fékk Grétar Reynisson Grímuna fyrir leikmynd og búninga í sýningunni og Halldór Örn Óskarsson var verðlaunaður fyrir lýsingu. Sigurður upplýsir að þau hjónin hafi enn ekki fundið styttunum stað. „Við erum svona að máta, í augnablikinu standa þær á mublu úti við gluggann, þær verða ekkert í neinum feluleik," segir Sigurður. Hann bætir því við að bæði hann og Kristín geri sér grein fyrir því að þau séu bara toppurinn á ísjakanum. „Á toppinn eru stytturnar lagðar en við Kristín tökum við þeim fyrir hönd alls jakans." Til gamans má svo geta að sýningin fer aftur á fjalir Kassa Þjóðleikhússins í september. - fgg



LEIKARI ÁRSINS Björn Thors ásamt eiginkonu sinni, Unni Ösp. Björn tileinkaði verðlaunin kennara sem hann hafði sér til leiðsagnar í faginu á sínum yngri árum.



NONNI OG MANNI Einar Örn og Garðar Thor Cortes voru feykilega hressir að vanda.



SANDY OG VINKONUR Þær Heba Eir, Erna Hrund og Ólöf Jara voru meðal gesta í Borgarleikhúsinu en Ólöf flutti atriði úr söngleiknum Grease á milli verðlaunaafhendinga.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER | kl. 5:50 - 8D - 8:30 - 10:20D - 11 | 12 |
| THE HANGOVER | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| MANAGEMENT | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 5:50(3D) | L |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 10:20 | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 8 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER | kl. 4 - 6 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20 - 11:20 | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 10 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 4(3D) | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 | L |
| ANGELS AND DEMONS | kl. 10 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER | kl. 8 - 10 | 12 |
| ADVENTURELAND | kl. 8 | 12 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 10:10 | 16 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 8 | L |

vertu aðdáandi á FACEBOOK og þú gætir unnið vegleg verðlaun
http://facebook.sambioin.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRI... LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 4 | L |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.30 - 5.40 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5 - 8 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ANGELS & DEMONS | kl. 8 - 10.40 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 8 - 10.40 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.50 - 8 -10. | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



550 kr. í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST | kl. 6, 8 og 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 2 og 4 - Ísl. tal | L |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8 og 10.15 | 14 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 2, 4 og 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 2 | L |







MasterCard korthafar fá miðann á 700 kr. 15. júní til 19. júní, í Laugarásbíói, Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri greiði þeir með kortinu.

LAUGARÁS BÍÓ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

# Fyrir barnið!



FLJÓTANDI HANDSÁPA

**199** kr/stk.

~~289~~ kr/stk.

TILBOÐ

30% afsláttur



aðeins 433 kr/stk.

SAMFELLUR, 6 í pk.

**2.599** kr/pk.

BLEYJUPOKAR, 200stk.

**181** kr/pk.

~~259~~ kr/pk.



30% afsláttur



30% afsláttur

JOHNSON'S BLAUTKLÚTAR, 64 stk., gentle

**251** kr/pk.

~~359~~ kr/pk.

SPARAÐU



30% afsláttur

PAMPERS BLEYJUR

**1.455** kr/pk.

~~2.079~~ kr/pk.

ÓDÝRT



Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 18. - 21. JÚNÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

netto SPARNAÐUR

## > Sverre á leið til Grosswallstadt

Flest bendir til þess að landsliðsmaðurinn Sverre Andreas Jakobsson muni á næstu dögum skrifa undir tveggja ára samning við þýska úrvalsdeildarfélagið Grosswallstadt. Með liðinu leikur annar Íslendingur, Einar Hólmgeirsson. Sverre staðfesti við Fréttablaðið að aðeins ætti eftir að ganga frá smáatriðum. „Ég er eiginlega kominn með annan fótinn til félagsins," sagði Sverre, sem lék með HK í vetur eftir að hafa komið heim úr atvinnumennsku með Gummersbach. Grosswallstadt vildi upphaflega fá Sverre til liðs við sig næsta sumar en snerist svo hugur og vill semja við hann strax. Eftir að hafa vegið og metið málið ákváðu Sverre og fjölskylda að stökkva á tilboðið og flytja aftur út.



**sport**
sport@frettabladid.is

**GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON: HEFUR UNNIÐ ÞREKVIRKI MEÐ ÞVÍ AÐ KOMA ÍSLENSKA LIÐINU Á EM**

# *Er ákaflega stoltur af þessum árangri*

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var bæði hrærður og stoltur eftir að íslenska landsliðið hafði tryggt sér sæti á EM í Austurríki. Meiðslum hrjáð lið hans sýndi enn og aftur glansleik í gær.

„Það er mjög þungu fargi af mér létt enda voru skrefin erfið inn í klefa eftir leikinn gegn Norðmönnum síðasta sunnudag. Dagarnir sem fóru í hönd voru erfiðir enda þurfum við aftur að ná vopnum okkar. Við kortlögðum svo Makedóníumenn enn eina ferðina og það tókst frábærlega," sagði Guðmundur.

„Við vorum með svör í vörninni við öllu sem þeir voru að gera. Sóknarleikurinn var öflugur, fjölbreyttur og beittur. Hraðaupphlaupin góð og markvarslan frábær. Maður getur varla fundið neitt að leik okkar að þessu sinni. Þetta var einn af þessum leikjum þar sem menn eru mættir til að sinna sínum skyldum og miklu meira en það. Það var magnað að sjá hvernig við tókum Lazarov úr sambandi og undirbúningurinn skilaði sínu," sagði þjálfarinn, sem vildi sérstaklega hrósa áhorfendum.

„Þetta var frábær dagur og áhorfendur gjörsamlega stórkostlegir. Ég vil sérstaklega þakka þeim fyrir þeirra magnaða framlag. Þeir bjuggu til ótrúlega stemningu í þessum leik með okkur."

Ísland er nú í baráttu við Noreg um efsta sæti riðilsins, sem er mikilvægt upp á að komast í efsta styrkleikaflokk þegar verður dregið í riðla á mótið. Þessi stóri sigur hjálpar mikið til þar og Guðmundur viðurkenndi að hafa mikið spáð í það á tímabili.

Guðmundur hefur unnið sannkallað þrekvirki með því að koma þessu liði á EM og láta það nær undantekningalaust spila vel þó svo að hver stórstjarnan á fætur annarri hafi fallið úr leik vegna meiðsla.

„Ég er sáttur við að hafa komið hingað með gjörbreytt lið. Ég hef þurft að kalla inn menn sem hafa ekki verið í landsliðinu áður eða ekki verið lengi í landsliðinu. Það hafa allir staðið sig frábærlega, sem er mjög jákvætt. Ég er ákaflega stoltur af þessum árangri og þakklátur leikmönnunum sem hafa lagt sig alla fram."



## ÚRSLIT

*Undankeppni EM 2010*

**Ísland-Makedónía 34-26 (17-13)**
Mörk Íslands (skot): Alexander Petersson 10 (13), Guðjón Valur Sigurðsson 6/1 (7/1), Róbert Gunnarsson 5 (6), Þórir Ólafsson 4 (5), Sigurbergur Sveinsson 3 (8), Heiðmar Felixson 2 (5), Vignir Svavarsson 1 (2), Snorri Steinn Guðjónsson 1 (1), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Ragnar Óskarsson 1 (2).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 21/2 (47/4) 47%.
Hraðaupphlaup: 11 (Þórir 3, Guðjón 3, Alexander 2, Ingimundur, Róbert, Vignir).
Fiskuð víti: 1 (Alexander).
Utan vallar: 12 mín.



**ALEXANDER** Var illviðráðanlegur í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Alexander Petersson:

## Skemmti mér mjög vel

**HANDBOLTI** „Þetta var bara mjög venjulegt. Ég skora alltaf tíu mörk í leik," sagði brosmildur Alexander Petersson sem fór á kostum í íslenska liðinu í gær en hann er nýkominn af stað eftir löng meiðsli.

„Ég var bara vel stemmdur, grimmur og hungraður í að standa mig vel. Ég skemmti mér líka vel. Það er gaman að vera kominn aftur og ég nýt mín virkilega vel með liðinu," sagði Alexander og bætti við að Makedónarnir hefðu hreinlega gefist upp þegar þeir sáu að þeir áttu ekki lengur möguleika gegn frábæru íslensku liði í gær. - hbg

# Strákarnir okkar á EM með stæl

**Strákarnir okkar gulltryggðu farseðil sinn á EM í Austurríki í gær er þeir sýndu stórleik og rúlluðu auðveldlega yfir Makedóna. Björgvin Páll fór hamförum í markinu og Alexander var ótrúlegur í sókninni.**

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar tryggðu sér þátttökuréttinn á EM í Austurríki með glæsibrag í gær þegar þeir pökkuðu Makedónum saman í Höllinni, 34-26. Það var þjóðhátíðarstemning í Höllinni sem skilaði sér til strákanna sem léku við hvurn sinn fingur.

Fyrri hálfleikur var virkilega vel leikinn af hálfu íslenska liðsins. Björgvin byrjaði strax að verja og varði eina ellefu bolta í hálfleiknum. Þar af fimm í röð frá stórskyttu Makedónanna, Kiril Lazarov. Inn í þeim pakka voru tvö víti, takk fyrir.

Sóknarleikurinn var leikinn af yfirvegun þar sem Ragnar Óskarsson stýrði leik liðsins af myndarskap. Alexander Petersson fór hreinlega hamförum og skoraði í sex fyrstu skotum sínum ásamt því að fiska eitt víti. Sigurbergur Sveinsson hristi af sér vonbrigði síðasta leiks, kom grimmur til leiks og sýndi mikinn karakter.

Íslendingar voru lengstum skrefi á undan og eftir því sem leið á hálfleikinn breikkaði bilið. Mest náði íslenska liðið fjögurra marka forskoti og héldu margir að Ísland myndi kafsigla Makedóna á tímabili. Í stað þess að brotna, eins og gerist oft hjá Makedónum, sýndu þeir karakter með því að halda sér inn í leiknum en staða íslenska liðsins í leikhléi engu að síður nokkuð þægileg, 17-13.

Það var smá basl á íslenska liðinu í upphafi síðari hálfleiks en síðan tók liðið öll völd á vellinum og hreinlega keyrði yfir Makedóna, sem áttu nákvæmlega engin svör og brotnuðu loksins. Þá var Snorri Steinn kominn á miðjuna og í kjölfarið fékk Róbert eitthvað að gera á línunni en hann skoraði fimm góð mörk í hálfleiknum.

Varnarleikurinn var algerlega frábær, Björgvin Páll enn í banastuði og hraðaupphlaupin komu á færibandi og öll enduðu þau í netinu hjá Makedónum, sem stóðu steinrunnir og horfðu á. Þjálfari þeirra hafði ekki einu sinni vit á því að taka leikhlé þegar Ísland var að klára leikinn.




**ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING** Róbert Gunnarsson fagnar hér einu af fimm mörkum sínum í gær fyrir framan frábæra áhorfendur sem troðfylltu Laugardalshöllina í gær og létu vel í sér heyra.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ísland náði mest tólf marka forskoti í hálfleiknum, 30-18, en niðurstaðan var átta marka sigur, 34-26. Frábær úrslit og magnaður leikur hjá strákunum okkur.

Það var nánast engan veikan blett að finna í gær á leik íslenska liðsins sem var betra liðið allan tímann. Björgvin Páll fór á kostum í markinu og var aðdáunarvert að sjá hann niðurlægja eina bestu skyttu heims. Vörnin var mögnuð fyrir framan hann þar sem ekki var veikan hlekk að finna. Sóknarleikurinn var vel skipulagður og menn léku skynsamlega. Íslenska liðið átti alltaf svör og allir lögðu sín lóð á vogarskálarnar.

Alexander bar þó af og gríðarlegur styrkur fyrir liðið að fá hann aftur í þessa leiki. Það er lyginni líkast að hann sé tiltölulega nýkominn af stað eftir langvarandi meiðsli. Meiddur Guðjón Valur skilaði sínu sem fyrr og Þórir var sterkur í hinu horninu. Róbert kom upp í síðari hálfleik og miðjumennirnir Ragnar og Snorri spiluðu báðir vel. Sigurbergur var flottur í fyrri hálfleik en náði því miður ekki að fylgja því eftir í þeim síðari. Heiðmar átti svo ágætis innkomu.

Við þennan leik verður þó ekki skilið án þess að hrósa sérstaklega þjálfara liðsins, Guðmundi Guðmundssyni. Þessi frábæri, harðduglegi og útsjónarsami þjálfari hefur unnið enn eitt þrekvirkið með landsliðinu með því að koma því á EM. Hann hefur unnið við einstaklega erfiðar aðstæður í þessari undankeppni og leyst þær aðstæður óaðfinnanlega.

Guðmundur hefur misst út lykilmenn fyrir hvern leik en hefur undantekningalaust tekist að vinna frábærlega úr því sem hann er með í höndunum. Hann undirbýr lið sitt af kostgæfni fyrir hvern leik og fær leikmenn til þess að hafa trú á verkefninu og gera það sem fyrir þá er lagt.

Uppskeran er frábær. Liðið er komið á EM og vinnur líklega riðilinn, sem er magnaður árangur miðað við forföllin í liðinu. Ísland á orðið stóran hóp af samkeppnishæfum landsliðsmönnum og það verður enginn hægðarleikur fyrir Guðmund að velja hópinn sem fer til Austurríkis í janúar.
**henry@frettabladid.is**

Björgvin Páll Gústavsson niðurlægði stórskyttuna Kiril Lazarov sem kom vart boltanum framhjá Björgvini:

# Lazarov var bara eins og tíu ára strákur

**HANDBOLTI** Björgvin Páll Gústavsson átti sannkallaðan stjörnuleik í marki Íslands í gær. Byrjaði strax að verja eins og berserkur og sló hvergi af. Sérstaklega gekk honum vel að verja frá stórskyttunni Kiril Lazarov, sem klúðraði fimm fyrstu skotum sínum gegn Björgvini og þar af tveim úr vítum. Björgvin var hreinlega með Lazarov í vasanum allan leikinn.

„Ég lá yfir myndböndum af honum allt kvöldið fyrir leik enda heimsklassamaður sem varð að stoppa. Við gerðum bara grín að honum og hann var eins og tíu ára strákur í höndunum á okkur. Þegar ég ver fyrstu skotin frá honum þá missir hann sjálfstraustið. Maður hélt að svona kallar væru með meira sjálfstraust en þetta. Hann þorði varla að skjóta á markið eftir það," sagði Björgvin Páll borubrattur og átti innistæðu fyrir því.

„Það var annars geðveikt að spila hérna í þessum leik. Ég var bara með gæsahúð frá því að ég labbaði inn á völlinn. Áhorfendur eru venjulega eins og áttundi maðurinn en þeir voru eins og tveir leikmenn í dag. Stemningin var slík og geðhræringin sem kemur í svona stemningu fleytir manni tíu prósentum lengra en venjulega," sagði Björgvin Páll kátur en hann dansaði mikið á fjölum Laugardalshallar í gær. - hbg



**STÓRKOSTLEGUR** Björgvin Páll Gústavsson átti algjöran glansleik í íslenska markinu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454




# Einstakt fjölskyldutilboð í júlí

## 50% afsláttur á ferð og fæði fyrir börnin

**Hálft fæði fyrir fullorðna á aðeins 12.600 kr. á viku og 6.300 kr. fyrir börn**

**Fjórar vaxtalausar greiðslur**

Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgefið verð.

MasterCard VISA

## Forum Residence

★★★★

TYRKLAND – MARMARIS

VERÐ FRÁ **68.275 kr.**

VIKUFERÐ 24. júlí

á mann í viku m. v. 2 með 2 börn.
99.550 kr. m.v. tvo fullorðna.

Nýlegt og glæsilegt íbúðahótel, við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í alla þjónustu, verslanir og veitingastaði. Sundlaugargarður með góðri aðstöðu til sólbaða, barnalaug og snakkbar. Íbúðirnar eru nýtískulegar og mjög rúmgóðar, með einu eða tveimur svefnherbergjum. Allar íbúðir með svölum, loftkældar með góðu eldhúsi, sjónvarpi, síma og þráðlausri nettengingu.

ÚRVAL·ÚTSÝN

Fíton/SÍA

MasterCard VISA Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000 – www.urvalutsyn.is**

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

# Tiger á höttunum eftir fimmtánda risatitlinum

**Tiger Woods stefnir á að vinna sinn fimmtánda sigur á stórmóti þegar keppni á Opna bandaríska meistaramótinu hefst á Bethpage-vellinum fræga í dag en þar vann Tiger árið 2002. Hann segir þetta mót vera það erfiðasta.**

**GOLF** Keppni á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi hefst á Bethpage-vellinum í dag. Bandaríkjamaðururinn Tiger Woods verður vitanlega í sviðsljósinu en hann stefnir á að verja titil sinn frá því í fyrra og vinna jafnframt sinn fimmtánda sigur á stórmóti á ferlinum.

Woods lét meiðsli á hné ekki aftra sér því að vinna á Opna bandaríska meistaramótinu í fyrra og er nú allur að koma til eftir að hafa verið frá keppni í átta mánuði. Woods vann sem kunnugt er sigur á Memorial-mótinu á dögunum og þykir ekki eiga langt í land með að ná fyrri styrk.

„Þetta er allt að koma hjá mér og ég er allt annar og betri í fætinum. Ég þurfti nauðsynlega á aðgerðinni að halda, það er ekki spurning, og þetta á eftir að skila sér þegar til lengri tíma er litið,“ segir Woods.

Woods kveðst alltaf vera bjartsýnn á möguleika sína á stórmótum og að Opna bandaríska meistaramótið sé þar engin undantekning, þó svo að það sé vissulega erfiðasta mótið af þeim öllum.

„Ég er alltaf bjartsýnn á möguleika mína á að vinna þegar ég tek þátt í stórmótunum. Opna bandaríska meistaramótið er samt erfiðasta stórmótið af öllum því Bethpage-völlurinn er bæði með þröngar brautir og hraðar flatir,“ segir Woods.



SÁ BESTI? Tiger Woods vill meina að landi sinn Jack Nicklaus sé besti kylfingur allra tíma. Tölfræðin sýni einfaldlega fram á það. Nicklaus hefur unnið átján stórmót á ferlinum en Woods fjórtán. NORDIC PHOTOS/AFP

**Nicklaus er sá besti**

Hinn 33 ára gamli Woods hefur unnið fjórtán stórmót á ferlinum og vantar því enn fjóra titla til þess að jafna met Jack Nicklaus. Spurður út í met bandarísku goðsagnarinnar lá ekki á svari frá Woods.

„Jack er enn sá besti. Hann hefur unnið átján stórtitla en ég fjórtán. Svarið er einfalt,“ segir Woods á blaðamannafundi í gær.

Annar golfari sem verður í sviðsljósinu á Bethpage-vellinum í dag er Bandaríkjamaðurinn Phil Mickelson.

Lengi var óvíst með þátttöku hans í mótinu vegna þess að eiginkona hans greindist nýlega með brjóstakrabbamein og Mickelson hætti um tíma í golfi til þess að geta stutt almennilega við bakið á henni. Þau ákváðu hins vegar í sameiningu að hann ætti að taka þátt í Opna bandaríska meistaramótinu og því verður hann meðal keppenda í dag.

Mickelson hefur aldrei unnið á Opna bandaríska meistaramótinu en hefur fjórum sinnum mátt sætta sig við annað sætið í mótinu.

omar@frettabladid.is



MEISTARAR Manchester United hefur titilvörn sína gegn Birmingham á Old Trafford. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Umferðaröðun í enska klár:

## Man. Utd mætir Birmingham

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið tilkynnti í gær umferðaröðun í ensku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.

Englandsmeistarar Manchester United mæta nýliðum Birmingham á Old Trafford í fyrstu umferð. Þá byrjar Liverpool á útivelli gegn Tottenham og Arsenal byrjar á útivelli gegn Everton en Chelsea fær Hull í heimsókn á Brúna.

Grétar Rafn Steinsson og félagar í Bolton fá Sunderland í heimsókn á Reebok-leikvanginn en Jóhannes Karl Guðjónsson og félagar í Burnley heimsækja Stoke.

Fyrstu umferð má sjá hér að neðan en leikirnir fara fram 15. ágúst. - óþ

**ENSKA ÚRVALSDEILDIN**

**Fyrsta umferð - 15. ágúst**

| |
|---|
| Aston Villa - Wigan |
| Blackburn - Man. City |
| Bolton - Sunderland |
| Chelsea - Hull |
| Everton - Arsenal |
| Man. Utd - Birmingham |
| Portsmouth - Fulham |
| Stoke - Burnley |
| Tottenham - Liverpool |
| Wolves - West Ham |



GRÓTTUMAÐUR Kristján Finnbogason fær væntanlega nóg að gera gegn sínum gömlu félögum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VISA-bikar karla:

## Vesturbæjarslagur á Nesinu

**FÓTBOLTI** Síðustu leikirnir í 32 liða úrslitum VISA-bikars karla fara fram í kvöld og þar verða nokkrir áhugaverðir leikir.

Einn Pepsi-deildarslagur er í kvöld þegar Fylkir tekur á móti Stjörnunni. Fylkismenn eiga harma að hefna eftir að tíu Stjörnumenn lögðu þá í Garðabænum um daginn.

Á Seltjarnarnesi fer fram fyrsti KSÍ-leikur nágrannaliðanna Gróttu og KR. Með Gróttu leika margir fyrrverandi leikmenn KR og verður eflaust margt um manninn á Nesinu.

Utandeildarliðið Carl, sem er skipað gömlum kempum, mætir Íslandsmeisturum FH á Leiknisvelli og í Grindavík er einnig spennandi leikur þar sem heimamenn taka á móti ÍA. - hbg

**VISA-BIKAR KARLA**

**32-liða úrslit, leikir kvöldsins**

| | |
|---|---|
| 18.00 | KA - Afturelding |
| 19.15 | Fjölnir - HK |
| 19.15 | Hvöt - Breiðablik |
| 19.15 | Valur - Álftanes |
| 19.15 | Carl - FH |
| 19.15 | Grótta - KR |
| 19.15 | Víðir - Þróttur R. |
| 19.15 | ÍBV - Víkingur R. |
| 19.15 | Grindavík - ÍA |
| 19.15 | Fylkir - Stjarnan |
| 20.00 | Keflavík - Einherji |





> **Nia Vardalos**

„Ég er hrædd við að missa af tækifærum sem koma ekki aftur og ana því oft út í hlutina án þess að hugsa um þá nægilega vel. Oftast endar það með klúðri en stundum hefur það borgar sig.“

***Vardalos leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni My Big Fat Greek Wedding sem hún skrifaði jafnframt handritið að. Myndin er sýnd á SkjáEinum í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SKILUR EKKERT Í LOST OG ER LÍKA ALVEG SAMA

# *Ruglingslegri en nokkru sinni fyrr*

Ég held að flestir geti verið sammála mér að Lost-þættirnir verði ruglingslegri með hverri vikunni sem líður. Fimmta þáttaröðin er núna í gangi í Ríkissjónvarpinu og skil ég hvorki upp né niður í henni. Byrjunin var síður en svo til að einfalda hlutina. Skyndilega vildu allir þeir sem höfðu eytt síðustu fjórum þáttaröðum í að komast burt af eyjunni dularfullu fara þangað aftur. Ekki veit ég af hverju. Þar fyrir utan dó John Locke alla vega tvisvar með skömmu millibili og þá hugsaði ég með mér: „Hingað og ekki lengra“. Samt ákvað ég að gefa síðasta Lost-þætti séns, sem sýnir kannski aðdráttaraflið sem þættirnir hafa. Í honum voru allir komnir í hallærislega Dharma-galla einhverra hluta vegna og þau Jack og Kate íhuguðu hvort þau vildu lækna unga útgáfu af illmenninu Ben sem hafði verið skotin nokkru áður. Eða þannig skildi ég það. Hinn þybbni Hugo velti sömuleiðis fyrir sér tímaflakki og því hvort hann væri í raun og veru til.



**HUGO** Hugo velti fyrir sér hvort hann væri í raun og veru til í síðasta þætti.

Vandamálið var bara að á þessum tímapunkti var mér orðið nákvæmlega sama um söguþráðinn og þótt allir á eyjunni hefðu verið sprengdir í loft upp hefði það ekki skipt mig neinu máli. Þess vegna skipti ég um stöð áður en yfir lauk.

Vissulega hafa Lost í gegnum árin verið áhugaverðir þættir sem hafa velt upp alls konar spurningum um tengdum mannlegu eðli en núna er komið að leiðarlokum. Ég neita að láta þá lokka mig aftur að sjónvarpsskjánum, ekki nema ég stelist til að kíkja á næsta þátt bara til að tryggja að sjálft svarið við lífsgátunni sé alveg örugglega ekki að finna á þessum undarlega stað.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** US Open, beint
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15** Grey's Anatomy
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.30** Everybody Hates Chris
SKJÁREINN



▶ **21.15** Aðþrengdar eiginkonur
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Twenty Four STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Igor**
**17.45 Tómas og Tim** (6:16)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Úr vöndu að ráða** (5:7) Bandarísk gamanþáttaröð um konu sem var skotspónn skólafélaga sinna vegna útlits og óframfærni en snýr aftur seinna í skólann sem námsráðgjafi. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (41:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og flókin samskipti. Aðalhlutverk: Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**20.55 Fréttir aldarinnar** 1963 - Eldgos suðvestur af Vestmannaeyjum.
**21.00 Fréttir aldarinnar** 1966 - Sjónvarpið hefur útsendingar.
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Nýgræðingar** (Scrubs VI)
**22.50 Trúður** (Klovn) (3:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper. (e)
**23.20 Anna Pihl** (Anna Pihl) (8:10) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Employee of the Month**
**10.00 The Devil Wears Prada**
**12.00 Ástríkur og víkingarnir**
**14.00 Employee of the Month**
**16.00 The Devil Wears Prada**
**18.00 Ástríkur og víkingarnir**
**20.00 One Last Ride** Mynd byggð á sönnum atburðum um spilafíkil og hvernig hann nær að gjörbreyta lífi sínu.
**22.00 Stephen King's Desperation**
**00.10 The Sentinel**
**02.00 The Omen**
**04.00 Stephen King's Desperation**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Litla risaeðlan, Elías og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (14:25)
**09.55 Doctors** (15:25)
**10.20 Las Vegas** (18:19)
**11.05 Gossip Girl** (4:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (11:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (214:260)
**13.25 Wings of Love** (82:120)
**14.10 Wings of Love** (83:120)
**14.55 Ally McBeal** (6:21)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Nonni nifteind, Bratz og Elías.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (17:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.24 Veður**
**19.35 The Simpsons** (10:25)
**20.00 Hell's Kitchen** Gordon Ramsay niðurlægir og húðskammar keppendur fyrir viðvaningshátt og grátbrosleg mistök í eldhúsinu.
**20.45 The Mentalist** (18:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
▶**21.30 Twenty Four** (21:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**22.15 The Spy Who Loved Me** Roger Moore fer hér með hlutverk James Bond. Óður skipakóngur hefur tekið kjarnorkukafbáta frá Bretum og Rússum traustataki og hefur í hyggju að hefja kjarnorkustríð sem mun þvinga þjóðir heims til að taka sér búsetu undir yfirborði sjávar.
**00.20 Prison Break** (20:24)
**01.05 Le petit lieutenant**
**02.55 Assault on Precinct 13**
**04.40 The Mentalist** (18:23)
**05.25 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**17.05 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
**18.05 PGA Tour 2009 - Stanford St. Jude Championship** Sýnt frá hápunktum á PGA mótaröðinni í golfi.
**19.00 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**19.25 Arnold Schwarzenegger-mótið 2008** Sýnt frá Arnold Schwarzenegger Classic sem haldið var í Flórída. Í þessu móti er keppt í mörgum greinum aflrauna og þangað mæta til leiks allir helstu og flottustu jötnar heims.
▶**20.00 US Open** Bein útsending frá fyrsta degi US Open í golfi en þar mætir til leiks rjóminn af bestu kylfingum heims.
**23.00 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir komandi keppni. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**23.30 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**23.55 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims etja kappi í Texas Hold´Em.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Spánn - Írak** Útsending frá leik í Álfukeppninni.
**13.45 Bandaríkin - Brasilía** Bein útsending frá leik í Álfukeppninni.
**15.55 Spánn - Írak** Útsending frá leik í Álfukeppninni.
**17.40 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.15 Egyptaland - Ítalía** Bein útsending frá leik í Álfukeppninni.
**20.20 Bandaríkin - Brasilía** Útsending frá leik í Álfukeppninni.
**22.00 Egyptaland - Ítalía** Útsending frá leik í Álfukeppninni.
**23.40 Season Highlights 1998** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.20 The Game** (13:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
**18.45 America's Funniest Home Videos** (36:48) (e)
**19.10 Greatest American Dog** (e)
**20.00 All of Us** (10:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd.
▶**20.30 Everybody Hates Chris** (4:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
**21.00 Family Guy** (3:18) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**21.25 My Big Fat Greek Wedding** Toula Portokalos býr í úthverfi Chicago með grískum foreldrum sínum sem halda fast í þrjár meginreglur. Hún á að giftast grískum strák, eignast grísk börn og gefa öllum vel að borða. Þegar Toula finnur loks stóru ástina fer allt í uppnám, enda er hann ekki Grikki og auk þess grænmetisæta.
**23.00 Penn & Teller: Bullshit** (8:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.
**23.30 Painkiller Jane** (17:22) (e)
**00.20 Flashpoint** (7:13) (e)
**01.10 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm stjórnmálafræðingur ræðir um daginn og veginn
**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgenssen ræðir um matarmenningu við gest sinn en matreiðslumeistari er Ragnar Ómarsson.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.00**

**Hell's Kitchen**

Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi Gordon Ramsay er nú mættur í fjórða sinn og nú svalari en nokkru fyrr. Hann er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi. Ramsay notar auðvitað hvert tækifæri til að niðurlægja og húðskamma keppendur fyrir viðvaningshátt og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Nýgræðingar**

**Sjónvarpið kl. 22.25**

Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir og starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Gullmolar úr safninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Draumur á Jónsmessunótt
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**23.00** Útvarpsperlur: Í hljóði
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (213:260)

**17.15 Hollyoaks** (214:260)

**17.40 The O.C.** (26:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

**18.25 Seinfeld** (2:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

**18.45 Hollyoaks** (213:260)

**19.15 Hollyoaks** (214:260)

**19.40 Seinfeld** (2:24)

▶**20.15 Grey's Anatomy** (14:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.00 Final Days of Planet Earth** Fyrri hluti framhaldsmyndar. Fornleifafræðingurinn Lloyd Walker kemst að skelfilegu samsæri hóps sem reynist vera geimverur. Ætlun þeirra er að yfirtaka jörðina og hneppa jarðarbúa í þrældóm.

**23.25 Final Days of Planet Earth** Seinni hluti framhaldsmyndar.

**00.50 Sjáðu**

**01.20 The O.C.** (26:27)

**02.05 Grey's Anatomy** (14:24)

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.10** The Inspector Lynley Mysteries **11.55** After You've Gone **12.25** The Weakest Link **13.10** EastEnders **13.40** My Hero **14.10** My Hero **14.40** After You've Gone **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** The Inspector Lynley Mysteries **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Extras **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Dalziel and Pascoe **20.45** My Hero **21.15** After You've Gone **21.45** The Inspector Lynley Mysteries **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.15** Extras **23.45** The Catherine Tate Show

## DR 1

**11.00** Hvad er det værd? **11.30** Læger for livet **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **14.50** Jungletrommer **15.00** Lloyd i Rummet **15.25** Small Faces **15.30** Fandango med Rebecca **16.00** Dig og mig **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Venner på eventyr **18.00** Tæt på dyrene på krybskyttejagt **18.30** Hammerslag i Hjørring **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** American Pie **21.30** Backstage Special med Sys Bjerre **22.00** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRL Nyheter **11.05** Tracey Ullmans USA **11.30** Klostrene kaller **12.00** NRL Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Camilla Plum i hagen **13.00** NRL Nyheter **13.05** Jessica Fletcher **13.55** 4-4-2 **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjørn **16.15** Bernt og Erling på nye eventyr **16.20** Rorri Racerbil **16.30** Her er eg! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Fjas og fakta om hagar **20.20** Uti vår hage 2 **20.50** Billedbrev fra Europa **21.00** Kveldsnytt **21.15** Er jeg normal? **22.15** E6 - En reise gjennom nordmenns hverdag **22.45** Livets porto

## SVT 1

**11.05** Mäklarna **11.35** Mat och grönt på Friland **12.45** Vem tror du att du är? **13.45** Confederations Cup **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Vildmark fiske **16.45** Hemliga svenska rum **17.00** Berulfsens pengabinge **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.50** Regionala nyheter **18.00** Plus sommar **18.30** Mitt i naturen **19.00** Draknästet **20.00** Guldfeber **20.55** Sommer **21.55** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.55** Sändningar från SVT24


Útsölumarkaður í Skeifunni 17

LOKAHELGI

VERÐIN NIÐUR
ÚR ÖLLU VALDI!
Buxur 2.000,-
Peysur 2.000,-
Pils 2.000,-
Skór 1.000,-
Bolir og toppar 1.000,-
Jakkar 4.000,-

Síðasti séns að gera frábær kaup!
Opið 12:00 - 18.00

next

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast múslí með súkkulaðibitum út í jógúrt, en þetta er ekki bara morgunmaturinn því ég borða þetta eiginlega í öll mál.“*

Sveinbjörn Thorarensen tónlistarmaður, einnig þekktur sem Hermigervill.

# Eurovision-leikstjóri gerir dramamynd

„Þetta er algjörlega frábært. Maður er kampakátur með þetta,“ segir leikstjórinn Baldvin Zophoníasson, eða Baldvin Z. Fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd, Órói, hefur fengið vilyrði fyrir framleiðslustyrk hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Um dramamynd er að ræða en Baldvin vill ekkert láta hafa eftir sér um söguþráðinn í bili. „Þetta eru blendnar tilfinningar,“ segir hann um vilyrðið. „Maður hlakkar til og er spenntur en þetta er bara einn hundraðasti af sigrinum. Það á eftir að gera gott úr þessu.“

Í ferilskrá Baldvins eru tvö síðustu Eurovision-myndbönd Íslands sem bæði hafa fengið góðar viðtökur. Það fyrra gerði hann fyrir Eurobandið og það síðara fyrir Jóhönnu Guðrúnu. Var hið fyrrnefnda kjörið næstbesta Eurovision-myndband síðasta árs í erlendri könnun. Einnig hefur Baldvin unnið að myndböndum fyrir MTV og við auglýsingagerð. „Þetta er allt góð reynsla, sama hvað það er; auglýsingar, tónlistarmyndbönd eða stuttmyndir. Allt fer þetta í sama bankann að lokum,“ segir hann. Í janúar stofnaði Baldvin fyrirtækið Zeta Productions sem hefur þegar búið til auglýsingu fyrir Honey Nut Cheerios auk þess sem nýjar Goða-auglýsingar eru á leiðinni.

Baldvin skrifaði handritið að Óróa með leikkonunni Ingibjörgu Reynisdóttur en framleiðandi myndarinnar verður Kvikmyndafélag Íslands, hið sama og gefur út Reykjavík Whale Watching Massacre. Ekki er búið að ákveða hvenær tökur hefjast á myndinni en líklega verður það síðar á þessu ári. - fb



**BALDVIN Z** Fyrsta kvikmynd Baldvins Z, Órói, er á teikniborðinu. Hún verður hugsanlega tekin upp á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LÁRÉTT**
**2.** klæðaleysi, **6.** í röð, **8.** fley, **9.** fugl, **11.** núna, **12.** létt hlaup, **14.** húrra, **16.** skóli, **17.** tilvist, **18.** andi, **20.** gyltu, **21.** tangi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** hvort, **4.** glettnislegur, **5.** traust, **7.** iðn, **10.** sægur, **13.** óvild, **15.** trauður, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** nekt, **6.** áb, **8.** far, **9.** lóm, **11.** nú, **12.** skokk, **14.** bravó, **16.** ma, **17.** líf, **18.** önd, **20.** sú, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** ef, **4.** kankvís, **5.** trú, **7.** bókband, **10.** mor, **13.** kal, **15.** ófús, **16.** möo, **19.** dd.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Helgi Tómasson ballettdansari.
2. Halldór Orri Björnsson, leikmaður Stjörnunnar.
3. Gallery Crymogæa.






SIGURÐUR KAISER: LEIKHÚSIÐ TIL FÓLKSINS Í LANDINU

# Kaiser í þjóðleikhússtjórann

„Já, ég hef verið hvattur til þess af mörgum, bæði innan leikhússins sem utan,“ segir Sigurður Kaiser, sem ætlar sér að sækja um stöðu þjóðleikhússtjóra.

Menntamálaráðherra auglýsti stöðuna fyrir nokkru lausa til umsóknar en umsóknarfrestur rennur út 26. þessa mánaðar. Skipað er í stöðuna til fimm ára. Tinna Gunnlaugsdóttir, núverandi þjóðleikhússtjóri, hefur þegar lýst yfir vilja til að vera áfram. Þá hefur Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, verið orðuð við stöðuna en hún komst ekki inn á þing í síðustu alþingiskosningum. Sigurður segir Þjóðleikhúsið flaggskip íslenskrar menningar og sterkt Þjóðleikhús forsendu fyrir því að hér þrífist leiklist. Fréttablaðið greindi í upphafi viku frá svartri skýrslu um ástand hússins við Hverfisgötu, að því þyrfti að loka ef vel ætti að vera. Tinna hefur reyndar mótmælt því og ýmislegt hefur þegar verið gert sem tíundað var sem ógert í skýrslunni, svo sem vinna við ytra byrði hússins. En Sigurður sér það reyndar ekki sem óyfirstíganlegt vandamál þótt loka þyrfti húsinu um stundarsakir. „Þá má sýna í yfirgefnum banka. Leikhúsið þarf ekki að vera bygging. Ekki veitti til dæmis af að heimsækja landsbyggðina, leikhúsið til fólksins, og mætti þess vegna sýna í frystihúsi eða jafnvel togara. Auðvitað er Þjóðleikhúsið þjóðareign, ein af fáum stofnunum sem það eru, og menn ættu ekki að þurfa að setja sig í stellingar og fara í sparifötum þangað inn,“ segir Sigurður. Hann veit ekki um aðra en Tinnu sem ætla að sækja um en hefur þó orðið var við titring í tengslum við stöðuna. „Þetta er ein af æðstu stöðum innan menningarlífs á Íslandi. Nýverið var skipt um stjórnvöld og þau taka ákvörðun um hver fær stöðuna. Og af hverju skyldu þeir sem hafa áhuga og metnað til að vera leiðandi í íslensku menningarlífi ekki að sækja um?“



**SIGURÐUR KAISER** Þrátt fyrir að teljast ágætur kandídat í stöðu Þjóðleikhússtjóra gerir hann ekkert frekar ráð fyrir því að hreppa stöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigurður hlýtur að teljast ágætur kandídat. Hann státar af meistaragráðu í leikhúshönnun frá Bretlandi, kenndi dramatúrgíu í South Bank University, hann hefur starfað í flestum leikhúsum landsins, er stofnandi Vesturports og starfaði þar sem leikhússtjóri auk þess sem hann stýrði Loftkastalanum um hríð. Er þá fátt eitt nefnt af afrekum Sigurðar í íslensku leikhúsi en þrátt fyrir þetta er hann ekkert endilega á því að hann hreppi stöðuna. „Nei, ég geri nú ekki ráð fyrir því. Ég treysti Tinnu mjög vel til að halda þarna áfram. En umræðan er þörf og það er kannski fyrst og fremst þess vegna sem fólk hefur verið að nefna þetta við mig.“

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Líkt og kemur fram hér framar í blaðinu stóðu hjónakornin Sigurður Pálsson og Kristín Jóhannesdóttir uppi sem sigurvegarar á Grímunni. Mörgum þótti þó athöfnin vera nokkuð stíf og tóku sjónvarpsáhorfendur eftir því að salnum þótti brandarar sem þær **Edda Björgvins**, Björk Jakobsdóttir og Helga Braga létu fjúka ekkert fyndnir heldur ríkti bara þögnin ein. Svo virtist sem áhorfendur í Borgarleikhúsinu vildu ekki hlæja að þessum galgopahætti þríeyksins heldur kaus frekar kurteisislegan hlátur þegar það þótti „viðeigandi“.

Hljómsveitin Júpiters ætlar að trylla lýðinn á Nasa á kvenréttindadaginn 19. júní. Einn meðlima er **Kormákur Geirharðsson,** trymbill og vert, sem er til þess að gera nýr í bandinu. Það aftrar honum þó ekki frá því að syngja í það minnsta eitt lag á prógramminu, nokkurs konar hringvegarapp, sem gengur út á að hann kallar upp ýmis bæjarnöfn: Kópasker, Húsavík, Egilsstaðir, Borgarnes… og svo framvegis. Svo þrengist hringurinn, endar í Reykjavík og vitaskuld á Vegamótastíg á krá Komma og vinar hans Skjaldar: Ölstofunni.



Og eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er von á tamílska leikstjóranum K.S Ravikumar og stórstjörnunni **Nayantara** til landsins en þau ætla að taka upp hasaratriði, ástarsenur og lag fyrir kvikmyndina Aadhavan. Indverskir fjölmiðlar hafa fylgst grannt með þessu ferðalagi leikstjórans og leikhópsins og þannig er sagt frá því á vefsíðunni tamil.galatta.com að Ísland sé fyrst og fremst frægt vegna þess að hér hafi atriði úr mörgum Bondmyndum verið tekin upp. - fgg, jbg








# Bjarkalundur aldrei vinsælli

Hótel Bjarkalundur, eitt elsta sumarhótel landsins, er nú orðið einn vinsælasti áfangastaður íslenskra ferðamanna. Hótelstjórinn, Árni Sigurpálsson, segir að rekja megi þessar auknu vinsældir hótelsins til sjónvarpsþáttarins Dagvaktarinnar sem sló svo eftirminnilega í gegn á Stöð 2 í haust. „Svo virðist sem menn séu að leggja leið sín hingað sérstaklega til þess að skoða Bjarkalund. Fólk vill gjarnan láta mynda sig á hinum ýmsu stöðum sem komið hafa fyrir í þáttunum, það er til dæmis mjög vinsælt að láta mynda sig með hjálminn hans Georgs eða inni í eldhúsi og þá með pönnuna sem Gugga var drepin með. Starfsfólkið er mjög lipurt með að leyfa gestunum að mynda hér á staðnum svo lengi sem það truflar ekki daglegan rekstur hótelsins,“ segir Árni, sem hefur verið hótelstjóri á Bjarkalundi síðastliðin fjögur ár.



**STARFSFÓLKIÐ Í BJARKALUNDI** Starfsfólk hótelsins er lipurt við gesti sem vilja láta mynda sig. MYND/ÁRNI SIGURPÁLSSON

Þó að Bjarkalundur trekki vissulega að eru fleiri athyglisverðir staðir í nágrenninu. „Hér er mikil og góð veiði, margar fallegar gönguleiðir, stutt til Reykhóla í sund og svo erum við einnig komin með nýjan mínígolfvöll þannig að ferðafólk hefur nóg að skoða hér í kringum Bjarkalund,“ segir Árni að lokum. - sm



SUMARLEIKUR
byggtogbúið
Þegar þú verslar í Byggt og búið getur þú sett nafn þitt í pott. Dregið verður úr pottinum í enda sumars. Veglegir vinningar í boði: Kitchen aid hrærivél, Wassermaxx sódavatnstæki, Francis Espresso kaffivél og fleira.
Verð áður 7.447 kr.
Tilboð 4.998 kr.
Þú sparar 2.449 kr.
Brúðargjafalisti
Ávinningur tilvonandi hjóna
• Inneign: 6,77-10% eykst við hverja úttekt.
• Happdrætti: meðal vinninga Kitchen Aid hrærivél.
• Góðgeðarmál: brúðhjón sem skrá sig á lista leggja lið góðgerðarmáli að eigin vali með okkar hjálp.
ÚTVARP
35% afsláttur
Tilboð 4.873 kr.
Þú sparar 2.624 kr.
ELDHÚSVOG
1gr. nákvæmni
20% afsláttur
Tilboð 3.999 kr.
Þú sparar 1.000 kr.
BORÐVIFTA
20% afsláttur
Verð áður 4.997 kr.
Tilboð 3.998 kr.
KITCHEN AID HRÆRIVÉL
HVÍT
Tilboð 66.405 kr. stgr.
Þú sparar 3.495 kr.
ÝMSIR LITIR
Tilboð 69.255 kr. stgr.
Þú sparar 3.645 kr.
Matreiðslubók og svunta fylgja frítt með að andvirði kr. 8.300.-
KARAFLA 1L
50% afsláttur
MASSÍFT GLER, Á 1/2 VIRÐI
Tilboð 500 kr.
Tifandi tilboðssprengja
NÝ TILBOÐ VIKULEGA
aðeins 4 dagar
fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag eða á meðan birgðir endast
BABYLISS SLÉTTUJÁRN
20% afsláttur
Verð áður 6.990 kr.
Tilboð 5.592 kr.
Þú sparar 1.398 kr.
WASSERMAXX SÓDAVATNSTÆKI
Verð 19.990 kr.
Ýmsir litir, frítt bragðefni fylgir með.
Verð 22.990 kr.
Stál, frítt bragðefni fylgir með.
JAMIE OLIVER MORTEL
Granít 18cm
30% afsláttur
Tilboð 4.999 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
PIPARKVÖRN BATTERÍS
40% afsláttur
Tilboð 1.499 kr.
Þú sparar 1.000 kr.
INNKAUPAKERRA Á HJÓLUM
Shop n' Go
Tilboð 3.749 kr.
Þú sparar 1.250 kr.
RAFMAGNSPANNA
33% afsláttur
Tilboð 3.997 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
IPOD DOKKA 2JA HÁTALARA
20% afsláttur
Tilboð 11.999 kr.
Þú sparar 3.000 kr.
GASGRILL ADELAIDE
4 brennarar, hliðarbrennari, grillflötur 3500cm2
Verð áður 79.990
Tilboð 69.990 kr.
Þú sparar 10.000 kr.
Í BYGGT OG BÚIÐ ER MESTA ÚRVAL LANDSINS AF
ELDHÚSÁHÖLDUM
MARGAR LÍNUR ALGENGRA OG ÓVENJULEGRA ÁHALDA
20% AFSLÁTTUR Á ELDHÚSÁHALDAVEGG!
KIWISKEIÐ
ÞYTHOKKÍ
41% afsláttur
Tilboð 4.999 kr.
Þú sparar 3.500 kr.
SÍTRÓNUPRESSA
AUSUHVÍLA
OSTASKERI
ANANASSKERI
KAFFISKEIÐ MEÐ KLEMMU
BANANASKERI
CLOER KAFFIVÉL
33% afsláttur
Verð áður 12.638 kr.
Tilboð 8.499 kr.
Þú sparar 4.139 kr.
EPLASKERI
PIZZAHNÍFUR
GUFUSUÐUSIGTI
NÝTT KORTATÍMABIL
byggtogbúið
Kringlunni
568 9400
www.byggtogbuid.is
LED VASALJÓS
60% afsláttur
Tilboð 499 kr.
Þú sparar 750 kr.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur


## *Dauðum hrafni veifað*

Félagi minn, sem telur sig allra manna fróðastan um bíla, bauðst fyrir nokkru til að aka fjölskyldubílnum á bílasölu til þess að kanna hvort fyrir hann mætti fá góðan jeppa. Nokkrum mínútum eftir að hann kom á staðinn hringdi bílaáhugamaðurinn og spurði hvort fjölskylda mín gæti hugsað sér að skipta á Volvónum góða og svörtum Range Rover með „milljón á milli“ eins og hann orðaði það.

**ÞEGAR** ég heyrði erindið greip mig tilfinning sem líkast til hefur svipað til þeirrar sem greip prinsessuna sem sá Hans klaufa forðum daga koma ríðandi á geit, sveiflandi dauðum hrafni en þess albúinn að hreppa konunglegt kvonfang og hálft kóngsríkið. Í huganum sá ég mig fyrir mér reyna að leggja Range Rover í stæði í Vesturbænum undir vökulu augnaráði velviljaðra vegfaranda sem myndu hugsa með sér hvernig vesalings konan hefði lent í þessu.

**„HVERSLAGS** fordómar eru þetta“ hugsaði ég því næst og reyndi að hrista úr mér hrollinn. „Þig langar í jeppa, hví getur hann ekki heitið Range Rover?“ Því næst spurði ég holdgerving Hans klaufa. „Hvernig er það? Eru þessir bílar sparneytnir og ódýrir í viðhaldi.“ Við þeirri spurningu fékk ég neikvætt svar. „En fyrst við fáum milljón á milli kemur það kannski út á eitt“ sagði ég en til þess eins að komast að því að það væri ég sem ætti að greiða milljónina á milli.

**ÉG GREIP** fyrir hjartað og hugsaði fallega til alls þess góða fólks sem í gegnum tíðina hefur látið pranga inn á sig undarlegum fararskjótum. Því næst prófaði ég að gúggla orðið Range Rover og sá að næst vinsælasti valmöguleikinn í tengslum við það orð er „for sale“. Þá skoðaði ég innlenda frétt frá 5. janúar í fyrra sem sagði að þrátt fyrir vaxandi efnahagsþrengingar í heiminum væri eftirspurn eftir þessum bílum hér á landi.

**ÞÓ ÉG** vilji vel trúa á hvers konar yfirskilvitleg fyrirbæri þá botna ég ekki í því hvers konar sjáendur við eigum hér á landi. Eftir á að hyggja dundu á okkur hvers kyns illir fyrirboðar komandi hörmunga. Hér varð mikill skjálfti, hér gengu alls konar óargadýr á land og höfnin hér fylltist af bílum eins og híbýli faraós Egyptalands af engisprettum forðum. Hvernig gátu allir þessir illu fyrirboðar farið fram hjá fólki sem á víst að sjá lengra en nef sitt nær.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 18. júní, 169. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.56 | 13.29 | 0.02 |
| Akureyri | 1.33 | 13.13 | 0.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


